FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
6. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 7. JANÚAR 2017



# Heimskulegt að skikka fólk á eftirlaun

**Kári Jónasson,** fyrrverandi frétta- og ritstjóri, hefur starfað í áratug sem leiðsögumaður eftir að eftirlaunaaldri var náð. Hann segir það sóun að nýta ekki krafta eldra fólks. → 26

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



Ekki ósætti í Bjartri framtíð →38



Gullöld á næsta leiti →44



Beygur í heimilisfólki á Kumbaravogi →34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Í dag kólnar aftur í veðri með suðvestanátt á öllu landinu, yfirleitt 8-13 en hvassari á stöku stað. Él um landið vestanvert og samfelldari ofankoma með kvöldinu en úrkomulítið austanlands. SJÁ SÍÐU 56



**Í Varmahlíð.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skeljungur vill í Skagafjörð

**VERSLUN** Skeljungur vill hefja eldsneytissölu í Varmahlíð í Skagafirði. Fyrirtækið vísar í lóðaleigusamning frá 1972 þar sem kveðið var á um rétt til tiltekinnar lóðar eða sambærilega lóð.

Sveitarfélagið segir Skeljung hins vegar ekki lengur með umrædda lóð á leigu. „Árið 2013 var Skeljungur hf., fyrir mistök, aftur krafið um lóðarleigu sem félagið hefur greitt allt til þessa árs,“ segir hins vegar í fundargerð byggðaráðs sem harmar þau mistök og kveðst munu endurgreiða leiguna með vöxtum.

Þá segist byggðarráðið tilbúið til þess að setjast niður með forsvarsmönnum Skeljungs og skoða möguleika á því að útvega Skeljungi lóð undir starfsemi sína í sveitarfélaginu. **- gar**

# Trúnaður um tilboð í virkjun

**ORKUMÁL** Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafnaði í síðasta mánuði tilboði sem barst 2. desember í Hellisheiðarvirkjun.

Eftir að hafa rætt málið samþykkti stjórnin samhljóða að þakka tilboðið en fela Brynhildi Davíðsdóttir stjórnarformanni að upplýsa þann sem vildi kaupa um að engin ákvörðun hafi verið tekin um sölu virkjanasamstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Slíkar ákvarðanir væru ekki á færi stjórnar heldur eigenda fyrirtækisins. Í fundargerð stjórnarinnar kemur fram að farið var með tilboðið sem trúnaðarmál og þar með kemur ekkert fram um hver vildi kaupa Hellisheiðarvirkjun og hvað viðkomandi var reiðubúinn að greiða. **- gar**

## Þrettándinn í Gufunesi



**Fjöldi fólks kom saman í Gufunesi í Grafarvoginum í gær þar sem þrettándagleði var haldin. Þar var farin blysför frá Gufunesbæ og að brennunni og flugeldasýning var svo haldin. Vel viðraði á gesti, hæglætisveður og léttskýjað.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Bjarni hélt á Bessastaði í gær

**STJÓRNMÁL** Rólegt var yfir stjórnarmyndunarviðræðum Viðreisnar, Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar í gær. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, boðaði Bjarna Benediktsson, formann Sjálfstæðisflokks, þó á fund á Bessastöðum til þess að fara yfir stöðuna.

Ríkisútvarpið greindi frá því í gær að Guðni hafi sagt samtal þeirra Bjarna gott. Engar tímasetningar hafi verið ræddar um hvenær ný ríkisstjórn verði kynnt til sögunnar. Samkvæmt heimildum fréttastofu er hins vegar gert ráð fyrir að það verði gert eftir helgi. Forystumenn flokkanna þriggja leggi nú lokahönd á stjórnarsáttmála.

Enginn formlegur fundur í viðræðunum fór fram í gær en þingflokkar Viðreisnar og Bjartrar framtíðar funduðu hvor í sínu lagi til þess að fara yfir stöðuna. Þingflokkur Sjálfstæðisflokks ætlar hins vegar að funda í dag. **- þea**

# Segir óhlýðni hjónanna hafa torveldað leitina

**Einn eigenda Mountaineers of Iceland segir ferðamennina sem týndust hafa gert allt rangt. Þau hafi ekki fylgt fyrirmælum. Ýmislegt í frásögn þeirra í viðtali við RÚV sé fært í stílinn eða beinlínis rangt. Ljósleysi hafi valdið vandræðum.**

**BJÖRGUN** „Það er ýmislegt fært í stílinn hjá þeim og sumt sem er alls ekki rétt farið með,“ segir Herbert Hauksson, vettvangsstjóri og einn eigenda Mountaineers of Iceland, um frásögn Wilson-hjónanna í kvöldfréttum Ríkissjónvarpsins í gær. Hjónin urðu viðskila við hóp sinn í vélsleðaferð á vegum Mountaineers við Langjökul á fimmtudag. Ferðin var farin þrátt fyrir stormviðvörun en leiðsögumenn mátu veðrið ekki til fyrirstöðu.

Veður segir Herbert að hafi verið ágætt þar til komið var að tíu mínútna ljósmyndastoppi kílómetra norðan við Skálpanesskála. Þá hafi skollið á óveður og því ekki farið upp á jökulinn.

„Síðan gerist það þegar veðrið skellur á að Wilson-hjónin verða viðskila við hópinn. Það er vegna þess að hann rekur sig í neyðarádreparann á sleðanum. Hann virðist ekki átta sig á því hvað hefur gerst. Það tekur hann um það bil hálftíma að finna út úr því að hann hafi rekið sig í takkann,“ segir Herbert.

Í millitíðinni hafi leiðsögumennirnir áttað sig á því að einn sleðann vantaði í hópinn. Þá hafi verið hringt á Neyðarlínuna og björgunarsveitina á Flúðum og beðið um aðstoð. Jafnframt hafi tíu vanir leiðsögumenn Mountaineers, auk þriggja frá samkeppnisaðila, hafið leit.

Herbert lýsir því að ökumaðurinn, David Wilson, hafi komist að því hvernig ætti að koma sleðanum í gang eftir hálftíma. „Þvert á reglurnar, sem hann viðurkenndi að honum hefðu verið kynntar í upphafi ferðar, byrjar hann að keyra. Án þess að vera með nokkuð staðsetningartæki. Hann keyrir kílómetraleið og lendir ofan í kvos. Þar lendir hann á svellbunka þannig að sleðinn missir grip og festist þar. Það dugar til þess að við getum ekki fundið hann þar sem hann er kominn langt út fyrir leiðina.“



**Aðstæður við leitina voru erfiðar. Einkum vegna dimmu.** MYND/KRISTINN ÓLAFSSON

> Þau fóru að reyna að finna sína eigin leið sem var algjörlega dauðadæmt frá upphafi.
>
> Herbert Hauksson, eigandi Mountaineers of Iceland

„Það var annað sem olli okkur verulegum vandræðum. Það er að þau drepa á sleðanum til þess að spara rafmagn. Þau drepa á honum um sexleytið og setja hann ekki í gang fyrr en átta um kvöldið,“ segir Herbert. Þar af leiðir hafi leitarmenn ekki séð ljós á sleðanum. Herbert segir að líklegast hefðu ljósin sést ef kveikt hefði verið á þeim.

„Þannig að hann eiginlega eyðileggur gífurlega mikið fyrir sjálfum sér.“

Wilson-hjónin sögðust í gær vilja að fyrirtækinu yrði lokað. Herbert segist skilja reiði þeirra, enda ekkert grín að þurfa að bíða í langan tíma í kuldanum.

„Auðvitað verður maður reiður að þurfa að bíða svona lengi. En ég er líka verulega reiður á hinum endanum með að þau skuli ekki hafa farið eftir fyrirmælum. Þau fóru að reyna að finna sína eigin leið sem var algjörlega dauðadæmt frá upphafi.“ **thorgnyr@frettabladid.is**



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR




# SÚPER ÚTSALAN ER HAFIN

## FJÖLDI VÖRUFLOKKA OG MÖRG ÞÚSUND VÖRUR Á SÚPER AFSLÆTTI

FLÍSAR 30-60% • BRAUÐRISTAR, KAFFIVÉLAR & HANDÞEYTARAR (ELECTROLUX) 30%
RYKSUGUR 20-30% • BLANDARAR 25-45% • PARKET 30% • LJÓS 30-50%
BLÖNDUNARTÆKI (DAMIXA) 25% • RAFMAGNSVERKFÆRI 20-40%
HANDVERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 30-40% • HÁÞRÝSTIDÆLUR 30%
MÁLNING 25% • ÁLTRÖPPUR OG STIGAR 25% • VINNUSKÓR 25-40%
HNÍFAPÖR, MATARSTELL & GLÖS 25% • POTTAR, PÖNNUR & BÖKUNARVARA 30%
PLASTKASSAR 25-50% • ÚTIVISTARFATNAÐUR (TRUE NORTH) 30% • JÓLAVÖRUR 50-70%
GJAFAVARA 25-50% • KERTI & GERVIBLÓM 30% • POTTAPLÖNTUR 30-50%
INNIHURÐIR 20-40% ...OG ÓTAL MARGT FLEIRA!

Afslættir á útsölu gilda ekki af vörum merktum „lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" og tilboðsvörum - Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

Byggjum á betra verði
Vefverslun husa.is

**TÖLUR VIKUNNAR** 01.01.2017 TIL 06.01.2017



**105**

nýjar hleðslustöðvar fyrir rafbíla verða byggðar á næstu þremur árum, gangi áætlanir eftir.




**70-80%**

af þeim 40 tonnum sem seld eru af íslensku neftóbaki fara í munn ungra karlmanna.

**37%**

aukning varð á sölu kampavíns á milli áranna 2015 og 2016 sé mið tekið af sölutölum ÁTVR.



**552**



þúsund lítrar af jólabjór höfðu selst rétt fyrir jól í verslunum ÁTVR.

**4.**




mesta amfetamínborg Evrópu – er stimpill sem Reykjavík þarf að bera.



**100**

þúsund Íslendingar þyrftu að vera á skrá yfir líffæragjafa, ef vel ætti að vera. Þeir eru 25.000 í dag.




**1.**

barn ársins 2017 var fætt af fyrsta barni ársins 1980.

## Þrjú í fréttum
## Úr gríni í skóla, skátahöfðingi í bobba



**Jón Gnarr**
*leikari*

Jón Gnarr leikstýrði Áramótaskaupinu á gamlárskvöld og fagnaði fimmtugsafmæli sínu 2. janúar. Síðan var för Jóns heitið til Texas þar sem hann mun kenna handritsgerð við háskólann í Houston. Jón starfaði einmitt við skólann fyrir tveimur árum og kvað sér hafa líkað það vel.



**Theódóra Bragadóttir**
*Systir árásarmanns*

Theódóra Bragadóttir steig fram í vikunni ásamt systur sinni og lýsti aðstæðum bróður þeirra sem situr í gæsluvarðhaldi eftir hrottalega líkamsárás á nýársnótt. Systurnar sögðu heilbrigðiskerfið hafa brugðist bróður þeirra sem glími við geðræn vandamál sökum langvarandi fíkniefnaneyslu. Sérstaklega nefndu þær erfið samskipti við geðdeild Landspítala Íslands.



**Bragi Björnsson**
*skátahöfðingi*

Mikil ólga er innan skátahreyfingarinnar vegna ágreinings um störf Braga Björnssonar skátahöfðingja og Friðar Finnu Sigurðardóttur varaskátahöfðingja. Meðal annars skoruðu 45 gestir á opnum fundi á þau tvö að segja af sér í kjölfar vantraustsyfirlýsingar frá forvera Braga á stóli skátahöfðingja. Braga er meðal annars borið á brýn að hafa beitt sér með óeðlilegum hætti í eineltismáli sem tengist bróður hans.

# Tekjutap vegna skattaskjóla hleypur á milljörðum króna

**Árlegt skattatap hins opinbera vegna aflandsfélaga er metið á milli 4,6 og 15,5 milljarðar króna. Landsbankinn í Lúxemborg sá um stofnun meirihluta félaganna. Hlutdeild aflandsfélaga í úrvalsvísitölunni árið 2007 var 56 prósent. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um aflandsfélög sem fjármálaráðuneytið birti í gær.**

**STJÓRNMÁL** Mögulegt tap ríkisins vegna skattaundanskota gæti numið allt frá 2,8 til 6,5 milljarða króna samkvæmt útreikningum starfshóps sem vann að skýrslu um aflandseignir Íslendinga og tekjutap hins opinbera. Skýrslan var birt í gær. Miðgildi mögulegs tekjutaps var reiknað 4,6 milljarðar og var miðað við gildandi lög um fjármagnstekjuskatt.

Hópurinn beitti einnig fimm öðrum aðferðum til þess að reikna tapið út og meta þær árlegt tap allt frá 4,9 til 15,5 milljarðar. „Um þrjár ólíkar gerðir mats er að ræða og því ekki við hæfi að gefa eina tölu sem líklegustu niðurstöðuna," segir í skýrslunni.

Aðferðirnar sem um ræðir eru aðferðir kenndar við Zucman, Henry og Oxfam auk danskrar og sænskrar útfærslu á matsaðferð Zucmans. Aðferðirnar eru útskýrðar með þeim hætti að niðurstöður Henrys og Oxfam lúti að þeim fjármunum „sem stjórnvöld kynnu að geta tekið til sín á alþjóðavísu ef unnt reyndist með samstilltum alþjóðlegum aðgerðum að skattleggja allt aflandsfé í heiminum", þó á mismunandi hátt. Tölur Zucmans „byggja á álíka forsendum innbyrðis og gera ráð fyrir því að einnig mætti takast að koma böndum á skattasniðgöngu alþjóðlegra stórfyrirtækja".

Þá er einnig tekið fram í skýrslunni að eignir metnar á um 350 til 810 milljarða króna hafi safnast saman á aflandssvæðum frá árinu 1990. Líklegasta talan á því bili er reiknuð 580 milljarðar króna. Þar af hafa 150 milljarðar safnast upp við milliverðlagningu, 230 með eignastýringu í Lúxemborg og 200 með óskráðum fjármagnstilfærslum.

Sagt er frá því í skýrslunni að fjöldi aflandsfélaga í eigu Íslendinga hafi fertugfaldast frá 1999 og fram að hruni. Þá hafi eignir í stýringu íslensku bankanna í Lúxemborg 46-faldast á sama tímabili. Sá banki sem var milliliður við stofnun flestra aflandsfélaga var Landsbankinn í Lúxemborg. Þau félög voru 298 eða nærri 51 prósent af heildinni. Milliliður á vegum Kaupþings, KV Associates, sá um stofnun 176 félaga, eða þrjátíu prósenta. Novator og Arena Wealth Management sáu svo um rúm átta prósent til viðbótar.

**thorgnyr@frettabladid.is**

**46**
-földun varð á fjölgun eigna í stýringu íslensku bankanna í Lúxemborg frá 1999 og fram að hruni

**40**
-földun varð á fjölgun aflandsfélaga í eigu Íslendinga frá 1999 og fram að hruni

**4,6**
milljarðar er miðgildi útreikninga um árlegt tekjutap hins opinbera vegna eigna á aflandssvæðum

**580**
milljarðar króna er talið virði eigna á aflandssvæðum



### Mat á eignastöðu á lágskattasvæðum 2015 (ma. kr.)

| Uppruni/matsaðferð | Miðgildi mats |
|---|---|
| Milliverðlagning 1990-2014 | 150 |
| Eignastýring í Lúxemborg 2007/2015 | 230 |
| Óskráðar fjármagnstilfærslur | 200 |
| **Samtals** | **580** |

### Mat á árlegu skattatapi hins opinbera (ma. kr.)

| Uppruni/ matsaðferð | Hlutfallað fyrir Ísland (á ári) | Hlutfall af matsstofni (%) |
|---|---|---|
| Zucman | 14,5 | 2,5 |
| Danmörk (aðferð Zucmans) | 15,5 | 2,67 |
| Svíþjóð (aðferð Zucmans) | 10,8 | 1,88 |
| Henry | 5,2 | 0,9 |
| Oxfam (aðferð Henrys) | 4,9 | 0,84 |
| Íslenskur fjármagnstekjuskattur 2015 | 4,6 | 0,8 |
| **Líklegt bil** | **4,6-15,5** | **0,8-2,67** |

### Milliliðir við stofnun aflandsfélaga

| Milliliður skipting | Fjöldi | Hlutfallsleg |
|---|---|---|
| Landsbanki Lux SA | 298 | 50,9 |
| KV Associates SA | 176 | 30,1 |
| Nordea Bank SA | 36 6,2 | |
| Novator Lux SARL | 26 | 4,4 |
| Arena Wealth Management SA | 22 | 3,8 |
| Aðrir | 27 | 4,6 |
| **Samtals** | **585** | **100** |

# 391 fær starfslaun listamanna

**MENNING** Tilkynnt var um hvaða listamenn fá starfslaun listamanna fyrir árið 2017 í gær. Alls varð 391 listamaður fyrir valinu en umsækjendur voru 1.606. Þá eru 1.600 mánuðir til úthlutunar en sótt var um 9.506 mánuði.

Einn hönnuður fær greidda sex mánuði, Aníta Hirlekar, en aðrir fá minna. Þá fær einn myndlistarmaður 24 mánuði, Egill Sæbjörnsson, en aðrir minna. Á meðal þeirra myndlistarmanna sem fá tólf mánuði eru Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Eva Ísleifsdóttir og Hrafnhildur Arnardóttir.

Sextán rithöfundar fá tólf mánuði en engin listgrein fær fleiri mánuði, alls 555 talsins. Á meðal þeirra sem fá tólf mánuði eru Auður Jónsdóttir, Gerður Kristný Guðjónsdóttir, Jón Kalman Stefánsson og Sjón.

Þá fær sviðslistahópurinn Elefant nítján mánuði og Aldrei ósteland fær sautján mánuði.

Þrír tónlistarflytjendur fá tólf mánuði, þau Gunnsteinn Ólafsson, Tinna Thorlacius Þorsteinsdóttir og Valgerður Guðrún Guðnadóttir. Fjögur tónskáld fá hins vegar tólf mánuði. Það eru Anna Þorvaldsdóttir, Bubbi Morthens, Bára Grímsdóttir og Þuríður Jónsdóttir. **– þea**



**Bubbi Morthens fær tólf mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Aníta Hirlekar fær sex mánuði.**



**Auður Jónsdóttir fær tólf mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**Jón Kalman Stefánsson fær tólf mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**Bára Grímsdóttir fær tólf mánuði.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# STÓRSÝNING
# TOYOTA

*Í DAG OG Á MORGUN FRUMSÝNUM VIÐ TOYOTA C-HR*
*kl. 12–16 hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota á Íslandi*




TOYOTA
C-HR

*Í FULLKOMNU FLÆÐI*

***Verð frá: 3.940.000 kr.***

*Hjá Toyota Reykjanesbæ og Toyota Selfossi er aðeins opið á laugardag*

Komdu og finndu af eigin raun hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið og skoðaðu um leið alla glæsilegu Toyota-fjölskylduna.

5
3+2 ÁBYRGÐ

FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

# HANDKLÆÐAOFNAR

**Hvítir og króm, beinir og bognir, margar stærðir!**



**Verðdæmi:**

Beinn hvítur
50x80cm kr. **7.890**

Boginn hvítur
60x120cm kr. **10.890**

Beinnn króm
50x120cm kr. **16.890**

Boginn króm
50x80cm kr. **12.890**

Meiri gæði · Lægra verð · MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Kletthálsi 7, Reykjavík**
**Fuglavík 18, Reykjanesbæ**



HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

# Styrkir

**til náms í hafrétti**

Hafréttarstofnun Íslands er rannsókna- og fræðslustofnun á sviði hafréttar við Háskóla Íslands og er meginmarkmið stofnunarinnar að treysta þekkingu á réttarreglum á sviði hafréttar. Að stofnuninni standa Háskóli Íslands, utanríkisráðuneytið og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Hafréttarstofnun auglýsir hér með eftirfarandi styrki til náms í hafrétti til umsóknar:

1. Styrk til framhaldsnáms í hafrétti á háskólaárinu 2017 - 2018.
2. Styrki til þátttöku í sumarnámskeiði Ródos-akademíunnar í hafrétti 2.- 21. júlí 2017.

Umsóknir sendist Tómasi H. Heiðar, forstöðumanni stofnunarinnar, með tölvupósti, **tomas.heidar2016@gmail.com**, fyrir **27. janúar 2017.**



Reykjavíkurborg
Menningar- og ferðamálasvið

**Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2017**

Reykjavíkurborg auglýsir hér með eftir óprentuðu handriti að ljóðabók, frumsömdu á íslensku, til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar sem verða til úthlutunar á síðari hluta árs 2017. Verðlaun að upphæð 700 þúsund krónur verða veitt fyrir eitt handrit. Þriggja manna dómnefnd metur verkin; Úlfhildur Dagsdóttir formaður og Illugi Gunnarsson tilnefnd af menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Þórarinn Eldjárn tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands.

Útgáfuréttur verðlaunahandrits er í höndum höfundar eða þess forlags sem hann ákveður. Sé dómnefnd á einu máli um að ekkert þeirra verka sem borist hafa fullnægi þeim kröfum sem hún telur að gera verði til verðlaunaverka, má fella verðlaunaafhendingu niður það ár. Handritum sem keppa til verðlaunanna þarf að skila merktum dulnefni, en nafn og heimilisfang fylgi með í lokuðu umslagi.
**Handrit berist í síðasta lagi 1. júní 2017**
***Utanáskrift:*** Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar
b.t. Signýjar Pálsdóttur, skrifstofustjóra menningarmála, Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík.

Eyrún Ósk Jónsdóttir hlaut bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2016. Aðrir sem áttu handrit í keppninni eru beðnir að vitja þeirra á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar sem fyrst eða fyrir **1. febrúar 2017.** Einnig er unnt að fá handrit send í póstkröfu. Gefa þarf upp dulnefni. Aðeins var opnað umslag með nafni vinningshafa.


## Vitringarnir þrír í Prag



**Að venju var efnt til skrúðgöngu í Prag í gær í tilefni af þrettándanum. Þar klæddu menn sig upp eins og þrír vitringar eða konungar og riðu á úlföldum yfir Karlsbrúna.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Öskumökkur í Evrópu nær alltaf íslenskur

**Evrópsk rannsókn á ummerkjum eftir eldgos, sýnir að öskulög eiga nær öll uppruna sinn á Íslandi. Vænta má slíkra sendinga frá Íslandi með 44 ára millibili – mun tíðar en áður var talið. Askan frá Eyjafjallajökli er ástæða rannsóknarinnar.**

**NÁTTÚRA** Tíðar má vænta öskuskýja frá eldsumbrotum yfir Norður-Evrópu, jafnvel með tilheyrandi truflun á flugumferð, en áður var talið. Ný rannsókn, byggð á rannsóknum á allt að sjö þúsund ára gömlum ummerkjum eldgosa, sýnir að slíkra atburða megi vænta á 44 ára fresti að meðaltali. Rannsóknin sýnir jafnframt að sökudólgurinn fyrir slíkum eiturspýjum yfir norðurhluta álfunnar er jafnan Ísland – með fáeinum undantekningum í sögunni.

Það er teymi vísindamanna við háskólann í Leeds sem hefur birt niðurstöður sínar í virtu tímariti. Þrátt fyrir að vísindamennirnir hafi rannsakað öskulög eldgosa svo gamalla sem sjö þúsund ára, eru helstu niðurstöður þeirra dregnar af ummerkjum sem eru þúsund ára og yngri. Ástæða rannsóknarinnar er þá aftur eldgosið í Eyjafjallajökli og þau miklu áhrif sem það hafði á flugumferð í Evrópu.

Niðurstöður þeirra hvað uppruna öskunnar, eða gjóskunnar, varðar eru afdráttarlausar. Öskulögin voru það greinileg í mörgum tilfellum að auðvelt reyndist að máta þau við söguleg gögn. Alls fundust greinileg merki um 84 skipti þar sem öskuský breiddust yfir Norður-Evrópu – reyndust þau nær undantekningarlaust vera frá Íslandi en eldgos í Alaska og Rússlandi komu einnig við sögu. Þegar aðeins nýrri gögn voru rýnd eru töluverðar líkur á því að slíkra aðstæðna sé að vænta á hverjum áratug.

Þessi gögn eru fyrst og síðast talin gagnast fyrirtækjum í flugrekstri og hjálpi til við áætlanagerð og fjárfestingar. Eins gagnast þau tryggingafélögum og almenningi.

Gagnabankinn sem þegar var fyrir hendi var nokkuð yfirgripsmikill, en vísindamennirnir vildu kanna hversu margar eyður væri að finna og hvort ekki mætti fá fyllri mynd af þessum atburðum. Því var ferðast til nokkurra landa, þeirra á meðal Englands, Wales, Svíþjóðar og Póllands – þar sem borkjarna var aflað, bæði á landi og ekki síður var borað niður um botn stöðuvatna. Alls staðar sem bor bar niður fundust ummerki þessara eldsumbrota sem senda mökk sinn svo hátt í lofthjúpinn að hann berst með vindum svo víða sem raun ber vitni.

**svavar@frettabladid.is**




# STÓRSÝNING UM HELGINA

## OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16 OG SUNNUDAG FRÁ 13–16







# LÆKKAÐ VERÐ Á ÖLLUM NÝJUM HYUNDAI BÍLUM OG FJÖLDI JANÚARTILBOÐA!




## ÁBYRGÐARSKOÐUN INNIFALIN Í 3 ÁR!

### ÞRIGGJA ÁRA REGLUBUNDNAR ÁBYRGÐARSKOÐANIR FYLGJA ÖLLUM NÝJUM HYUNDAI Í JANÚAR*

Þeir sem kaupa nýjan bíl í janúar fá þriggja ára þjónustukaupauka. Með kaupaukanum geta viðskiptavinir janúarmánaðar notið þess að koma með bílinn í árlegar áskildar skoðanir sem viðhalda ábyrgð bílsins án þess að greiða neitt aukalega. Ávinningurinn er verulegur því reglubundnar ábyrgðarskoðanir í þrjú ár kosta á bilinu 120.000 – 200.000 kr.

ÁBYRGÐARSKOÐANIR - OLÍUSKIPTI - OLÍUSÍUR - LOFTSÍUR

ENNEMM / SÍA / NM79372

## 100.000 kr. GJAFAKORT

FYLGIR NÝJUM BÍL Í JANÚAR*




**Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá HYUNDAI í janúar fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka.** Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.

## JANÚARHAPPDRÆTTI

Allir viðskiptavinir HYUNDAI sem kaupa nýjan bíl í janúar verða sjálfkrafa þátttakendur í janúarhappdrætti okkar. Í lok janúar verða dregnir út glæsilegir happdrættisvinningar frá ELKO að verðmæti samtals 1.500.000 kr.

VINNINGAR:

- **2x Samsung 65'' snjallsjónvarp**
- **2x iPhone 7 Plus**
- **4x Bose SoundLink mini II hátalarar**
- **4x Garmin Edge 520 með púlsmæli og hraðamæli**
- **4x Garmin Vivosmart heilsuúr**




*Janúartilboðin gilda ekki með öðrum afsláttum eða tilboðum. Gjafakort við kaup á Hyundai i10 er 50.000 kr.

**HYUNDAI** / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / 575 1200 / www.hyundai.is

HYUNDAI

# Knatthús við Egilshöll

**BORGARMÁL** Nýtt 3.000 fermetra alhliða íþróttahús verður reist við Egilshöll og tekið í notkun í byrjun næsta árs. Skrifað var undir samkomulag um uppbygginguna, framkvæmd og rekstur hússins á fimmtudag.

Húsið sem er fyrst og fremst hugsað fyrir handknattleik og körfuknattleik auk annarra íþróttagreina verður eign fyrirtækisins Regins og byggt og rekið á vegum félagsins. Reykjavíkurborg leigir tíma í hinu nýja húsi fyrir íþróttastarf Fjölnis.

Fjölnir og Reginn gerðu einnig með sér samkomulag um samstarf um rekstur þessa nýja mannvirkis auk annarra rekstrareininga í Egilshöll, en fyrir eru eldri samningar um knatthús, fimleikahús auk annarrar íþrótta- og félagsaðstöðu. – shá



Egilshöll


SEÐLABANKI ÍSLANDS

auglýsir eftir umsóknum
um styrk tengdan nafni Jóhannesar Nordals

Auglýst er eftir umsóknum um styrk sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals og veittur er af Seðlabanka Íslands.

Tilgangur styrksins, sem veittur er árlega, er að styðja framtak sem miðar að því að varðveita menningarverðmæti sem núverandi kynslóð hefur fengið í arf.

Styrkfjárhæðin nemur þremur milljónum króna og verður úthlutað í apríl eða maí 2017. Hugsanlegt er að skipta fjárhæðinni á milli tveggja eða fleiri umsækjenda.

Umsóknir skulu sendar skrifstofu bankastjóra Seðlabanka Íslands eigi síðar en 28. febrúar 2017. Úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu bankans og í afgreiðslu hans á Kalkofnsvegi 1.

Nánari upplýsingar veitir Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri á skrifstofu seðlabankastjóra.

Seðlabanki Íslands · Kalkofnsvegi 1 · 150 Reykjavík · Sími: 569 9600


# Segjast geta nafngreint rússnesku njósnarana

**Yfirmenn bandarískra leyniþjónustustofnana uppfræða Donald Trump um tölvuinnbrot Rússa. Sjálfur segist Trump vera mikill aðdáandi leyniþjónustunnar. Joe Biden varaforseti segir að Trump verði að drífa sig í að fullorðnast.**

**BANDARÍKIN** Bandaríska leyniþjónustan segist geta nafngreint rússneska einstaklinga sem hafi staðið á bak við innbrot í tölvukerfi Demókrata fyrir forsetakosningarnar í nóvember.

Til stóð að Donald Trump fengi ítarlegar upplýsingar um þetta frá leyniþjónustunni, til að byrja með í trúnaði, en á mánudaginn verður birt opinberlega skýrsla bandarísku leyniþjónustunnar um málið.

Donald Trump hefur hingað til efast um að Rússar hafi komið nálægt lekanum, og virðist frekar hafa lagt trúnað á rússnesk en bandarísk stjórnvöld.

Þá hefur Julian Assange, stofnandi uppljóstrunarvefsins Wikileaks, fullyrt að lekinn hafi ekki borist frá rússneskum stjórnvöldum.

Yfirmenn bandarísku leyniþjónustunnar hafa hins vegar svarað Trump fullum hálsi og gagnrýna hann fyrir að draga trúverðugleika þeirra í efa: „Það er munur á að efast og að níða skóinn niður af fólki,“ sagði James Clapper, yfirmaður bandarísku leyniþjónustustofnananna, í yfirheyrslu hjá hermálanefnd Bandaríkjaþings á fimmtudag.

Þá segir Joe Biden, sem enn er varaforseti Bandaríkjanna, það fyrir neðan allar hellur að verðandi forseti skuli ekki hafa fulla trú á leyniþjónustunni.

Þá sagði Biden tíma kominn til þess að Trump fari að fullorðnast, enda fari Bandaríkjaþing brátt að grandskoða þau mál sem hann vill hrinda í framkvæmd: Sjálfur ber Trump það til baka á Twitter-síðu sinni að hann treysti ekki leyniþjónustunni eða sé sammála Julian Assange: „Ég segi bara það sem hann segir, svo þarf fólk sjálft að taka afstöðu til þess hver sannleikurinn er. Fjölmiðlarnir ljúga til að láta líta svo út að ég sé á móti leyniþjónustunni þegar staðreyndin er sú að ég er mikill aðdáandi.“

gudsteinn@frettabladid.is



Yfirmenn bandarískra leyniþjónustustofnana á fundi þingnefndar á fimmtudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




ÚTSALA & ÖNNUR GÓÐ TILBOÐ



LÍTILSHÁTTAR ÚTLITSGALLAÐAR

**50% AFSLÁTTUR**

FULLT VERÐ: 2.995

# 1.495

**FIBERWSÆNGUR**
Lítilsháttar útlitsgallaðar sængur á frábæru verði! Stærðir: 140 x 200 sm., 140 x 220 sm., 150 x 200 sm. og 150 x 210 sm. Allar stærðir á sama verði! Vnr. 910520



**PLASTKASSAR 20-30% AFSLÁTTUR**
GILDIR 07.01 - 08.01

# ÚTSALAN
## ER BYRJUÐ!




ÁFÖST YFIRDÝNA

FÆTUR OG BOTN FYLGJA

**50% AFSLÁTTUR**

NÚ VERÐ FRÁ:

# 39.950

**MEMORY** FOAM

90 x 200 sm. **79.950** nú 39.950
120 x 200 sm. **99.950** nú 49.950

**ROYAL DREAM DÝNA**
Góð, miðlungsstíf dýna með 3 þægindasvæðum og 240 pokagormum pr. m2. 9 sm. yfirdýna með 5 sm. MEMORY FOAM svampi í efsta lagi.
Vnr. 8880000703, 8880000700



**PÚÐAR ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR**

NÚ VERÐ FRÁ:

# 399

**PÚÐAR Í MIKLU ÚRVALI**
550-32043, 550-32045, 550-32051, 550-30214, 550-32044, 6801700, 6811501, 518-16-1004, 518-16-1005, 518-16-1006, 550-32041, 518-16-1024, 1005-15-1100



**VALIN HANDKLÆÐI Á ALLT AÐ 50% AFSLÆTTI**

NÚ VERÐ FRÁ:

# 99

**LAGERHREINSUN Á VÖLDUM HANDKLÆÐUM**
Valin handklæði á frábærum afslætti! Vnr. 2130942, 2123700, 2134800



**VALDAR FERÐATÖSKUR 40-60% AFSLÁTTUR**

NÚ VERÐ FRÁ:

# 2.998

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR 07.01 - 18.01**
NEMA AF PLASTKÖSSUM - GILDIR 07.01 - 08.01

# JAFNLAUNAVOTTUN – TÆKIFÆRI EÐA KVÖÐ?

**Félag atvinnurekenda efnir til morgunverðarfundar um jafnlaunavottun í fyrirtækjum kl. 8.30 til 10 þriðjudaginn 10. janúar næstkomandi. Þar verður leitast við að svara algengum spurningum um jafnlaunavottun eins og þessum:**

– Hvað felst í jafnlaunavottun?
– Hvað þurfa fyrirtæki að gera til að fá vottunina?
– Er ferlið tímafrekt?
– Hvað kostar að fá jafnlaunavottun?
– Hvað græða fyrirtæki á jafnlaunavottun?

**Dagskrá:**

**Ólafía B. Rafnsdóttir,** formaður VR: Áfangasigrar

**Einar Mar Þórðarson,** sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu: Jafnlaunastaðall – tækifæri eða kvöð?

**Anna Kristín Kristjánsdóttir,** ráðgjafi hjá Hvíta húsinu og stjórnarmaður í FA: Jess við erum jöfn! – reynslusaga Hvíta hússins

**Fundarstjóri er Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA.**






Fundurinn verður haldinn í húsakynnum Félags atvinnurekenda á 9. hæð í Húsi verslunarinnar. Léttur morgunverður er í boði á fundinum. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill á meðan húsrúm leyfir. **Skráning á vef FA, www.atvinnurekendur.is**

FÉLAG ATVINNUREKENDA


## Leiðtoginn hylltur



**Á þessari mynd sem KCNA, ríkisfjölmiðill Norður-Kóreu, birti í gær má sjá þúsundir hylla Kim Jong-un, leiðtoga landsins. Athöfnin fór fram á Kim Il-sung-torgi höfuðborgarinnar Pjongjang. KCNA greinir frá því að mannfjöldinn hafi hrópað slagorð kommúnista og heitið leiðtoganum stuðningi. Kim kynnti í nýársávarpi sínu um áramótin áform um að prófa eldflaug sem gæti náð til meginlands Bandaríkjanna ef viljinn væri fyrir hendi.** NORDICPHOTOS/AFP





**Á vef Reykjavíkurborgar undir „mínar síður“ geta fasteignaeigendur:**

- skoðað álagningarseðil fasteignagjalda (eftir 30. janúar 2017) og alla breytingarseðla þar á eftir
- skráð sig í boðgreiðslu fasteignagjalda
- gefið upp reikningsnúmer ef til endurgreiðslu kemur
- óskað eftir að fá senda greiðsluseðla fyrir fasteignagjöldum þar sem þeir verða, líkt og áður, ekki sendir út til greiðenda, 18-74 ára
- sent inn erindi vegna fasteignagjalda

Fasteignagjöld ársins 2017, yfir 25.000 kr., greiðast með níu jöfnum greiðslum á gjalddögum 1. febrúar, 4. mars, 2. apríl, 2. maí, 3. júní, 2. júlí, 2. ágúst, 2. september og 2. október. Gjalddagi fasteignagjalda undir 25.000 kr. er 1. febrúar.

Fasteignagjöld í Reykjavík verða innheimt í netbönkum. Fasteignaeigendum er jafnframt bent á boðgreiðslur af greiðslukortum og á beingreiðslur hjá öllum bankastofnunum.

Nánari upplýsingar og aðstoð má fá með því að senda fyrirspurn á netfangið upplysingar@reykjavik.is eða í síma 411 1111.

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is




**Skuldabréfið er til þriggja ára sem er í samræmi við þann tímaramma sem Kaupþing hefur til að selja hlut sinn í Arion banka.**

# Vaxtagreiðsla væntanleg

## Greiðsla af 84 milljarða skuldabréfi á gjalddaga í janúar. Kaupþing þarf að greiða með peningum sem falla til við sölu á hlut félagsins í Arion banka.

Kaupþing eignarhaldsfélag þarf að inna af hendi vaxtagreiðslu upp á rúmlega 4,6 milljarða króna til íslenska ríkisins síðar í þessum mánuði. Greiðslan kemur til vegna 84 milljarða króna veðskuldabréfs sem Kaupþing gaf út til stjórnvalda í ársbyrjun 2016 sem hluta af stöðugleikaframlagi gamla bankans. Skuldabréfið ber 5,5 prósenta vexti á ári og er Kaupþingi aðeins heimilt að greiða inn á bréfið með fjármunum sem falla til við sölu á 87 prósenta hlut félagsins í Arion banka.

Fram til þessa hefur Kaupþing enn ekki selt neitt af hlut sínum í bankanum og þarf því að greiða vexti af öllum höfuðstól skuldabréfsins. Þá getur Kaupþing sömuleiðis ekki greitt sér út arð úr Arion banka og nýtt þá fjármuni til að borga inn á bréfið. Þannig kemur fram í skýringarriti sem lagt var fyrir kröfuhafafund Kaupþings 13. nóvember 2015, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, að allar arðgreiðslur Arion banka til Kaupþings fram að sölu á bankanum skuli framseldar, á grundvelli svonefnds fjársópsákvæðis, án endurgjalds til íslenskra stjórnvalda. Það ákvæði skýrir af hverju enginn arður var greiddur út til hluthafa Arion banka á þessu ári þrátt fyrir að bankinn hafi skilað sögulegum 50 milljarða hagnaði á árinu 2015.

Stjórnendur Kaupþings vinna nú að því losa um hlut félagsins í Arion banka með því að halda almennt hlutafjárútboð og skrá bankann í bæði Kauphöll Íslands og í Kauphöllina í Svíþjóð á fyrri árshelmingi þessa árs. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hversu stór hlutur verður seldur í útboðinu. Miðað við bókfært eigið fé Arion banka í dag er 87 prósenta hlutur Kaupþings metinn á um 180 milljarða króna. Vegna afkomuskiptasamnings sem stjórnvöld gerðu við kröfuhafa slitabúsins þá mun hins vegar mikill meirihluti söluandvirðis Arion banka falla í skaut ríkisins. **hordur@frettabladid.is**



13. JANÚAR 2017 - GRAND HOTEL

# HINN GULLNI MEÐALVEGUR

**Börn, unglingar og samfélagsmiðlar**

**Árleg ráðstefna Barna- og unglingageðdeildar LSH**

## D A G S K R Á R Á Ð S T E F N U

**Fundarstjóri:** Valgerður H. Jensen, hjúkrunarfræðingur

**08:00 - 8:30**
Skráning og afhending ráðstefnugagna

**08:30 - 08:40**
Ráðstefna sett
Linda Kristmundsdóttir, framkvæmdastjóri kvenna- og barnasviðs

**08:45 - 09:15**
Undir oki upplýsinga(r)
Kjartan Ólafsson, lektor og deildarformaður félagsvísinda- og lagadeildar við Háskólann á Akureyri

**09:20 - 10:20**
Teen Issues and Social Media: Which came first: the issues or the Apps?
Gwenn S. O'Keeffe, MD, CEO and Chief Editor, Pediatrics Now

**10:20 - 10:35**
Kaffihlé

**10:35 - 12:00**
Teen Issues and Social Media: Which came first: the issues or the Apps?
Gwenn S. O'Keeffe, MD, CEO and Chief Editor, Pediatrics Now

**12:00 - 13:00**
Hádegisverðarhlaðborð

**13:00 -13:20**
Kvíði – svefn og samfélagsmiðlar
Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor við Háskólann í Reykjavík og Columbia háskóla í New York og Ingibjörg Eva Þórisdóttir, doktorsnemi við Háskólann í Reykjavík og sérfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu

**13:25 - 13:55**
Rafrænt skjáheilkenni (Electronic screen syndrome) - staðreynd eða mýta?
Björn Hjálmarsson, barnalæknir og MA í heilbrigðis- og lífsiðfræði

**14.00-14.30**
Ofnotkun netsins
Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur

**14.30-14.45**
Kaffihlé

**14:45 - 15:15**
Bara 1 like í viðbót
Óli Örn Atlason, uppeldis- og menntunarfræðingur

**15:20 - 15:45**
Uppistand
Sólmundur Hólm, skemmtikraftur

**15:45 - 16:00**
Ráðstefnuslit

**Skráning á:** www.landspitali.is/skraningBUGL

LANDSPÍTALI

BUGL

# Smurði milljón krónum á hásetahlutinn

**Vilhjálmur Birgisson gagnrýnir grein Heiðrúnar Lindar Marteinsdóttur í Viðskiptablaðinu harðlega.**

**KJARAMÁL** „Þessi samanburður er með svo miklum ólíkindum að það nær ekki nokkru tali enda eru þessi meðallaun í engu samræmi við þau laun sem hásetar t.d. á ísfisktogurum og frystiskipum hafa,“ skrifar Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, á heimasíðu félagsins. Þar gerir hann að umtalsefni grein sem Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, skrifaði um laun sjómanna undir fyrirsögninni „Kjarabarátta þeirra hæst launuðu“. Þar sagði að meðallaun sjómanna árið 2014 hafi verið 2,1 milljón á mánuði og á árinu 2015 hafi meðallaun sjómanna verið komin uppí 2,3 milljónir.

Þetta segir Vilhjálmur vera rakalausan þvætting enda sé Heiðrún þarna að tala um meðaltal tekjuhæstu sjómanna landsins; skipstjóra, yfirvélstjóra og annarra yfirmanna á fiskiskipum „sem eru ekki einu sinni í verkfalli. Í greininni er ýjað að því að þetta séu meðallaun háseta sem eru í verkfalli og vinnubrögð af þessu tagi eru til skammar,“ skrifar Vilhjálmur og birtir sína eigin útreikninga.

„Verkalýðsfélag Akraness gerði stutta athugun á iðgjaldaskrá félagsins og skoðaði hver meðallaun háseta á ísfisktogurum og frystiskipum hafi verið á þessum árum. Þá kemur í ljós að meðallaun háseta í þessum tveimur útgerðarflokkum árið 2014 voru 1,1 milljón á mánuði en ekki 2,1 milljón eins og framkvæmdastjóri SFS gaf í skyn. Árið 2015 voru meðallaun háseta á þessum skipum 1,2 milljónir en ekki 2,3 milljónir eins og framkvæmdastjóri SFS ýjaði að. Á árinu 2016 eru hásetar á ísfisk- og frystitogurum að meðaltali með 994 þúsund á mánuði“, sem eru reyndar enn lægri sé tekið tillit til orlofsgreiðslna.

Vilhjálmur tekur þess utan til þeirra fórna sem sjómannsstarfið felur í sér – ekki síst fjarvista. Hann nefnir þá að síðustu að sjómenn greiða tugi þúsunda í fæðis-, fata- og netkostnað. – **shá**

> Í greininni er ýjað að því að þetta séu meðallaun háseta sem eru í verkfalli og vinnubrögð af þessu tagi eru til skammar.



Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness

# Vill fara í hart gegn öfgafólki

**ÞÝSKALAND** Sigmar Gabriel, sem er aðstoðarkanslari Þýskalands og leiðtogi þýska Sósíaldemókrataflokksins, vill fara í „menningarstríð“ við íslamista og hryðjuverkamenn.

Banna eigi moskur öfgamanna og fara þurfi í hart gegn haturspredikurum.

„Í þessum efnum er ég fylgjandi því að umburðarlyndið sé ekkert,“ sagði hann í viðtali við blaðamenn þýska fréttatímaritsins Der Spiegel.

„Það þarf að banna moskur salafista, leysa upp söfnuðina og vísa predikurunum úr landi, og það eins fljótt og hægt er.“

Þetta eru viðbrögð hans við árásinni á jólamarkað í Berlín stuttu fyrir jól, þar sem stórri vöruflutningabifreið var ekið inn í mannfjöldann með þeim afleiðingum að tólf manns létu lífið og tugir slösuðust alvarlega.

„Ef við ætlum að taka baráttuna gegn íslamisma og hryðjuverkum alvarlega, þá verður það líka að verða menningarleg barátta,“ sagði Gabriel. – **gb**

> Það þarf að banna moskur salafista, leysa upp söfnuðina og vísa predikurunum úr landi, og það eins fljótt og hægt er.



Sigmar Gabriel, leiðtogi þýska Sósíaldemókrataflokksins


## Styrkir úr Lýðheilsusjóði 2017

Lýðheilsusjóður óskar eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum til heilsueflingar og forvarna á sviði **geðræktar, næringar, hreyfingar** og **tannverndar** auk **áfengis-, vímu-** og **tóbaksvarna**.

Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- *Aðgerðir sem miða að því að efla geðheilsu.*
- *Árangursríkar áfengis- og vímuvarnir.*
- *Aðgerðir sem miða að heilbrigðu mataræði og hreyfingu.*
- *Aðgerðir til að draga úr tóbaksnotkun.*
- *Verkefni sem beinast að minnihlutahópum til að stuðla að jöfnuði til heilsu.*
- *Forvarnir gegn sjálfsvígum.*

Við úthlutun verður tekið mið af lýðheilustefnu velferðarráðuneytisins, sbr. skjalið *Lýðheilsustefna og aðgerðir sem stuðla að heilsueflandi samfélagi – með sérstakri áherslu á börn og ungmenni að 18 ára aldri.* (Útg. 2016)

Verkefni sem uppfylla eftirtalin skilyrði hafa forgang:

- Verkefni sem unnin eru í víðtæku samstarfi hagsmunaaðila í samfélaginu.
- Verkefni með eigin fjármögnun og/eða aðra fjármögnun.

Verkefnin eiga að byggja á faglegum grunni og hafa raunhæf og skýr markmið. Gera þarf grein fyrir því hvernig árangur verkefnis verður metinn og skal skila framvinduskýrslu að verkefni loknu.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2017 og skal sótt um á vefsvæði Lýðheilsusjóðs,** http://lydheilsusjodur.sidan.is/pages/.

Nánari upplýsingar í síma 510 1900 eða á vef Embættis landlæknis.
Einungis er tekið á móti rafrænum umsóknum í gegnum vefsvæði sjóðsins.

Embætti landlæknis - Barónsstíg 47 - 101 Reykjavík - Sími 5101900 - lydheilsusjodur@landlaeknir.is - www.landlaeknir.is



## MIÐSVÆÐI ÁLFTANESS
## ÍBÚAFUNDUR UM DEILISKIPULAG

**Í ÁLFTANESSKÓLA FIMMTUDAGINN 12. JANÚAR KLUKKAN 17.00-18.30**

Dómnefnd í samkeppni um deiliskipulag miðsvæðis á Álftanesi boðar til íbúafundar um þróun svæðisins.

Svæðið sem samkeppnin nær til er um 40 ha að stærð og innan þess eru öll óbyggð svæði á Suðurnesi eins og sjá má á meðfylgjandi yfirlitsmynd.



Á fundinum verður farið yfir helstu skipulagsforsendur og kallað eftir væntingum og hugmyndum íbúa um framtíð byggðar á svæðinu.

Dómnefnd vinnur nú að gerð samkeppnislýsingar í samráði við skipulagsnefnd og bæjarstjórn. Samráð við íbúa er mikilvægur þáttur í mótun þeirra markmiða sem lögð verða til grundvallar í framkvæmd samkeppninnar.

Í kjölfar fundar verður hægt að senda ábendingar og hugmyndir til nefndarinnar fram til miðvikudagsins 18. janúar.

F.h. dómnefndar
Sigurður Guðmundsson,
formaður

GARÐABÆR
www.gardabaer.is



Útsalan er hafin!
30 - 50% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru
Luktir Day Home,
frá kr. 7.900,-, nú frá kr. 5.530,-
Camerich Crescent tungusófi í áklæði
Stærð: 285 x 163 cm. Litir: brúnt.. Verð kr. 585.000,-. nú kr. 409.500,-
LL Anbar motta 230x160 cm
kr. 64.800,-, nú kr. 45.360,-
LL sófaborð 90 cm,
kr. 136.700,-, nú kr. 95.690,-
Mikið úrval af púðum,
verð frá kr. 7.400,-, nú frá kr. 5.180,-
Körfur HK Living
frá kr. 7.600,- nú kr. 5.320,-
idp Sphera leðursófar og sófasett
Verð 3+1+1 995.000,- nú 696.500-, Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
PB home sófaborð 70x70x45 cm,
verð frá kr. 49.000,- , nú frá 34.000,-
LSA kökudiskur
kr. 9.900,-, nú kr. 6.930,-
Camerich max sjónvarpsskápar
Verð frá kr. 228.000,-. nú frá kr. 160.000,-
Riverdale ilmkerti
kr. 2.400,-, nú kr. 1.680,-
Hübsch klukka úr marmara,
kr. 19.800,-, nú (-40%) kr. 11.880,-
KAK 5237 tungusófi m/hvíldarsæti í leðri
Litir; svart, mokka og dökkbrúnt. Verð kr. 498.000,-, nú kr. 348.600,-
Hübsch bakki m/skálum
kr. 11.900,-, nú (-40%) kr. 7.140,-
PB home gangaborð 110x35x80,
verð kr. 67.000,-, nú kr. 46.900,-
Snowdrops Copanhagen mottur,margar stærðir,
verð frá kr. 28.000,- nú 19.600,- (120x160 cm)
Day Home borðlampi
kr. 59.900,-,nú kr. 41.930,-
LL leirvasi
kr. 8.600,-, nú kr. 6.020,-
HEIMAHÚSIÐ
Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.



# LÆKKAÐ VERÐ Á ÖL

## FJÖLDI SPENNANDI JANÚARTILBOÐ



## ÁBYRGÐARSKOÐUN INNIFALIN Í 3 ÁR!

### REGLUBUNDNAR ÁBYRGÐARSKOÐANIR TIL ÞRIGGJA ÁRA FYLGJA ÖLLUM NÝJUM BÍLUM Í JANÚAR*

Þeir sem kaupa nýjan bíl í janúar fá þriggja ára þjónustukaupauka. Með kaupaukanum geta viðskiptavinir janúarmánaðar notið þess að koma með bílinn í árlegar áskildar skoðanir sem viðhalda ábyrgð bílsins án þess að greiða neitt aukalega. Ávinningurinn er verulegur því reglubundnar ábyrgðarskoðanir í þrjú ár kosta á bilinu 120.000 – 200.000 kr.

ÁBYRGÐARSKOÐANIR - OLÍUSKIPTI - OLÍUSÍUR - LOFTSÍUR

*Janúartilboðin gilda ekki með öðrum afsláttum eða tilboðum.

## OPIÐ ALLA HELGINA

Í DAG FRÁ 12–16 OG SUNNUDAG FRÁ 13–16

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **GE bílar**<br>Reykjanesbæ<br>www.gebilar.is<br>420 0400 | **Bílasalan Bílás**<br>Akranesi<br>www.bilas.is<br>431 2622 | **Bílasala Akureyrar**<br>Akureyri<br>www.bilak.is<br>461 2533 | **Bílaverkstæði Austurlands**<br>Egilsstöðum<br>www.bva.is<br>470 5070 | **IB ehf.**<br>Selfossi<br>www.ib.is<br>480 8080 | **BL söluumboð**<br>Vestmannaeyjum<br>481 1313<br>862 2516 |

# STÓRSÝNING UM HELGINA

## OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16 OG SUNNUDAG FRÁ 13–16




# LLUM NÝJUM BÍLUM

## 100.000 kr. GJAFAKORT

FYLGIR NÝJUM BÍL Í JANÚAR*

**Þeir sem kaupa nýjan bíl hjá BL í janúar fá í kaupbæti 100.000 kr. gjafakort frá Íslandsbanka.** Kortið má nota sem innborgun á nýja bílinn, skemmtilega sumarferð eða til að láta langþráðan draum rætast.







## JANÚARHAPPDRÆTTI

Allir viðskiptavinir BL sem kaupa nýjan bíl í janúar verða sjálfkrafa þátttakendur í janúarhappdrætti okkar. Í lok janúar verða dregnir út glæsilegir happdrættisvinningar frá ELKO að verðmæti samtals 1.500.000 krónur.

VINNINGAR:

- **2x Samsung 65" snjallsjónvarp**
- **2x iPhone 7 Plus**
- **4x Bose SoundLink mini II hátalarar**
- **4x Garmin Edge 520 með púlsmæli og hraðamæli**
- **4x Garmin Vivosmart heilsuúr**




## NÝ HEIMASÍÐA ER KOMIN Í LOFTIÐ – www.bl.is

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

ENNEMM / SÍA / NM79259

# Amfetamínborgin



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Reykjavík er fjórða mesta amfetamínborg Evrópu ef marka má nýja rannsókn frá Háskóla Íslands. Neysla amfetamíns er stöðug alla daga vikunnar.

Ísland slær reglulega alls kyns höfðatölumet. Við erum stolt af sumum þeirra. Önnur eru ekkert til að stæra sig af. Við höfum átt Evrópumet í klamydíusmiti og þunglyndislyfjanotkun. Nú er Reykjavík orðin amfetamínborg norðursins.

Neysla amfetamíns er skaðleg. Því þarf að bregðast við svona fréttum. Mikilvægt er að finna út hvernig fólki er hjálpað úr viðjum fíknar. Til þess þarf að efla geðsvið Landspítalans, þar sem margir verst settu fíklarnir fá meðferð.

Utan úr heimi berast óhugnanlegar fregnir af viðhorfum til fársjúkra fíkniefnaneytenda. Rodrigo Duterte, nýkjörinn forseti Filippseyja, fór í átak gegn fíkniefnum á dögunum. Hann hvatti þegna sína til að ganga milli bols og höfuðs á þeim sem neyta fíkniefna eða selja þau. Þúsundir hafa verið myrtir í átaki harðstjórans fyrir það eitt að vera fíklar.

Slík viðhorf hafa sem betur fer aldrei átt upp á pallborðið í okkar heimshluta. Engu að síður höfum við litið á fársjúka fíkla sem glæpamenn. Því þarf að breyta. Fangelsi er ekki réttur staður til að losa fólk úr viðjum eiturlyfja.

SÁÁ hefur skilað öflugu starfi. Það hefur gjörbreytt félagslegri stöðu fólks sem glímir við fíknivanda á Íslandi. 24.000 manns hafa lagst inn á afeitrunarsjúkrahúsið á Vogi og haft gagn af. En ein tegund meðferðar hentar ekki öllum, hvorki í þessum efnum né öðrum. SÁÁ getur ekki borið allar byrðarnar.

Systur manns sem réðst á mág sinn svo hann hlaut alvarlega áverka á nýársnótt sögðu í viðtali við Stöð 2 í vikunni að maðurinn hefði ítrekað farið í geðrof vegna fíkniefnaneyslu en komið að lokuðum dyrum á geðdeild. Hvort stutt innlögn á geðdeild hefði breytt einhverju fyrir manninn og fjölskylduna skal ósagt látið. En úrræðaleysið sem systurnar stóðu frammi fyrir er átakanlegt.

Fé til heilbrigðismála er skorið við nögl á Íslandi – allt kerfið er þjakað af fjárskorti. Aðeins um 6,5 prósent af útgjöldum heilbrigðiskerfisins rennur í geðheilbrigðismál, sem er lægra hlutfall en í nálægum löndum. Kerfið bregst þegar rúmum á geðsviði Landspítalans hefur fækkað úr 240 í 118 síðustu fimmtán ár. Kerfið bregst þegar fagfólk á geðsviði spítalans hefur þurft að horfast í augu við niðurskurð ár eftir ár. Fjársvelti er ávísun á bresti.

Nú standa yfir viðræður um nýja ríkisstjórn. Fyrrverandi formaður Geðhjálpar tekur þátt í þeim viðræðum. Það gefur von um að málið verði sett á oddinn. Við þurfum fleiri úrræði fyrir fíkla í ógöngum og aðra sem glíma við andlega vanheilsu. Þannig getum við ef til vill komið í veg fyrir atburð eins og þann, sem systurnar lýstu í vikunni. Við verðum að gera betur.

**Mikilvægt er að finna út hvernig fólki er hjálpað úr viðjum fíknar. Til þess þarf að efla geðsvið Landspítalans, þar sem margir verst settu fíklarnir fá meðferð.**

**Visthæfir bílar**

Tilkynning frá Reykjavíkurborg

Grænt skref í Reykjavík – Visthæfur bíll – 90 mín.

Bílar sem uppfylla neðangreindar kröfur teljast undanþegnir gjaldskyldu í bílastæði borgarinnar, í 90 mínútur.

a) Bifreiðar með rafgeymi/brunahreyfil, sem gefur frá sér minna en 50 g koldíoxíði pr. km. í blönduðum akstri (tengitvinnbílar) og og skráð eigin þyngd minni en 1600 kg.
b) Bifreiðar með brunahreyfil, sem ganga fyrir metani og og skráð eigin þyngd minni en 1600 kg.
c) Bifreiðar sem ganga eingöngu fyrir rafmagni, rafgeymabílar og skráð lengd minni en 5 m.
d) Bifreiðar sem ganga fyrir vetni og skráð lengd minni en 5m.

Gjaldfrelsið fellur niður ef bifreið er á nagladekkjum. Ekki er heimilt að framlengja tíma í sama stæði umfram 90 mínútur.

Reglur þessar gilda til 31.desember 2019.

Visthæfur bíll
Gildir ekki fyrir bíla á nagladekkjum

Gunnar




## Mín skoðun Logi Bergmann



# Völvuspá áratugarins

Mér finnst áramót alltaf soltið spennandi. Nýtt upphaf og tími til að taka ákvarðanir um breytingar. Hvort sem þær eru að hætta að éta eins og svín eða bara að reyna að koma betur fram við annað fólk, losa sig við einhvern ósið eða byrja á einhverju meiriháttar.

En það er eitt við áramót sem mér finnst alltaf rosalega glatað, völvuspá. Það er í alvöru eitthvað svo stórkostlega hallærislegt við það að hópur blaðamanna rembist við að setja á blað einhvers konar spádóma um það hvað gerist á árinu. Ári síðar yfirgefa þeir svo öll helstu grunngildi blaðamennsku og falsa stórkostlegar niðurstöður úr þessari spá. Gleyma því sem gekk ekki eftir og einbeita sér að því sem rættist. Sem er yfirleitt eitthvað sem segir sig sjálft og orðað á eins loðinn hátt og mögulegt er.

Sjálfur ætti ég, samkvæmt þessum spám, að hafa verið í stanslausum vandræðum í vinnu og einkalífi síðustu tíu árin. Búinn að fara á Skjáinn og aftur á RÚV og eignast jafnvel enn fleiri börn. Uppáhaldsspáin mín kom þó fyrir árið 2006 um að við hjónin myndum ekki eignast barn á árinu. Þá var Svanhildur þegar orðin ólétt.

Seinna spáðu þeir því reyndar að við myndum eignast barn. Þá hefði annaðhvort Svanhildur eða læknir í Glæsibæ verið í verulega vondum málum …

Spákonan ógurlega

Sumir ganga meira að segja svo langt að búa til einhvern karakter sem á að vera „spákonan“ sem rýnir í kristalskúluna og „sér“ hvað gerist á árinu. Drepið mig. Í alvöru.

Og ég get ekki annað en hugsað hve hressandi þetta er fyrir par sem ég kannast við. Þau lesa það sem sagt í einni af þessu völvuspám nú um áramótin að ekki bara muni þau hætta saman, heldur verði hann líka kominn með aðra konu í sumar. Hversu stórkostleg blanda af minnimáttarkennd og meinfýsni þarf til að skrifa svona? Eða kaflann um kollega minn sem missir svo rosalega stjórn á skapi sínu að hann verður rekinn? Hvernig nennir fólk þessu?

Völvuspá í eitt skipti fyrir öll

En eigum við ekki bara að leysa þetta í eitt skipti með völvuspá fyrir næstu tíu árin eða svo:

Það verður hart tekist á í pólitíkinni á Alþingi. Það verður mynduð ríkisstjórn og ekki verða allir sáttir við hana. Ekki er útilokað að einn ráðherra lendi í vandræðum og einhverjir munu tala um að rétt sé að hann segi af sér. Völvan sér miklar deilur á vinnumarkaði og jafnvel verkföll.

Forsetanum mun ganga vel og margir verða sáttir við störf hans. Þó ekki allir. Hann mun halda áfram að veita orður og munu þær oft vekja upp deilur í samfélaginu. Ekki verða heldur allir sáttir við úthlutun listamannalauna.

Veturinn verður umhleypingasamur víða um land. Síðan mun koma vor og loks sumar. Það verður hlýrra en veturinn. Íslendingar munu fá sinn skerf af rigningu en líka sól.

Ferðamenn verða svakalega margir og verða ekki allir sáttir við það sem þeir kalla ágang þeirra á íslenskar náttúruperlur. Frægir erlendir tónlistarmenn munu líka koma til landsins og halda tónleika, sem flestir heppnast mjög vel.

Frægt fólk heldur áfram að gifta sig og skilja og lenda í alls konar veseni. Reyndar líka ófrægt fólk en það er öllum sama um það. Jólin verða í desember og þá mun fólk eyða of miklu í gjafir og borða of mikið.

Þið skiljið hvað ég á við. Er þetta ekki bara orðið gott?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




# #FJÖRUGASTUR

Ford Fiesta er fjörugur og skemmtilegur bíll. Mest seldi bíll í Evrópu fjórða árið í röð. Fyrir því eru góðar ástæður. Ríkulegur staðalbúnaður, Bluetooth samskiptakerfi, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður. Fiesta höfðar til þeirra sem vilja eiga fjörugar stundir undir stýri og þeirra sem leitast eftir sparneytni og öryggi.

Ford er frábær. Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur.

BEINSKIPTUR FRÁ
**2.290.000** KR.

**STÓRSÝNING Í DAG!**
Kaffi frá Kaffitár
Valdís býður upp á ís
**OPIÐ FRÁ 12-16**

**LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR**
– þú getur fengið hann í allt að **24 tíma!**
*Komdu núna!*
24

**Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!**
Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Ert þú með réttindi?

**Raunfærnimat getur hjálpað þér að ljúka iðnnámi.**

**Haldinn verður kynningarfundur um raunfærnimat miðvikudaginn 11. janúar 2017 kl. 17.00 hjá IÐUNNI fræðslusetri, Vatnagörðum 20.**

Raunfærnimati er ætlað að meta þá færni og þekkingu sem þú hefur öðlast í starfi og getur mögulega stytt nám þitt.

**Þær iðn- og starfsgreinar sem verða til mats á vorönn 2017 ef næg þátttaka fæst eru:**

Húsasmíði, múraraiðn og pípulagnir.
Bifvélavirkjun, bifreiðasmíði og bílamálun.
Málmsuða.
Grafísk miðlun og prentun.

**Inntökuskilyrði í raunfærnimatið:**
23 ára aldur og 3 ára reynsla úr viðkomandi grein (staðfest með opinberum gögnum)

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar, www.idan.is eða í síma 590 6400.

**Allir velkomnir.**




IÐAN fræðslusetur
Sími 590 6400
www.idan.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

RAUNFÆRNIMAT FRAMHALDS FRÆÐSLA NÁM OG RÁÐGJÖF


# Um vanhæfi dómara og endurupptöku mála



**Jón Steinar Gunnlaugsson**
fyrrverandi dómari við Hæstarétt Íslands

Nú er er eðlilega um það rætt hverju varði ef í ljós kemur eftir uppkvaðningu dóms að vanhæfur dómari hafi setið í fjölskipuðum dómi.

Í þessu efni ættu menn að líta á dæmi sem getur að líta í dómasafni Hæstaréttar 7. júní 2007 í málinu nr. 400/2006. Í forsendum dómsins er tekið fram að dómur hafi (áður) fallið í málinu 1. mars 2007. Með ákvörðun 24. apríl 2007 hafi verið orðið við beiðni áfrýjanda um endurupptöku málsins. Ekki kemur fram í forsendunum hverjar voru ástæður fyrir þessari óvenjulegu meðferð málsins og skal nú bætt úr því.

Við fyrri málflutninginn sat sá sem þetta skrifar ásamt tveimur samdómurum í dómi. Eftir að dómur okkar gekk 1. mars 2007 barst Hæstarétti erindi frá lögmanni áfrýjandans, þar sem til þess var vísað að áfrýjandi hefði komið til viðtals við mig um mál sitt á lögmannsstofu mína á tilgreindum degi nokkrum árum fyrr, meðan ég enn þá starfaði sem málflutningsmaður. Hefði þetta verið eitt samtal þar sem ég hefði tjáð áfrýjandanum að ég teldi ekki vera efni fyrir hann að hafa kröfu sína uppi fyrir dómi. Til þess skorti lagalegar forsendur. Ég mundi ekkert eftir þessu þegar málið var flutt í Hæstarétti hið fyrra skiptið, þar sem ég sat í dómi.

Þegar erindið barst Hæstarétti kannaði ég málið og sá að viðkomandi einstaklingur hafði komið til viðtals við mig á skrifstofu mína þann dag sem tilgreindur var í erindinu. Ég sneri mér þá til yfirstjórnar Hæstaréttar og staðfesti að ég yrði að teljast hafa verið vanhæfur til meðferðar málsins. Féllst rétturinn á þetta og var málið því endurupptekið og öllum þremur dómurunum skipt út fyrir aðra þrjá, sem hlustuðu á síðari málflutninginn og kváðu upp nýjan dóm.

Þetta voru auðvitað sjálfsögð viðbrögð við þeirri stöðu sem komin var upp. Voru þau byggð á lagareglum um skilyrði fyrir endurupptöku dæmdra mála, sem eru með sama meginefni, hvort sem um einkamál eða sakamál ræðir.

Á sama hátt hlýtur að verða að endurupptaka þau mál þar sem í ljós hefur nú komið að dómarar, einn eða fleiri, hafa verið vanhæfir til meðferðar þess, þegar dómur var upp kveðinn. Það á enginn að þurfa að sitja uppi með dóm, þar sem einn eða fleiri dómarar hafa verið vanhæfir. Í fjölskipuðum dómi nægir að einn dómaranna hafi verið vanhæfur. Þá verður að leyfa endurupptöku og skipa allan dóminn á ný.




# Álagning vatns- og fráveitugjalda 2017

Álagning vatns- og fráveitugjalda fyrir árið 2017 liggur nú fyrir. Viðskiptavinir geta skoðað álagningarseðla á **Mínum síðum á veitur.is**.

Til að komast inn á Mínar síður getur þú notað rafræn skilríki, Íslykil eða fengið sent lykilorð í rafræn skjöl í heimabankanum þínum.

Í samræmi við stefnu okkar um pappírslaus viðskipti fá einungis viðskiptavinir 68 ára og eldri heimsenda álagningar- og greiðsluseðla. Aðrir fara sjálfkrafa í netgreiðslur hafi þeir ekki óskað eftir pappír. Hægt er að breyta greiðslumáta á veitur.is eða í þjónustuveri okkar í síma 516 6000.

Veitur sjá um rekstur hitaveitu, rafveitu, vatnsveitu og fráveitu.
**Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á veitur.is**

VEITUR


# Unga fólkinu fórnað



**Ævar Rafn Hafþórsson**
iðnaðarmaður og hagfræðingur

Þegar hrunið skall á 2008 fraus byggingariðnaðurinn. Undirritaður var þá að vinna við nýbyggingar þegar allt í einu kom bara eitt stórt STOPP. Þetta var ekki fyrsti veturinn sem undirritaður gekk í gegnum verkefnaskort vegna samdráttar í hagkerfinu. En í þetta skipti var Bleik verulega brugðið. Allt virtist vonlaust og Geir bað sjálfan Guð að blessa Ísland. Undirritaður skellti sér því í háskólanám og kláraði grunn- og meistaranám í hagfræði. Besta ákvörðun sem ég hef tekið.

Ég var alltaf með byggingariðnaðinn á heilanum sem endaði með því að ég skrifaði meistararitgerð um byggingariðnaðinn. Ritgerðin ber heitið „Framleiðni á byggingamarkaði – samanborið við Noreg“. Þar kom í ljós að Norðmenn eru með um 50% meiri framleiðni á byggingamarkaði en við. Þá fór ég að hugsa um þau ár þar sem byggingamarkaðurinn var í algjöru frosti á meðan mannfjölgun hélt áfram mjög línulega. Skorturinn á íbúðamarkaði er mjög mikill vegna þess að ekki var byggt neitt að ráði frá 2008-2010 ásamt því að framleiðnin er ekki nógu góð. Þegar ég segi að Norðmenn séu með 50% meiri framleiðni á vinnustund þá þýðir það að á meðan við framleiðum 1.000 íbúðir þá framleiða þeir um 1.500 fyrir sömu vinnustundir. Til gamans má geta að þá er árleg þörf nýbyggðra íbúða á höfuðborgarsvæðinu um 1.800-2.000 íbúðir. Þannig að það munar um minna. Ég ætla ekki að fara yfir ástæður þess af hverju þetta er svona enda er hægt að lesa það í ritgerðinni minni. Það sem ég hef hins vegar áhuga á að tala um eru ruðningsáhrif af hótelbyggingum á nýbyggingar á íbúðamarkaði.

Framleiðslugeta á byggingamarkaði takmarkast við það vinnuafl sem er til staðar (einnig framboð af fjármagni). Þar sem þörfin er orðin mjög brýn á nýju húsnæði þurfum við að flytja inn framleiðsluþætti í formi vinnuafls. Þetta vinnuafl kemur aðallega frá Austur-Evrópu. Án þess værum við í djúpum skít eins og sagt er. En málið er að mikið af þessu vinnuafli fer í það að byggja hótel vegna fjölgunar á ferðamönnum. Þetta hefur ruðningsáhrif á nýbyggingar á íbúðamarkaði og viðheldur þessum skorti sem einkennt hefur markaðinn síðastliðin ár. Íbúðaverð mun halda áfram að hækka sem gerir ungu fólki nánast ómögulegt að kaupa. Þetta hefur einnig áhrif á leigumarkaðinn. Grunnþarfir mannsins eru húsaskjól og matur samkvæmt Maslow-píramídanum. Þannig að spurningin er, hvað gerir unga fólkið? Fer það úr landi eða hefur það þolinmæði til að vera áfram í foreldrahúsum? Ferðamannabomban var það versta sem gat komið fyrir unga fólkið á fasteignamarkaði akkúrat á þessum tímapunkti. Fjölgun ferðamanna er jákvæð fyrir hagkerfið en tímasetningin er afleit.

Í lokin ætla ég að fara yfir smá hagfræðiraus um aðstæður eins og þær blasa við okkur í dag. Við höfum áður séð í hagsögu Íslands dæmi um offjárfestingar í atvinnugreinum. Á síldarárunum var gríðarleg offjárfesting í hagkerfinu sem leiddi til þess að framleiðni fjármagns var afleit. Ég er ekki að fullyrða að offjárfesting sé hafin í íslenska hagkerfinu en sporin hræða. Hraður vöxtur getur villt mönnum sýn og menn verða ofurbjartsýnir á framtíðina. Í rekstrarhagfræðilegum skilningi þýðir offjárfesting í einhverri atvinnugrein að framleiðni fjármagns verður lítil eins og áður sagði. Það þýðir að sá sparnaður sem hagkerfið hefur lagt til hliðar nýtist illa. Sparnaðurinn hverfur í eitthvað sem skilar litlu og eftir situr hagkerfið með minna fé til fjárfestinga. Það er þekkt að fátækar þjóðir búa við fjármagnsskort sem lýsir sér í mikilli jaðarframlegð fjármagns og háum raunvöxtum því samkvæmt hagfræðinni er jaðarframlegð fjármagns = raunvextir (MPL = r). Höfum þetta aðeins á bak við eyrað því þó að raunvextir hafi farið verulega lækkandi í gegnum árin þá er þetta þáttur sem hefur áhrif.

Í lokin er undirritaður sannfærður um að Liverpool verði meistarar í vor. Góðar stundir!

FOCUS




# #FIMASTUR

Ford Focus er fimur bíll enda þekktur fyrir frábæra akstursegiginleika og framúrskarandi gæði. Hann er ríkulega búinn, með fimm stjörnu öryggi, Bluetooth samskiptakerfi, upphitanlegri framrúðu, á hagstæðu verði og er ódýr í rekstri. Þú upplifir einstaka akstursgleði í Focus og tekur lengri leiðina heim af einskærri ánægju.

Ford er frábær. Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur.

BEINSKIPTUR FRÁ

**2.990.000** KR.

**STÓRSÝNING Í DAG!**

Kaffi frá Kaffitár

Valdís býður upp á ís

**OPIÐ FRÁ 12-16**

**LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR**

– þú getur fengið hann í allt að **24 tíma!**

*Komdu núna!*

24

**Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!**

Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

ford.is

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Reglum gegn hagræðingu úrslita afar ábótavant

**Lög og reglur íslenskra íþróttasambanda taka ekki á hagræðingu á úrslitum íþróttaviðburða hér á landi nema að afar litlu leyti. Arnar Már Björgvinsson, knattspyrnumaður og laganemi, gerði lokaverkefni sitt um þennan málaflokk og komst að því að Ísland er langt á eftir nágrannalöndunum hvað þetta varðar.**

**FÓTBOLTI** Arnar Már Björgvinsson, knattspyrnumaður úr Stjörnunni og laganemi, lauk um áramótin við lokaverkefni sitt en það fjallar um hvernig lögum og reglum er háttað á Íslandi í tengslum við hagræðingu úrslita og hvort þær séu stakk búnar til að takast á við slík mál, ef upp kæmist að reynt hefði verið að hagræða úrslitum íþróttaviðburða hér á landi.

Þessi málefni hafa verið til umfjöllunar í vikunni eftir að niðurstöður rannsóknar um þátttöku knattspyrnumanna á Íslandi í peningaspilum voru birtar. Í ljós kom að stór hópur, aðallega karlmenn, tekur þátt í því að veðja á úrslit leikja á erlendum veðmálasíðum. Sumir viðurkenndu að hafa veðjað á úrslit eigin leikja. Arnar segist sjálfur hafa reynslu af því að hafa veðjað á leiki sér til gamans, eins og svo margir aðrir gera í knattspyrnuheiminum.

Eins og gefur að skilja er viðfangsefnið stórt og mikið enda getur veðmálastarfsemi haft margvísleg áhrif á íþróttir, bæði hér á landi og annars staðar. Arnar skoðaði sérstaklega hvernig reglur íslenskra íþróttasambanda, til að mynda ÍSÍ og KSÍ, taka á þessum málaflokki í sínu regluverki. Hann segir þó að í fyrstu hafi hann kynnst því hversu stutt á veg þessi málaflokkur er kominn hér á landi.

„Þetta er nýtt viðfangsefni og svo lítið búið að fjalla um þetta á alþjóðlegum vettvangi – og ekkert á Íslandi. ÍSÍ hefur haldið nokkrar málstofur en það er ekkert útgefið efni til á Íslandi um þetta,“ segir Arnar. „En nú átta menn sig á því hversu mikið vandamál þetta er. Sérstaklega með tækninýjungum sem gera fólki kleift að veðja á alls kyns hluti í leiknum, til dæmis úr stúkunni með símann í hendinni. Það hefur aukið vinsældir veðmála mikið.“

Arnar vísar til þess að í dag er ekki eingöngu hægt að veðja um úrslit leiks, heldur hver skori næsta mark, fái næstu áminningu eða taki jafnvel næsta horn. Þannig mætti lengi telja.

**Reglubálkur í Danmörku**

Ísland er aðili að samningi Evrópuráðs um hagræðingu úrslita í íþróttakeppni og fyrir rúmu ári síðan var haldin málstofa á vegum ÍSÍ þar sem kvað að mörgu leyti við sama tón og í máli Arnars – að hættan sem steðjar að íslenskum íþróttum sé veruleg og að regluverkinu sé ábótavant.

„Mín niðurstaða er í grófum dráttum sú að þau lög og reglur sem eru í gildi séu ekki fullnægjandi í baráttunni gegn hagræðingu úrslita, sérstaklega reglur íþróttasambandanna. ÍSÍ hefur til að mynda staðið sig vel í lyfjamálum en þessi málaflokkur hefur ekki fengið mikla athygli. Það er ekki að finna neina heildstæða reglu innan ÍSÍ um hagræðingu úrslita,“ segir hann.

Til samanburðar skoðaði Arnar umhverfið í nágrannalöndunum. „Árið 2013 gaf danska íþróttasambandið út regluverk sem telur 69 málsgreinar. Þar er farið afar skipulega yfir allt sem tengist hagræðingu úrslita og skipuð var sérstök nefnd sem ætlað er að taka á málum sem tengjast háttseminni.“



Arnar Már Björgvinsson vann lokaverkefni sitt í lögfræði við Háskólann í Reykjavík um reglur íslenskra íþróttasambanda um hagræðingu úrslita í íþróttaviðburðum hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

### Skipulagðir glæpahópar ala upp leikmenn

Til eru fjölmargir aðilar sem ógna heilindum íþrótta með því að reyna að hagræða úrslitum leikja í hagnaðarskyni. Meðal þeirra eru skipulagðir glæpahópar, sem Arnar segir að teygi anga sína víða um heim.

„Samkvæmt minni rannsókn eru margir glæpahópar, sérstaklega í Austur-Evrópu, sem ná til leikmanna á meðan þeir eru ungir. Þeir sjá um þá, veita þeim uppihald og fæði og svo planta þeir leikmönnum hér og þar í Evrópu,“ segir Arnar. „Svo stjórna þeir hvað gerist.“

Mál sem kom upp í 2. deild karla rataði í fréttir í sumar. Félag í deildinni rak leikmann sem var grunaður um að hafa reynt að hagræða úrslitum í leik með óeðlilegri spilamennsku.

„Þessi leikmaður spilaði með fleiri liðum hér á landi og ég ræddi við fyrrum samherja hans. Þeir höfðu allir sömu sögu að segja – frábær leikmaður sem gerði stundum stórfurðulega hluti inni á vellinum,“ segir Arnar.

Umræddur leikmaður hefur ekki spilað hér á landi síðan þá en á að baki feril hér á landi sem spannar á annað hundrað leiki með sjö félögum yfir sjö ára tímabil. Ekkert var gert í máli hans eftir að hann var rekinn frá félaginu í sumar og mál hans rataði ekki á borð KSÍ.

> Það er ekki að finna neina heildstæða reglu innan ÍSÍ um hagræðingu úrslita.
>
> Arnar Már Björgvinsson

Veðmál teygja anga sína inn í fjölda íþrótta en eru líklega vinsælust í knattspyrnunni. KSÍ hefur í sínum lögum viðurlög gegn því að verða uppvís að hagræðingu úrslita leikja en Arnar segir að þær gangi ekki nógu langt. „Það er erfitt fyrir einn leikmann af þeim 22 sem eru á vellinum að hafa áhrif á úrslit leiksins. En hann getur auðveldlega haft áhrif á stök atvik – hornspyrnur, innköst og fleira slíkt. Samkvæmt orðalagi ákvæðisins tekur það ekki tillit til slíkra mála,“ segir Arnar og bætir við að þetta sé aðeins eitt dæmi af mörgum sem hægt væri að sýna fram á.

**Lögregla þarf meiri heimildir**

Eitt stærsta vandamálið sem blasir við þegar grunur vaknar um að úrslitum íþróttaviðburðar hafi verið hagrætt er hvernig eigi að sanna sekt viðkomandi.

„Hagræðing úrslita er brot á refsilöggjöfinni enda eðli brotanna að þau eru svikabrot. En til að geta sannað refsivert athæfi þarf að auka heimildir lögreglu til að rannsaka svona mál, til dæmis með hlerunum og öðru.

Á undanförnum árum hefur reglulega komið fram í fréttum að grunsemdir um hagræðingu hafi komið upp í tengslum við íslenska knattspyrnu. En það hefur aldrei farið lengra og knattspyrnumaður á Íslandi hefur aldrei verið dæmdur í leikbann vegna hagræðingarmála, samkvæmt upplýsingum frá KSÍ.“

Arnar segir hættuna verulega, ekki síst þar sem fjölmargir íslenskir knattspyrnumenn eru í hættu á að leiðast út í brot sem þessi. „Þeir sem eru líklegastir til að brjóta af sér eru leikmenn sem fá lítið sem ekkert greitt. Þeir eru fjölmargir hér á landi, sérstaklega þeir sem eru í neðri deildunum á Íslandi,“ segir Arnar en veðjað er á leiki í öllum deildum hér á landi auk þess sem einnig er að veðjað á leiki í yngri flokkum sem og æfingaleiki.

„Fleira kemur til, eins og að á Íslandi er spilað yfir sumartímann þegar flestar aðrar deildir eru í fríi. Ég tel að það sé mikil þörf fyrir að fara vandlega í saumana á þessu, enda sýna dæmin að hættan er svo sannarlega fyrir hendi.“

eirikur@frettabladid.is

## Nýjast

**Dominos-deild karla**

**Tindastóll - KR 87-94**

**Stigahæstir:** Antonio Hester 28/11 frák., Pétur Rúnar Birgisson 26/11 frák., Björgvin Hafþór Ríkharðsson 12, Cristopher Caird 11 - Jón Arnór Stefánsson 33, Cedrick Taylor Bowen 17, Brynjar Þór Björnsson 14, Sigurður Á. Þorvaldsson 7/10 frák., Darri Hilmarsson 7, Snorri Hrafnkelsson 7.

***KR var 80-69 undir þegar 6 mín. voru eftir.***

**Þór Þorl.- Grindavík 96-85**

**Stigahæstir:** Tobin Carberry 35/16 frák., Maciej Stanislav Baginski 17, Ólafur Helgi Jónsson 15, Grétar Ingi Erlendsson 8, Ragnar Örn Bragason 8 - Dagur Kár Jónsson 21, Ólafur Ólafsson 18/10 frák., Lewis Clinch Jr. 13/6 frák./5 stoðs., Þorleifur Ólafsson 10.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Stjarnan | 20 | Þór Ak. | 12 |
| KR | 18 | Þór Þ. | 12 |
| Tindastóll | 18 | ÍR | 10 |
| Grindavík | 14 | Njarðvík | 8 |
| Skallagrímur | 12 | Haukar | 8 |
| Keflavík | 12 | Snæfell | 0 |

**Æfingamót í handbolta**

**Ísland- Ungverjaland 27-30**

**Mörk Íslands (Skot):** Janus Daði Smárason 7 (8), Ómar Ingi Magnússon 6/4 (9/4), Rúnar Kárason 3 (7), Vignir Svavarsson 2 (2), Bjarki Már Elísson 2 (3), Arnór Atlason 2 (3), Arnór Þór Gunnarsson 1 (2), Gunnar Steinn Jónsson 1 (2), Björgvin Páll Gústavsson 1 (2), Guðjón Valur Sigurðsson 1 (2), Tandri Már Konráðsson 1 (2), Ólafur Guðmundsson (3). **Varin:** Björgvin Páll Gústavsson 14/1 (35/5, 40%), Aron Rafn Eðvarðsson 3 (11/1, 27%). **Hraðaupphlaup:** 4 ( Vignir, Arnór Þór, Björgvin Páll, Guðjón Valur ). **Fiskuð víti:** 4 (Arnar Freyr Arnarsson 2, Janus Daði, Arnór Þór ).

**TAP Á MÓTI UNGVERJUM Í GÆR**
Íslenska handboltalandsliðið náði ekki að fylgja eftir góðum fyrsta leik og tapaði á móti Ungverjum í gær í öðrum leik sínum á æfingamótinu í Danmörku.

Janus Daði Smárason hélt uppi sóknarleik íslenska liðsins í gær en Ungverjar voru skrefinu á undan allan tímann. Íslensku strákarnir fengu tækifæri til að jafna metin í 27-27 í lokin en tókst ekki og Ungverjar unnu lokakaflann 3-1.

Íslenska liðið var annars í talsverðum vandræðum í varnarleiknum stóran hluta leiksins en Björgvin Páll Gústavsson hrökk í gang í lokin og var næstum því búinn að snúa leiknum. Lokaleikur íslenska liðsins í mótinu er á móti Dönum á morgun.



## Í dag

**11.55** **R. Madrid - Granada** Sport 2
**12.20** **Man. Utd - Reading** Sport
**16.20** **Keflavík - Snæfell** Sport 2
**17.20** **Preston - Arsenal** Sport
**21.00** **Tourn. of Champions** Golfs.
**21.30** **NFL: Texans - Raiders** Sport
**23.00** **Formúla E í Las Vegas** Sport 2
**01.10** **NFL: Seahawks - Lions** Sport

**16.30** **Keflavík - Snæfell** Keflavík
**16.30** **Grindavík - Stjarnan** Grindav.
**16.30** **Skallagr. - Valur** Borgarnes

## Á morgun

**13.20** **Liverpool - Plymouth** Sport
**14.50** **Chelsea - Peterbor.** Sport 2
**15.50** **Tottenham - A. Villa** Sport
**18.00** **NFL: Steelers-Dolphins** Sport
**19.40** **Villarreal - Barcelona** Sport 2
**20.00** **Tourn. of Champions** Golfs.
**21.30** **NFL: Packers - Giants** Sport

**19.15** **Haukar - Njarðvík** Ásvellir




# #MAGNAÐASTUR

Ford Mondeo er þýður og hljóðlátur, alveg hreint magnaður.
Hann er hlaðinn lúxusbúnaði eins og upphitanlegri framrúðu, loftkælingu, Bluetooth, 8" snertiskjá með leiðsögukerfi og nálægðarskynjurum að framan og aftan. Mondeo verndar alla fjölskylduna með fimm stjörnu öryggi.
Upplifðu magnaða lúxustilfinningu í Ford Mondeo.

Ford er frábær. Við viljum að þú upplifir gæði Ford og bjóðum því lengri og betri reynsluakstur.

BEINSKIPTUR FRÁ

**3.790.000** KR.

**STÓRSÝNING Í DAG!**
Kaffi frá Kaffitár
Valdís býður upp á ís
**OPIÐ FRÁ 12-16**

**LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR**
– þú getur fengið hann í allt að **24 tíma!**
*Komdu núna!*
24

**Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!**
Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

Ford

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



Hrannar Jónsson, Tómas Ásbjörn Ómarsson og Bjarki Rafn Guðmundsson hita upp fyrir fíflaganginn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

# Fíflagangur fyrir sálarlífið

Alþjóðlegur dagur fíflagangs verður haldinn hátíðlegur í dag í fyrsta sinn á Íslandi. Aðstandendur tileinka daginn þeim sem berjast fyrir bættri geðheilsu og ætla að fíflast í Vonarstræti með miklum tilþrifum.

Fíflagangur er góður fyrir sálarlífið," segir Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar og einn þeirra sem stíga fyrstu skrefin í skipulögðum fíflagangi í miðborginni á laugardag.

Reykjavíkurborg hefur útbúið gangbraut í Vonarstræti sem verður vettvangur fyrir fíflagang. Þar hefur verið sett upp sérstakt fíflagangbrautarmerki. „Það er mjög gott á þessum árstíma að reyna að taka lífinu létt," segir Hrannar og segir slíka viðleitni til bóta fyrir geðheilsuna. Hrannar býður alla velkomna, líka þá sem hafa gagnrýnt framtakið og sagt borgina eiga að forgangsraða betur verkefnum sínum.

Í frétt á vef borgarinnar segir að dagurinn (International Silly Walk Day) sé haldinn gleðilegur út um allan heim en að þetta sé í fyrsta sinn sem Íslendingar verða með.

**SILLY WALK DAY ER HALDINN ÚT UM ALLAN HEIM OG ER TILVÍSUN Í HIÐ FRÆGA SILLY WALK MONTY PYTHON SEM JOHN CLEESE GERÐI ÓDAUÐLEGT.**



Dagskráin hefst kl. 14.00 og með Hrannari í fíflagangi verða meðal annarra, Jakob Frímann Magnússon, Edda Björgvins, Steindi jr. og fleiri.

Aðstandendur taka fram að það sjálfsögðu gildi allar almennar umferðarreglur á fíflagangbrautinni og vegfarendur eru beðnir um að sýna tillitssemi.

kristjanabjorg@frettabladid.is






**Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!**
Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford í janúar fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

**LENGRI OG BETRI REYNSLUAKSTUR**
– þú getur fengið hann í allt að **24 tíma!**
*Komdu núna!*
24

Ford
ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16



## FIMON
Þriggja sæta sófi. Grátt eða grábrúnt slitsterkt áklæði.
Fáanlegur tveggja sæta. Stærð: 208 x 83 H: 77 cm.

149.993 kr. ~~199.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR

## EASY
Tveggja og þriggja sæta sófar.
Dökk- eða ljósgrátt áklæði.



**30%** AFSLÁTTUR

2ja sæta: 170 x 95 x 85 cm

69.993 kr. ~~99.990 kr.~~

3ja sæta stærð: 205 x 95 x 85 cm

76.993 kr. ~~109.990 kr.~~



## FRIDAY
Nettur sjónvarpssófi með kósíhorni. Hægri eða vinstri.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 325 × 185 × 90 cm

209.993 kr. ~~279.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



## UMBRIA
Hornsófi 2H2. Grátt eða dökkgrátt áklæði.
Stærð: 261 × 261 × 78 cm.

262.493 kr. ~~349.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR

**Fjölbreytt úrval smávöru**

**Allt að 70% afsláttur**



## JOY
Hægindastóll og skammel frá Conform Svart, hvítt eða rautt ekta leður.
Stærð: 68 × 79 × 107 cm

CONFORM

223.986 kr. ~~319.980 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR



## SALLY
Hægindastóll PU-leður Litir: Brandy, brúnn og svartur.

25.994 kr. ~~39.980 kr.~~

**35%** AFSLÁTTUR



**50%** AFSLÁTTUR

## NAPOLI
Barstóll, dökkgrár og svartur.

12.495 kr. ~~24.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

## DINEX
Eldhúsborð úr spónlagðri eik.
Stærð: 90 x 90 cm.
Tvær 38 cm stækkanir fylgja.

39.995 kr. ~~79.990 kr.~~

LA-Z-BOY



## ADAM
Stílhreinir La-Z-Boy sófar.
Fáanlegir í rauðu, gráu og ljósbrúnu áklæði.
2ja sæta: B: 130 × D: 97 × H: 105 cm
3ja sæta: B: 207 × D: 97 × H: 105 cm

2ja sæta áklæði
160.993 kr. ~~229.990 kr.~~

3ja sæta áklæði
230.993 kr. ~~329.990 kr.~~

**30%** AFSLÁTTUR




*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# RISA ÚTSALA

## í fullu fjöri

## Allt að 60% afsláttur



### PARKER
LA-Z-BOY

La-z-boy hægindastóll. Slitsterkt grátt, ljóst eða svart áklæði.
Stærð: 82 × 86 × 104 cm

42% AFSLÁTTUR

69.594 kr. ~~119.990 kr.~~

### EBBA
Hægindastóll. Fjórir litir. Lion gulur, blár, bleikur eða grár.



30% AFSLÁTTUR

41.993 kr. ~~59.990 kr.~~

### ASTRO
Dökkgrátt, kakí eða rautt slitsterkt áklæði.



40% AFSLÁTTUR

35.994 kr. ~~59.990 kr.~~



### FRIDAY
Hornsófi með tungu 2H3/3H2. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 x 260 x 90 cm

223.993 kr. ~~319.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR



### EASY
Tungusófi. Tunga getur verið bæði vinstra og hægra megin. Dökk- eða ljósgrátt áklæði. Stærð: 232 x 145 x 85 cm

134.993 kr. ~~179.990 kr.~~

25% AFSLÁTTUR



NATUZZI EDITIONS

### NATUZZI EDITION
B814 Leður hornsófi með rafknúinni einingu. Brúnt leður.
Stærð: 387 x 289 x 94 cm

779.994 kr. ~~1.299.990 kr.~~

40% AFSLÁTTUR

### PIANA
Borðstofustóll. Antrazite.



30% AFSLÁTTUR

6.993 kr. ~~9.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

# Villta norðrið lýsir ástandinu best

Kári Jónasson, fyrrverandi frétta- og ritstjóri, hefur starfað í áratug sem leiðsögumaður eftir að eftirlaunaaldri var náð. Hann segir það óskiljanlega sóun að nýta ekki starfskrafta eldra fólks. Hann líkir íslenskri ferðaþjónustu við villta norðrið og segir skilningsleysi stjórnvalda á greininni sárgrætilegt.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is





ÞAÐ ER EKKERT VIT Í ÞVÍ, EINS OG ÞETTA ER NÚNA, AÐ HVER SEM ER, ÚTLENDINGUR EÐA ÍSLENDINGUR, GETI STOKKIÐ UPP Í RÚTU OG FARIÐ AÐ LEIÐSEGJA.

Aðspurður segir Kári það aldrei hafa komið til greina að setjast í helgan stein og sinna áhugamálum sínum eingöngu - raunar hafi hann ekki eins brennandi áhuga á neinu og landi og þjóð. Hann vinnur því við sitt helsta áhugamál sem hann telur forréttindi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er mikið talað um mannauð í þessu landi – að hann sé að tapast með ungu fólki sem yfirgefur heimahagana til að vinna annars staðar. Á sama tíma erum við að skikka íbúa þessa lands til að hætta að vinna löngu áður en fólk er sjálft tilbúið til þess. Það er mikil sóun, fyrir utan hvað það er heimskulegt,“ segir Kári Jónasson, fyrrverandi fréttastjóri Ríkisútvarpsins og ritstjóri Fréttablaðsins. Við lok 45 ára ferils sem blaða- og fréttamaður, fyrir tíu árum, hófst nýtt tímabil í lífi Kára; þá ákvað hann að fara aftur í skóla og hefja störf sem leiðsögumaður – 67 ára að aldri.

**Eiginkonan og jeppinn**

Ákvörðunin byggðist ekki á lítt ígrundaðri hugdettu. Kári segir að tvennt hafi ráðið þar miklu – kaup á jeppabifreið árið 1963 og hvatningarorð eiginkonu hans, Ragnhildar Valdimarsdóttur, þegar störfum á Fréttablaðinu lauk.

„Ragnhildur hvatti mig til að hefja nám í Leiðsöguskóla Íslands í Kópavogi sem gerði þessa ákvörðun auðvelda. Þá var ég fyrir löngu búinn að ákveða að hætta störfum á fjölmiðlum þegar 45 árum yrði náð, en eitt og annað kom til greina,“ segir Kári, en þegar blaðamaður hitti hann var hann nýkominn úr ferð þar sem reynt var að sýna yfir þúsund ferðamönnum norðurljósin – eitt helsta aðdráttarafl Íslands fyrir ferðamenn yfir veturinn.

„Ég hafði, þegar ég var í stjórn Norræna blaðamannasambandsins og Norræna blaðamannaskólans, farið með þá félaga mína um landið nokkrum sinnum. En sem blaða- og fréttamaður var ég búinn að heimsækja hvert einasta krummaskuð á þessu landi; búinn að fara yfir alla fjallvegi og sjá fjölmörg eldgos með viðkomu á jöklum. Svo ég hafði mjög góðan bakgrunn fyrir þetta nýja starf. Ég held að ástæðan fyrir því að ég fór svo víða um landið var að ég eignaðist jeppa árið 1963, gamlan Willys-jeppa, sem er ástæðan fyrir því að ég hef verið eins og landafjandi úti um allt land. Í byrjun var það ásamt vini mínum Rudolf Kristinssyni, stórkaupmanni og fornbílagúrú. Við afrekuðum það fyrstir manna að aka upp á Langjökul, en með okkur í för var Kristleifur á Húsafelli. Þetta var mikil ævintýraferð en þar vorum við að elta þýska sjónvarpsstöð sem var að taka upp sjónvarpsmynd um Robert Falcon Scott sem komst ekki á suðurpólinn fyrr en fjórum vikum á eftir norska pólfaranum Roald Amundsen.

Indriði G. Þorsteinsson, þáverandi ritstjórinn minn á Tímanum, var mikill bílaáhugamaður og varð sennilega ekki eins hrifinn af neinu sem ég gerði undir hans ritstjórn,“ segir Kári en bætir við að ferð þeirra á jökulinn hafi verið dregin í efa þegar frá leið og hann og samferðamenn hans hafi þurft að sanna að ævintýrið átti sér stað með að sýna ljósmyndir úr ferðinni.

Önnur ferðalög sem Kári nefnir er ferð með bandarískum geimförum inn í Öskju, en eins og frægt er orðið dvöldu þar tveir hópar geimfara við rannsóknir árin 1965 og 1967. „Þetta allt kveikti hjá mér áhuga á ferðamennsku og síðar leiðsögn. Það má segja að það sé upphafið, þó pabbi hafi vissulega líka verið fararstjóri hjá Ferðafélagi Íslands, sem ég horfði til,“ segir Kári sem kláraði jafnframt fjarnám við Háskólann á Hólum eftir að námi í Leiðsöguskólanum sleppti. Þess utan hefur Kári verið í gönguklúbbi í yfir þrjátíu ár og segir að íslenskt sumar sé ófullkomnað fram að þeim tíma að hann hefur sofið eina sumarnótt í tjaldi með konunni sinni Ragnhildi.

**Vasaljós á Strokk**

Talið berst að samstarfsfólki hans í ferðaþjónustunni – og því umhverfi sem Kári hefur starfað í síðustu tíu árin. Hann segir aðkallandi að sameina allt það fólk sem vinnur við leiðsögn á Íslandi undir einum hatti – innan skýrt afmarkaðs félagsskapar. Ekki sé lengur um sumarvinnu að ræða fyrir óskilgreindan hóp, heldur sé um að ræða alvöru atvinnugrein hundraða manna og kvenna – þó störfin séu í eðli sínu ólík eftir því hvort ferðast sé um landið sitjandi í rútu, upp á jökla á jeppum eða út á sjó í hvalaskoðunarbátum.

„Þetta er fólk sem þarf að hafa grundvallarþekkingu á starfinu, og landi og þjóð. Það er ekkert vit í því, eins og þetta er núna, að hver sem er, útlendingur eða Íslendingur, geti stokkið upp í rútu og farið að leiðsegja. Maður heyrir ótrúlegar sögur bílstjóranna sem keyra um landið, af útlenskum svokölluðum leiðsögumönnum eða hópstjórum. Bílstjórarnir þurfa til viðbótar að bera ábyrgð á lífi og limum far- ➡




# BARNASTARF KIRKJUNNAR

## REYKJAVÍK

ÁRBÆJARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.arbaejarkirkja.is

ÁSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.askirkja.is

BREIÐHOLTSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
frá 15. janúar
Nánar á www.breidholtskirkja.is

BÚSTAÐAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.kirkja.is

DÓMKIRKJAN
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.domkirkjan.is

GRAFARVOGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00 í kirkjunni
og kl. 13 í Kirkjuselinu Spönginni
Nánar á www.grafarvogskirkja.is

GUÐRÍÐARKIRKJA GRAFARHOLTI
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.gudridarkirkja.is

GRENSÁSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.grensaskirkja.is

HALLGRÍMSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hallgrímskirkja.is

HÁTEIGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl 11:00
Nánar á www.hateigskirkja.is

LAUGARNESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.laugarneskirkja.is

LANGHOLTSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.langholtskirkja.is

NESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.neskirkja.is

SELJAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.seljakirkja.is

ÓHÁÐI SÖFNUÐURINN
Annan og fjórða sunnudag hvers
mánaðar. kl. 14:00
Nánar á www.ohadisofnudurinn.is

## KÓPAVOGUR

HJALLAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.hjallakirkja.is

DIGRANESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.digraneskirkja.is

KÓPAVOGSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
frá 15. janúar
Nánar á www.kopavogskirkja.is

LINDAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.lindakirkja.is

## GARÐABÆR OG HAFNARFJÖRÐUR

ÁSTJARNARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.astjarnarkirkja.is

BESSASTAÐAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00 í
Brekkuskógum 1
en 1. sunnudag hvers mánaðar
í Bessastaðakirkju
Nánar á www.bessastadasokn.is

VÍDALÍNSKIRKJA GARÐABÆ
Alla sunnudaga kl. 11:00
frá 15. janúar
Nánar á www.vidalinskirkja.is

FRÍKIRKJAN HAFNARFIRÐI
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.frikirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á
www.hafnarfjardarkirkja.is

VÍÐISTAÐAKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á www.vidistadakirkja.is

## MOSFELLSBÆR OG SELTJARNARNES

LÁGAFELLSKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 13:00
Nánar á www.lagafellskirkja.is

SELTJARNARNESKIRKJA
Alla sunnudaga kl. 11:00
Nánar á
www.seltjarnarneskirkja.is


Það var oft kátt og fjörugt á Fréttastofu Útvarps eins og meðfylgjandi mynd ber með sér við útsendingarborðið. Kári er fremst á myndinni en síðan f.v. Björg Eva Erlendsdóttir, Broddi Broddason , Sigríður Árnadóttir, Óðinn Jónsson, Ásgeir Tómasson og Jón Guðni Kristjánsson, sem lét af störfum nú um áramótin. MYND/KJ – ÚR SAFNI


Kári við störf á vegum Tímans í upphafi Surtseyjargossins árið 1963. Kári fór 24 sinnum að gosinu á þeim þremur árum sem það stóð. MYND/KJ – ÚR SAFNI


Í vaktstjórastólnum í Efstaleiti, en Kári gegndi stöðu fréttastjóra í tæp 20 ár. MYND/KJ – ÚR SAFNI

þega sinna og leysa öll þau vandamál sem koma upp vegna vanþekkingar þeirra sem eiga að leiða hópana um landið. Yfirvöld verða að koma einhverjum böndum á þetta. Við Íslendingar mætum ekki mörg saman og látum landa okkar fylgja okkur um hallir í Austurríki eða upp í Eiffel-turninn í París, er það? Ferðaþjónustan hefur sprungið út en stjórnvöld hafa sofið þyrnirósarsvefni á meðan. Það verður að krefjast grundvallarþekkingar frá þeim sem taka þetta að sér; að þeir viti af veðrabrigðum og hvað sé áhugavert á hverjum tíma. Eins að þeir gæti að því að gengið sé um landið af þeirri virðingu sem það á skilið og viti hvar hættur geta steðjað að. Það erum nefnilega við leiðsögumenn sem oftar en ekki göngum í störf landvarða,“ segir Kári og nefnir dæmi af hópum sem koma til Íslands en gera sér ekki grein fyrir því að átta tímar af tólf tíma rútuferð í desember eru í myrkri.

„Ég hef sjálfur notað vasaljósið mitt til að sýna hópi erlendra ferðamanna hverinn Strokk – í ferð sem var skipulögð úti í heimi,“ segir Kári sem alltaf minnir sína skjólstæðinga í vetrarferðum á andstæðuna sem íslenska sumarið er – paradís birtu þar sem möguleikarnir til afþreyingar og ferðalaga séu ótakmarkaðir.

### Fáránlegt!

Kári segir það aldrei hafa hvarflað að sér að setjast í helgan stein þegar hann lauk störfum á Fréttablaðinu. Hann hafi vissulega lært að halda á golfkylfu fyrir nokkrum árum, en bara með þeim árangri að hafa mest farið einu sinni á golfvöll á hverju sumri síðan. Hann hafi aldrei haft áhuga á því að sitja við sjónvarp og „horfa á boltaleiki“ enda sé það byggt á langri reynslu að ólíklegt sé að úrslit þeirra breytist við að hann sitji við sjónvarpið. „Mér duga úrslitin,“ segir Kári sem játar því að sennilega sé hann að sinna sínu stærsta áhugamáli með því að vinna sem leiðsögumaður. Það truflaði hann til dæmis ekki neitt að íslenska karlalandsliðið stóð í ströngu í sumar – enda séu afrek íslenskra íþróttakvenna merkilegri í hans huga, þó minna sé um þau talað.

En hvað finnst Kára, í samhengi við ákvörðun sína, um þá staðreynd að fólki sem komið er á tiltekinn aldur sé gert að hætta að vinna – að öllu leyti byggt á fæðingarári en ekki með tilliti til líkamlegs- og andlegs atgervis?

„Það er fáránlegt að ekki sé litið til vilja og getu fólks til að vinna. Aldur skiptir litlu sem engu máli í þessu samhengi – en skilaboðin sem stjórnvöld senda eru skýr. Ég get tekið sem dæmi að margir bílstjórar í íslenskri ferðaþjónustu eru komnir á aldur. Þeir óttast mjög að ný lög um almannatryggingar, þar sem frítekjumark er lækkað, þýði að þeim sé skákað af vinnumarkaðnum. Þessir menn eru frábær starfskraftur innan íslenskrar ferðaþjónustu og geta tekið að sér afmörkuð verkefni, rétt eins og við leiðsögumenn á sama aldri. Stjórnvöld tala um að uppræta svarta atvinnustarfsemi, en ýta svo undir hana með glórulausum aðgerðum eins og þessum. Menn tala um samræmingu í löggjöf en allir sjá hvað þetta er gloppótt og hætturnar sem felast í þessu,“ segir Kári. „Af hverju má ekki leyfa fólki að vinna og njóta þess, öllum til hagsbóta – ég skil ekki hugsunina sem liggur þessu til grundvallar. Gerir það einhver? Gríðarlegri þekkingu og reynslu er kastað á glæ, fullkomlega að ástæðulausu,“ bætir Kári við.

Hann telur reyndar að atvinnuþátttaka eldra fólks geti átt sérstaklega vel við í ferðaþjónustu. Þar séu verkefnin oft vel afmörkuð og auðvelt að velja og hafna fyrir þá sem vilja vinna á efri árum. „Það er mjög algengt hjá okkur leiðsögumönnum að við vinnum fyrir fleiri en eitt fyrirtæki, sem geta ekki verið með fólk á föstum launum við að leiðsegja og keyra, til dæmis í norðurljósaferðum svo dæmi sé tekið. Í ferðinni sem ég fór í gærkvöldi voru margir, bæði bílstjórar og leiðsögumenn, sem voru á eftirlaunaaldri. Þetta er heppilegur starfskraftur og gott að geta sagt, kominn á þennan aldur, að stimpilklukkan sé ekki þinn húsbóndi. Þetta er okkar val – að segja já eða nei við þessum verkefnum og geta sinnt áhugamálum okkar þess á milli,“ segir Kári.

### Skýtur hreindýr milli ferða

Það er ekki ofsagt að Kári stokki saman vinnu og tómstundir þessi misserin. Eins og er komið fram spilar Kári ekki golf, en veiðimennska er honum hugleikin – bæði stangveiði og skotveiði. Þó verður í framhjáhlaupi líka að nefna skógrækt og söng með eldri félögum í Karlakór Reykjavíkur.

„Ég er búinn að skjóta tvö hreindýr, og fer líka á rjúpu. Við hjónin eigum jörð norður í landi með annarri fjölskyldu og höfum farið mikið þangað. Við höfum átt þessa jörð í þrjátíu ár, og þar safnaði ég kröftum á meðan ég var í fréttamennskunni. Hvergi hvílist ég betur en að ganga þar upp með á, eða upp á fjall.“

### Snýst um lýðræði

Kári starfaði á fjölmiðlum í 45 ár, eins og áður sagði, og lifði því breytingar í fjölmiðlum sem erfitt er að skilja. Hann byrjaði sem blaðamaður á Tímanum árið 1963 og hafði þá áður unnið hjá Sambandinu gamla við að skrifa í blöð á vegum þess – í Samvinnuna og Hlyn auk annarrar útgáfustarfsemi. Stærstum hluta starfsævi sinnar á fjölmiðlum varði Kári hjá Ríkisútvarpinu eða 31 ári – þar sem hann gegndi lengi starfi fréttastjóra. Síðustu þrjú ár blaðamannsferils síns, frá 2004 til 2007, var Kári ritstjóri Fréttablaðsins.

„Ég hef miklar áhyggjur af fjölmiðlum á Íslandi. Stjórnvöld eru allt of hrædd við að styðja við fjölmiðla fjárhagslega, eins og tíðkast víðast hvar í kringum okkur. Það gætu verið ívilnanir í skattamálum, og ég man ekki betur en í gamla daga, þegar blöðin voru tengd stjórnmálaflokkunum, að þá var komið til móts við þau – það var gert með því að greiða niður dagblaðapappír. En það er nauðsynlegt að stjórnvöld taki sig saman í andlitinu og stígi þetta skref. Án góðra fjölmiðla verður ekkert lýðræði í landinu, svo einfalt er það. Fjölmiðlar þurfa stuðning til að hægt sé að fjalla um málefni lands og þjóðar á faglegan hátt, hvort sem það eru prentmiðlar, útvarp, sjónvarp eða netmiðlar,“ segir Kári og er á því að þjóðin skuli eiga gott Ríkisútvarp. ➡

**ÞAÐ ER FÁRÁNLEGT AÐ EKKI SÉ LITIÐ TIL VILJA OG GETU FÓLKS TIL AÐ VINNA. ALDUR SKIPTIR LITLU SEM ENGU MÁLI Í ÞESSU SAMHENGI – EN SKILABOÐIN SEM STJÓRNVÖLD SENDA ERU SKÝR.**











„Ég hef oft sagt að eitt það besta sem kom fyrir okkur á fréttastofu útvarpsins var þegar Bylgjan hóf að flytja fréttir – það ýtti við okkur. Það á að vera samkeppni í fjölmiðlum, bæði innan einkageirans og á milli einkageirans og ríkisfjölmiðla. Hvernig þetta verður best gert þarf að leggjast yfir, en skorður við auglýsingar hjá RÚV er nærtæk leið. Eins var það gönuhlaup þegar afnotagjöld voru afnumin, enda hefur nefskatturinn verið notaður til margs annars en hann er ætlaður fyrir. Öflugir fjölmiðlar eru lykilatriði þegar kemur að lýðræði og fyrir umræðuna í landinu,“ segir Kári og bætir við að vissulega hafi Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra skipað nefnd til að gaumgæfa þetta mál, en þá sé til þess að líta að mörg nefndin hafi verið stofnuð til lítils annars en að drepa málum á dreif.

**Gustavsberg**

Spjallið berst aftur að ferðaþjónustunni og málefnum hennar, enda Kára mjög hugleikin. Hann segir ekkert ofsagt í umfjöllun fjölmiðla og annarra um þörfina á uppbyggingu innviða, og stórt sem smátt sem þurfi að færa til betra horfs strax. Hann segir að í því ljósi sé með ólíkindum að Isavia virðist hafa ótakmarkaðan aðgang að fé til að byggja upp móttöku ferðamanna á Keflavíkurflugvelli, en á sama tíma séu grundvallarstoðir ferðaþjónustunnar um allt land vanræktar.

„Þar getum við nefnt vegagerð, löggæslu og ekki síst heilbrigðisþjónustuna. Þarf að nefna salernismálin og gangstígagerð? Klósettmálin eru stórt vandamál, og á meðan skrifaðar eru skýrslur um þetta bíðum við leiðsögumenn eftir því að það gerist eitthvað. Ég held til dæmis að það séu sömu klósettin við Seljalandsfoss og stóðu þar fyrir áratug þegar ég byrjaði í þessu ferðastússi. Sveitarfélögin verða að fá beinan stuðning frá ríkinu til að klára grunninn að því sem ferðamaðurinn þarf – salerni, bílastæði, göngustíga og útsýnispalla svo eitthvað sé nefnt. Þeir sem fara með stjórn þessa lands ættu að gera meira af því að hlusta á sveitarstjórnarmenn.

Umgjörð Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða verður svo auðvitað að endurskoða í því ljósi að þar liggur stórfé sem enginn getur nýtt vegna formsatriða og að sveitarfélögin hafa ekki burði til að nýta þá. Þetta er auðvitað sárgrætilegt,“ segir Kári og bætir við að það sé umhugsunarefni, í ljósi stærðar greinarinnar, að árleg gjöld af eldsneyti á bílaleigubíla, sem skipta milljörðum, myndu fara langt með að duga til uppbyggingar innviða.

„Hvað verður um alla þessa peninga sem ferðaþjónustan aflar ríkinu?!“ spyr Kári og segist jafnframt hugsi yfir þeirri staðreynd að ferðaþjónustunni og umhverfismálum sé ekki gert hærra undir höfði í stjórnsýslunni. Þar blasi við að sérstakt ráðuneyti þurfi að koma til, og því næst þurfi að endurskipuleggja allar þær fjölmörgu stofnanir sem koma að þessum málum í samhengi við nýtt ráðuneyti.

„En þetta varðar bæði stórt sem smátt. Íslenski hesturinn hefur svo mikið aðdráttarafl að það er orðið sérstakt vandamál úti á þjóðvegunum – bæði vegna hættu í umferðinni sem skapast þegar ferðamenn stoppa við girðingar og vegna þess að verið er að fóðra dýr með einhverju sem þau eiga ekki að fá. Þeim skilaboðum þarf að koma á framfæri að þetta sé óæskilegt, eða að banna þetta hreinlega. Við sem ferðumst um landið allt árið sjáum líka að margir sem hér eru á ferð ættu ekki að keyra við íslenskar aðstæður. Og það verður til dæmis einhver að segja það upphátt, að konur af asískum uppruna kunna ekki að nota Gustavsberg – og það þarf að taka tillit til þessara ólíku þarfa okkar gesta af hugkvæmni,“ segir Kári og hefur á orði að villta norðrið sé kannski réttnefni um stöðu ferðaþjónustunnar árið 2017.





**VIÐ SEM FERÐUMST UM LANDIÐ ALLT ÁRIÐ SJÁUM LÍKA AÐ MARGIR SEM HÉR ERU Á FERÐ ÆTTU EKKI AÐ KEYRA VIÐ ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR. OG ÞAÐ VERÐUR TIL DÆMIS EINHVER AÐ SEGJA ÞAÐ UPPHÁTT, AÐ KONUR AF ASÍSKUM UPPRUNA KUNNA EKKI AÐ NOTA GUSTAVSBERG.**


# Skattar, gjöld og bætur




## Staðgreiðsla

Staðgreiðsla skatta 2017 er reiknuð í tveimur þrepum. Útreikningur fyrir mánaðartekjur er sem hér segir:

Af fyrstu 834.707 kr. .......................... 36,94%
Af fjárhæð umfram 834.707 kr. ...... 46,24%

**Frádráttur vegna lífeyrisréttinda**
Heimill frádráttur vegna greiðslu launþega til almennra lífeyrisréttinda er 4% af iðgjaldsstofni.

Frádráttur vegna séreignarsparnaðar er 4%.

**Persónuafsláttur**
Persónuafsláttur er 52.907 kr. á mánuði.

**Skattlagning barna**
Börn fædd 2002 og síðar greiða 6% af tekjum yfir 180.000 kr.

**Laun frá fleiri en einum launagreiðanda**
Þeir sem hafa laun frá fleiri en einum launagreiðanda þurfa að gæta þess að rétt hlutfall sé notað við útreikning á staðgreiðslu. Fari laun yfir 834.707 kr. hjá einum launagreiðanda þarf að reikna 46,24% staðgreiðslu af launum hjá öðrum launagreiðendum.

**Tryggingagjald**
Tryggingagjald er 6,85%.

**Fjársýsluskattur**
Fjársýsluskattur er 5,5%.

**Fjármagnstekjuskattur**
Skattur á fjármagnstekjur er 20%.

## Framtal og álagning

**Barnabætur**
Barnabætur með fyrsta barni hjóna eru 205.834 kr. og með hverju barni umfram eitt 245.087 kr. Með fyrsta barni einstæðs foreldris eru þær 342.939 kr. og með hverju barni umfram eitt 351.787 kr.

Skerðingarmörk vegna tekna eru 5.400.000 kr. hjá hjónum og 2.700.000 kr. hjá einstæðu foreldri. Bæturnar skerðast um 4% af tekjum umfram þessi mörk fyrir eitt barn, 6% fyrir tvö börn og 8% ef börnin eru þrjú eða fleiri.

Viðbótargreiðsla með hverju barni yngra en 7 ára er 122.879 kr. og skerðist um 4% af tekjum umfram ofangreind mörk.

**Vaxtabætur**
Hámark vaxtabóta er 400.000 kr. fyrir einhleyping, 500.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 600.000 kr. fyrir hjón/sambúðarfólk.

Vaxtagjöld til útreiknings vaxtabóta geta ekki orðið hærri en 7% af eftirstöðvum skulda vegna íbúðarkaupa og að hámarki 800.000 kr. hjá einhleypingi, 1.000.000 kr. hjá einstæðu foreldri og 1.200.000 kr. hjá hjónum og sambúðarfólki.

Skerðing vegna tekna er 8,5% af tekjustofni.

Vaxtabætur einhleypinga og einstæðra foreldra byrja að skerðast við nettóeign 4.500.000 kr. og falla niður þegar hún nær 7.200.000 kr.

Vaxtabætur hjóna og sambúðarfólks byrja að skerðast við nettóeign 7.300.000 kr. og falla niður þegar hún nær 11.680.000 kr.

**Fjármagnstekjuskattur**
Skattur á fjármagnstekjur er 20%.

Frítekjumark vegna vaxtatekna er 125.000 kr. á einstakling.

Frádráttur vegna leigutekna manna af íbúðarhúsnæði til búsetu leigjanda er 50% af leigutekjum. Frítekjumark gildir ekki um arð, söluhagnað og leigutekjur af öðru en íbúðarhúsnæði.

**Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra**
Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra er 10.956 kr. á einstaklinga sem fæddir eru 1947 og síðar og eru með tekjur yfir 1.678.001 kr. á ári. Undanþegin eru börn innan 16 ára aldurs.

**Útvarpsgjald**
Útvarpsgjald er 16.800 kr. á einstaklinga sem fæddir eru 1947 og síðar og eru með tekjur yfir 1.678.001 kr. á ári. Undanþegin eru börn innan 16 ára aldurs.

**Skattlagning lögaðila**
Tekjuskattur hlutafélaga, einkahlutafélaga og samvinnufélaga er 20% við álagningu 2017.

Tekjuskattur annarra lögaðila er 36% og gildir það m.a. um sameignar- og samlagsfélög, þrotabú og dánarbú.

***Álagning einstaklinga***
*Álagning opinberra gjalda einstaklinga fer fram 1. júlí 2017.*

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

rsk@rsk.is

442 1000
Þjónustuver 9:30-15:30

Nánari upplýsingar á **rsk.is**

BÍLMAGNARAR BÍLHÁTALARAR ÚTVÖRP

# RISAÚ

MEIRA EN 2000 VÖRUTEGUNDI

# ALLT AÐ 75%

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
HRÆRIVÉLAR HÁFAR SAMLOKUGRILL
FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN
OFNAR

NOKKUR VERÐDÆMI

**Útlitsgallaðar vörur og síðustu eintök með miklum afslætti**
Philips, Panasonic og LG sjónvörp með allt að 200.000 kr. afslætti
**Tvöfaldir LG kæliskápar með allt að 100.000 kr. afslætti**
Ofnar, háfar og helluborð á allt að 60% afslætti
**Philips Bluetooth hátalarar með allt að 75% afslætti**
Oral-B rafmagnstannburstar frá 995 kr.
**Fissler pottar og pönnur með allt að 60% afslætti**

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS LG Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

BÍLTÆKI
SJÓNVÖRP FERÐATÆKI
DVD SPILARAR MAGNARAR
MP3 SPILARAR HLJÓMBORÐ
ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HEYRNARTÓL
HÁTALARAR MYNDAVÉLAR REIKNIVÉLAR

# TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# AFSLÁTTUR

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR HELLUBORÐ
STRAUJÁRN RAKVÉLAR
RYKSUGUR

iRobot ryksuguvélmenni frá 39.995 kr.
**Blendtec blandarar með 30% afslætti**
Vestfrost þvottavélar með íslensku stjórnborði frá 29.995 kr.
**Alsjálfvirkar kaffivélar frá 42.995 kr.**
Mikið úrval af brauðristum, kötlum, samlokugrillum
og öðrum smáraftækjum á frábærum verðum

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

**OPIÐ!**

OPIÐ Á SUÐURLANDSBRAUT
VIRKA DAGA FRÁ 10-18,
LAUGARDAG 11-18 OG SUNNUDAG 12-18.

**Heimilistæki**
www.ht.is

7 VERSLANIR UM ALLT LAND - SÍMI 5691500

wilfa Melissa Ariete elna VESTFROST exido MEDISANA Whirlpool DeLonghi DAEWOO

# STÓRÚTSALA T

## 1.000 TÖLVUVÖRUR

Á STÓRÚTSÖLUVERÐI!

**FARTÖLVUR** ALLT AÐ -34%

**SKJÁKORT** ALLT AÐ -42%

**PRENTARAR** ALLT AÐ -42%

**TURNKASSAR** ALLT AÐ -54%

**SKJÁIR** ALLT AÐ -35%

**HEYRNARTÓL** ALLT AÐ -70%

HELGAROPNUN
SUÐURLANDSBRAUT
LAUGARDAG 11-18
SUNNUDAG 12-18

TÖLVU

REYKJAVÍK · AKUREYRI · HÚSAVÍK · EGILSSTAÐI


TÖLVULISTANS
ALLT AÐ 70%
AFSLÁTTUR!
HÁTALARAR
ALLT AÐ
-43%
SMÁTÖLVUR
ALLT AÐ
-33%
FLAKKARAR
ALLT AÐ
-37%
MÝS OG LYKLABORÐ
ALLT AÐ
-50%
NETBÚNAÐUR
ALLT AÐ
-60%
MÓÐURBORÐ
ALLT AÐ
-38%
LISTINN
HELGAROPNUN
GLERÁRTORGI
LAUGARDAG 10-17
SUNNUDAG 13-17
IR · SELFOSS · KEFLAVÍK · AKRANES · WWW.TL.IS



Árni Eyvindsson byggði sig upp á Kumbaravogi eftir slys og horfir nú með kvíða til framtíðarinnar út um gluggann á setustofu Snekkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Förum ekki nema vera borin út



Hjónin Jón Friðrik Zóphaníasson og Rannveig Hansína Jónasdóttir voru áður aðskilin en sameinuðust á Kumbaravogi þar sem þau una hag sínum vel í tveimur samtengdum herbergjum.

Íbúar á Kumbaravogi er sárir og kvíðnir vegna ákvörðunar heilbrigðisráðherra um að loka heimilinu. Þeir segja ósannindi í skýrslu landlæknis um ástandið á heimilinu.

Garðar Örn Úlfarsson
gar@frettabladid.is



Eyþór Árnason
eythor@frettabladid.is
ljósmyndari

Fólki líður illa og er áhyggjufullt og margt á erfitt með svefn," segir Margrét Björk Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri á Kumbaravogi. Aðstandendur séu ekki síður áhyggjufullir. „Þeir hafa bæði hringt mikið og verið að koma."

Þegar Fréttablaðið heimsótti Kumbaravog á miðvikudag voru heimilismenn samtals þrjátíu, 23 í aðalbyggingunni og sjö í svokallaðri Snekkju. Af þessum plássum eru 29 hjúkrunarrými og eitt dvalarrými. Íbúar á Kumbaravogi eru frá fimmtugu upp í 95 ára.

Starfsmaður frá svokallaðri færni- og heilsufarsnefnd mætti á staðinn milli jóla og nýárs og afhenti íbúunum bréf um lokun hjúkrunarheimilisins 31. mars næstkomandi samkvæmt ákvörðun heilbrigðisráðherra sem vísaði í skýrslu landlæknis um ástandið á heimilinu. Starfsmönnum, sem eru um fimmtíu talsins í mismunandi starfshlutfalli, hefur verið sagt upp og eru í óvissu um sína framtíð.

Á Kumbaravogi segir fólk að fjórir fulltrúar frá landlækni hafi heimsótt staðinn í desember. Þeir hafi ekki rætt við aðra en forstöðumanninn og hjúkrunarforstjórann og ekki leitað eftir viðhorfi íbúanna sjálfra.

„Það er skepnuskapur og svínarí hvernig er komið fram við okkur – að tilkynna þetta milli jóla og nýárs," segir Haukur Daðason, 91 árs íbúi.

> **ÞAÐ ER MIKILL SKEPNUSKAPUR OG SVÍNARÍ HVERNIG ER KOMIÐ FRAM VIÐ OKKUR – AÐ TILKYNNA ÞETTA MILLI JÓLA OG NÝÁRS.**
>
> Haukur Daðason

Eins og aðrir sem rætt er við á Kumbaravogi kveður Haukur ranga mynd dregna upp í skýrslum landlæknis af ástandinu á Kumbaravogi. „Þetta er einfaldlega lygi og fjarstæða. Það er með ólíkindum að menn í opinberri stöðu geti látið svona frá sér," segir hann hreint út.

Meðal þess sem Haukur segir vera rangfærslur eru fullyrðingar um kulda og það að fjórir séu saman í herbergi sem sé liðin tíð. „Ég segi ekki að kannski megi ekki eitthvað betur fara, en hér er afskaplega góð umönnun og starfsfólkið einstakt. Ef fólki líður hvergi verr en hér þá er nú ekki mikið að í öldrunarmálunum."

Jón Friðrik Zophaníasson býr á Kumbaravogi ásamt eiginkonu sinni, Rannveigu Hansínu Jónasdóttur, í tveimur samliggjandi herbergjum. Áður höfðu þau verið aðskilin um skeið og þau óttast hvað verði um þau. Jón er 83 ára og Rannveig er 81.

„Við höfum það gott og viljum ekki fara héðan. Hér er frábært starfsfólk og aðbúnaður er mjög góður. Það er vel um okkur hugsað og fæðið er mjög gott," segir Jón. „Ég ætla ekki héðan eins og megnið af fólkinu. Við höfum það ákaflega gott og förum ekki héðan nema við verðum borin út," bætir hann við ákveðinn.

Jón tekur í sama streng og Haukur varðandi fullyrðingar landlæknisembættisins um stöðu mála á heimilinu. „Þetta eru bara ósannindi og blaður."

Ingunn Sighvatsdóttir, sem á árum áður var starfsmaður á Kumbaravogi, er nú íbúi þar, orðin 95 ára gömul. Dóttir hennar, Guðný Hólm Birgisdóttir, er í heimsókn.

„Maður er í áfalli. Þetta er bara skelfilegt," segir Guðný og svipaður tónn er í öðrum sem eru gestkomandi á staðnum. Aðstandandi sem er í heimsókn hjá 95 ára móður ➡

Fimm ára ábyrgð



VIÐ KYNNUM Á STÓRA SVIÐIÐ

# TIVOLI XLV

FJÓRHJÓLADRIFINN OG SJÁLFSKIPTAN SPORTJEPPA

Ævintýrið heldur áfram. Öll þekkjum við fjórhjóladrifnu Íslandsvinina frá SsangYong; Rexton, Korando og Tivoli, nú kynnum við á stóra sviðið nýjasta meðlim þessarar geðþekku jeppagrúppu; Tivoli XLV.

Tivoli XLV er vel útilátinn og sækir rokkað útlitið til litla bróður síns og nafna, en er extra langur og einstaklega fjölhæfur. SsangYong jepparnir hafa vakið mikla athygli fyrir hönnun, hagstætt verð og frábæra akstursеiginleika. Tivoli XLV er þar enginn undantekning og býður uppá staðalbúnað sem er aðeins fáanlegur í mun dýrari sportjeppum.

FRUMSÝNING Á ÞREMUR STÖÐUM Í DAG, LAUGARDAG

TIVOLI – VERÐ FRÁ: 3.290.000 KR.
TIVOLI XLV – VERÐ FRÁ: 3.890.000 KR.

Bílliinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Verið velkomin á frumsýningu í dag, laugardag!** | **benni.is.**

**Reykjavík**
Tangarhöfða 8
Sími: 590 2000

**Reykjanesbær**
Njarðarbraut 9
Sími: 420 3330

**Bílaríki, Akureyri**
Glerárgötu 36
Sími: 461 3636

**Opið:**
Laugardag frá 12:00 til 16:00

SSANGYONG



Kaffitímunum á Kumbaravogi fer nú óðum fækkandi. Kunnugir segja að þar séu ávallt góðgerðir á borðum fyrir gesti og gangandi jafnt sem íbúa.

**MÉR LÍST ALLS EKKERT Á ÞAÐ AÐ ÞURFA AÐ FARA HÉÐAN BURT.**

Árni Eyvindsson

**VIÐ HÖFUM ÞAÐ GOTT OG VILJUM EKKI FARA HÉÐAN. HÉR ER FRÁBÆRT STARFSFÓLK OG AÐBÚNAÐUR ER MJÖG GÓÐUR.**

Jón Friðrik Zophaníasson

**50**

**STARFSMENN ERU AÐ MISSA VINNUNA VEGNA LOKUNAR KUMBARAVOGS.**

sinni segir til dæmis að síst langi hana til að standa í flutningum enda fari vel um hana á heimilinu.

Árni Eyvindsson segist hafa lent í óhappi og komið á Kumbaravog fyrir fimm árum með sjúkrabíl. Hann þakkar það sérstaklega líkamsræktaraðstöðunni á staðnum að hann hafi náð sér á strik – fyrst í hjólastól, síðan á hækjur, þá með göngustaf þar til hann hafi getað gengið einn og óstuddur og það geri hann óspart í því fallega umhverfi sem heimilið sé í.

„Það er ekki amalegt útsýni hér. Eyjafjallajökull og Hekla, það er ekki hægt að biðja um betra,“ segir Árni og bendir út um gluggann þegar hann sýnir okkur herbergið sitt í þeirri byggingu sem heitir Snekkjan og hýsir eingöngu karlmenn.

Árni gefur lítið fyrir aðfinnslur landlæknis. Þótt ef til vill sé ekki allt algerlega fullkomið hafi hann það frábært. „Mér líst alls ekkert á það að þurfa að fara héðan burt,“ segir Árni sem verður 68 ára í næsta mánuði.

Í gær voru þrír íbúar á Kumbaravogi komnir með nýja vist. Ingunn Sighvatsdóttir fer í Hveragerði og einn karl á Hellu. Svo er það Haukur Daðason sem ætlar strax nú um helgina til Eyrarbakka þar sem hann ólst upp til sautján ára aldurs. „Ég ætla ekki að bíða eftir að verða fluttur hreppaflutningum.“



Hægt er að tylla sér og horfa á sjónvarpið í setustofunni.



Guðný Hólm Birgisdóttir kveðst vera í áfalli yfir lokun Kumbaravogs. Hálftíræð móðir hennar verður flutt í Hveragerði.



„Landlæknir ætti að skrifa skáldsögur,“ segir Haukur Daðason um innihald skýrslu landlæknis.



Gangar eru bjartir og breiðir í aðalbyggingunni en þó talsvert þrengri í útbyggingunni Snekkjunni.



Íbúar og gestir spjalla um heima og geima í setustofunni. Þeim þykir ákvörðunin um lokun Kumbaravogs vera mikil ótíðindi.



Aðstandendur hafa áhyggjur og koma til að huga að sínu fólki.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ 7. JANÚAR 2017 LAUGARDAGUR

# MINNI MATARLYST OG SYKURÞÖRF

Amínó® Létt er seðjandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun þar sem glúkómannan stuðlar að þyngdartapi, sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. Guðrúnu Lilju Hermannsdóttur finnst það virka vel.

Amínó® Liðir og Amínó® Létt eru nýjar vörur úr fiskprótíni sem var þróað og unnið hjá Iceprotein. Amínó® vörulínan samanstendur af fæðubótarefnum sem innihalda þorskprótín.

### Stuðlar að þyngdartapi

Auk fiskprótíns inniheldur Amínó® Létt glúkómannan sem er þekkt fyrir einstaka hæfileika til að auka umfang sitt í meltingarveginum og auka þannig seddutilfinningu og seinka tæmingu magans. Það hefur verið staðfest í klínískum rannsóknum að glúkómannan stuðli að þyngdartapi. Einnig inniheldur Amínó® Létt króm-pikkólínat. Króm er nauðsynlegt fyrir orkubúskap líkamans vegna hlutverks þess í efnaskiptum glúkósa. Króm-pikkólínat hefur mikið verið notað við þyngdarstjórnun þar sem það er talið minnka sykurlöngun.




### Borðar reglulegar og hollar

Amínó® Létt er seðjandi og mettandi blanda sem auðveldar þyngdarstjórnun sé það tekið inn sem hluti af orkusnauðu mataræði. GLP-1 er boðefni fyrir mettun og bendir margt til að ekki sé nóg af því boðefni hjá fólki sem þjáist af ofþyngd. Guðrún Lilja Hermannsdóttir segist hafa átt erfitt með að létta sig, sama hvað hún reyndi. Henni finnst Amínó® Létt hafa hjálpað sér við að vera saddari og borða þar af leiðandi minna, þökk sé glúkómannan. „Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram. Ég hef alltaf verið með mikið uppþembdan maga en það hefur lagast mikið eftir að ég byrjaði á töflunum auk þess sem ég hef losnað við nokkur kíló. Matarlystin hefur minnkað, sem og sykurlöngun, meltingin er betri, ég borða reglulegar og er ekki að fá mér eitthvert nasl á kvöldin nema þá grænmeti og ávexti. Ég mæli því heils hugar með Amínó® Létt,“ segir Guðrún Lilja.


„Ég er mjög ánægð með Amínó® Létt, finn mikinn mun á mér og langar til að nota það áfram,“ segir Guðrún Lilja Hermannsdóttir.


Steinþóru líður betur í baki eftir að hún fór að taka Amínó® Liði. MYND/ANTON BRINK

### Amínó® Liðir

Amínó® Liðir er liðkandi blanda með náttúrulegum efnum úr fiskprótíni úr hafinu við Ísland. Það inniheldur sæbjúgu (Cucumaria frondosa) og IceProteins® (vatnsrofin þorskprótín). Skrápurinn samanstendur að mestu leyti af brjóski og er því mjög ríkur af kollageni en einnig lífvirka efninu chondroitin sulphate sem verndar liði fyrir skemmdum og örvar endurbyggingu á skemmdu brjóski. Fyrir utan að innihalda kollagen og chondroitin sulphate er sæbjúgnaextraktið ríkt af sinki, joði og járni sem og bólguhemjandi efnum sem nefnast saponin. Auk sæbjúgna og IceProteins® inniheldur Amínó® Liðir túrmerik, D-vítamín, C-vítamín og mangan. Kollagen, chondroitin sulphate, D-vítamín, C-vítamín og mangan eru allt efni sem eru mikilvæg fyrir liðaheilsu.




### Góð reynsla af Amínó® Liðum

Þær Steinþóra Sigurðardóttir og Ida Haralds Malone hafa báðar notað Amínó® Liði og eru ánægðar með áhrifin. „Ég var mjög slæm í baki og leiddu óþægindin í bakinu niður í annan fótinn. Ég var með stöðug óþægindi og hálf haltraði. Eftir að ég fór að taka inn Amínó® Liði öðlaðist ég meiri liðleika í bakinu og óþægindin minnkuðu,“ segir Steinþóra. Ida hefur haft óþægindi í um þrjátíu ár og hefur henni liðið misvel. „Stundum hefur mér liðið ágætlega í nokkur ár en svo fer að síga á ógæfuhliðina. Ég á ekki nógu mörg orð yfir hvað ég er ánægð með Amínó® Liði.“

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is**

IceCare
Þín heilsa

Hamingjan kemur innan frá. Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna
- Öflug melting og betra jafnvægi -

**Bio-Kult Candéa**

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 7 sýruþolnum gerlastrengjum, hvítlauk og grape seed extract.




**Bio-Kult Original**

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflóruna og styrkir varnir líkamans.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 14 sýruþolnum gerlastrengjum.




**Bio-Kult Pro-Cyan**

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 2 sýruþolnum gerlastrengjum, trönuberjaþykkni og A-vítamín.




**Bio-Kult Infantis**

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflóruna, án allra aukaefna og er bragðlaust.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 7 sýruþolnum gerlastrengjum, Omega 3 og D3-vítamín.




Veldu það besta fyrir þína meltingu. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á **www.icecare.is**

# ALLT FRÁ HJARTANU ER FALLEGT

Á undanförnum mánuðum hefur **GKR** breyst úr efnilegum tónlistamanni í einn vinsælasta rappara landsins. Fyrsta plata hans er ofarlega á flestum árslistum yfir bestu plötur ársins 2016 og fram undan er annasamt en skemmtilegt ár.

Fyrsta plata rapparans Gauks Grétusonar, sem er betur þekktur sem GKR, er ofarlega á nær öllum árslistum yfir bestu plötur ársins 2016. Gripurinn, sem ber nafnið GKR, inniheldur níu lög, þar á meðal er Morgunmatur sem naut mikilla vinsælda haustið 2015 og hefur í dag fengið tæplega 271 þúsund áhorf á YouTube. Árið var annasamt hjá rapparanum, hann kom fram á flestum stærstu tónlistarhátíðunum hérlendis við góðar undirtektir og varð um leið einn vinsælasti rappari landsins.

GKR segir fyrstu plötuna innihalda lög frá löngu tímabili en vinsælasta lag sitt, Morgunmatur, samdi hann í lok árs 2013. „Þó að þetta hafi verið samansafn af eldri og nýrri lögum finnst mér platan flæða virkilega vel frá byrjun til enda. Það var alltaf markmið hjá mér, jafnvel þótt lögin hafi verið gerð á mismunandi tíma og ekki fyrir neina ákveðna heild. Ég tók hana mest upp sjálfur í stúdíóinu og var þar oft langt fram eftir nóttu. Það gat verið einmanalegt en einnig virkilega falleg reynsla og sýnir líka viljastyrk, metnað og kenndi mér aga. Ég elska öll lögin þarna og mér finnst þau vera mjög falleg enda finnst mér allt frá hjartanu vera fallegt.“



GKR kom m.a. fram tónlistarhátíðunum Sónar, Secret Solstice og Iceland Airwaves á síðasta ári.

> Textarnir mínir eru byggðir á tilfinningum sem ég finn. Stundum eru það stoltar tilfinningar, mont, gleði, jákvæðni, hamingja og mikil orka. En stundum eru það mjög einmanalegar og óþægilegar tilfinningar, þunglyndi og fleiri neikvæðir hlutir. Ég skrifa texta bæði til að bæta líðan mína og vonandi þeirra sem hlusta.
>
> Gaukur Grétuson (GKR)

### ANNASAMT ÁR

Hann er mjög ánægður með viðtökurnar en segist þó alltaf vilja meira. „Það er fínt að koma þessu út en ég held bara áfram að gera tónlist á fullu. Ég er enn að fylgja plötunni eftir og gerði nýlega myndband við lagið Meira sem var m.a. deilt af MAD DECENT, sem er frekar stórt plötufyrirtæki í Bandaríkjunum. Í gær gaf ég út myndband við lagið Elskan af því bara, og á næstu vikum mun ég svo taka lokahnykkinn á kynningu varðandi plötuna og tilkynna svolítið mjög skemmtilegt.“

Síðasta ár var mjög annasamt hjá GKR og nefnir hann nokkra hápunkta. „Ragnar Kjartansson spilaði lagið mitt Morgunmatur hjá BBC Radio, mér fannst það kúl. Einnig fannst mér æðislegt að ferðast um landið og spila á ýmsum stöðum öðrum en Reykjavík. Ég kom m.a. fram á Lunga á Seyðisfirði, AK Extreme á Akureyri, húkkaraballinu í Eyjum og Aldrei fór ég suður á Ísafirði. Allt virkilega skemmtilegar minningar og tónleikar.“ Stærri tónlistarhátíðir á borð við Secret Solstice, Sónar og Iceland Airwaves voru líka mjög eftirminnilegar að hans sögn.



Stemningin á tónleikum GKR er oft frábær. MYND/KAMILLA MARÍA GNARR

### TILFINNINGARÍKIR TEXTIR

Hann segist fá innblástur úr mörgum áttum þegar hann semur tónlist. „Ég var líklegast 13-14 ára þegar ég byrjaði virkilega að dýfa mér í hiphop og rapp. Textarnir mínir eru byggðir á tilfinningum sem ég finn. Stundum eru það stoltar tilfinningar, mont, gleði, jákvæðni, hamingja og mikil orka. En stundum eru það mjög einmanalegar og óþægilegar tilfinningar, þunglyndi og fleiri neikvæðir hlutir. Ég skrifa texta bæði til að bæta líðan mína og vonandi þeirra sem hlusta. Þannig vona ég að hlustendur finni að þeir séu ekki eina fólkið sem þarf að tækla þessar tilfinningar. Það er alveg ótrúlegt hvað mörgum líður illa en hafa engan til að tala við eða vilja ekki tala við neinn. Þó getur sami hópur fundið hlýju frá einhverri listgrein, t.d. tónlist.“

Markmið ársins 2017 eru í senn einföld og metnaðarfull. „Ég ætla að gera mikið af kúl tónlist og verða fyrsti ungi listamaðurinn sem gamalt fólk skilur án þess að það fussi og sveii. Svo ætla ég að muna að brosa, spara pening og eyða pening líka, vera hagkvæmur, hafa trú á sjálfum sér og hugsa út fyrir boxið.

**Hlust má á tónlist GKR á Spotify og Soundcloud og fylgjast með honum á facebook og twitter (@ GKROFFICIAL) og Instagram (@ gkrgkrgkr). Myndböndin hans má skoða á youtube.com/gkrofficial.**


# OPIÐ HÚS Í HEILSUDREKANUM

**Heilsudrekinn kynnir** Opið hús verður í dag í Heilsudrekanum Skeifunni 3j milli klukkan 10 til 16 þar sem kynnt verða komandi námskeið. Þau Kjartan Kjartansson, Elín Bryndís Snorradóttir, Svavar Þór Sævarsson og Yasmin Mechiat segja kínverska leikfimi hafa breytt lífi þeirra en þau hafa stundað æfingar í Heilsudrekanum um nokkurt skeið.

### TAI CHI OG HEILSU QIGONG ORÐIÐ AÐ LÍFSSTÍL

„Æfingarnar gera mér gott, gefa aukinn kraft og meiri orku og liðleika og líkamsstaðan batnar. Þetta er orðið að lífsstíl hjá mér og þannig virkar það best,“ segir **Svavar Þór Sævarsson** en hann hefur æft í Heilsudrekanum í fjögur ár.

„Ég æfi sex daga vikunnar og stundum tvisvar á dag. Æfingarnar er hægt að gera hvar sem er. Ég geri þær sjálfur öðru hvoru heima eða úti í garði. Ég er með ADD og æfingarnar hjálpa mér mikið, öndunin dýpkar og ég næ betri slökun. Æfingarnar hjálpa mér að halda aga á sjálfum mér og rútínu í skólanum. Ég á einnig auðveldara með að skipuleggja mig eftir að tai chi varð hluti af mínu lífi.“

### GÓÐ ÁHRIF Á ADHD

„Ég hafði aldrei haft áhuga á bardagaíþróttum þegar ég sá myndina Fearless eftir Jet Li. Ég heillaðist af hreyfingunum og boðskapnum í myndinni. Ég ákvað því að drífa mig í Heilsudrekann,“ segir **Elín Bryndís Snorradóttir** en hún hefur æft í Heilsudrekanum í eitt og hálft ár.

„Mér leið ekki vel á þessum tíma, hafði þurft að hætta í fótbolta vegna meiðsla og var orðin hálf þunglynd. Ég er líka með ADHD en eftir að ég byrjaði hér líður mér miklu betur. Ég get einbeitt mér mun betur og er miklu rólegri. Þegar ég hætti í fótboltanum og fékk ekki útrás þar missti ég einbeitinguna og gekk ekki vel í skólanum. Í dag gengur mér miklu betur.“

### HENTAR ÖLLUM ALDRI

„Ég fann strax hvernig æfingarnar dýpka öndunina en það hjálpar mér meðal annars í fjallgöngum og útivist. Jafnvægið batnar einnig mjög mikið,“ segir **Kjartan Kjartansson** en hann hefur æft í Heilsudrekanum í fjögur ár.

„Ég æfi þrisvar í viku og stunda útivist um helgar. Ef ég hefði meiri tíma myndi ég mæta oftar í viku. Æfingarnar liðka alla liði og þó hreyfingarnar séu hægar kemur þetta svipað út í brennslu og önnur líkamsrækt. Hér æfir fólk fjögurra ára og upp úr. Sjálfur er ég 62 ára og hér eru margir eldri en ég. Hér eru rólegheit og ljúf músík. Þetta hentar fólki á öllum aldri.“



Svavar þór, Yasmin, Elín Bryndís og Kjartan segja kínverska leikfimi gera sér gott.

### BETRI TENGING VIÐ NÁTTÚRUNA

„Ég æfi allt sem í boði er í Heilsudrekanum, tai chi, kung fu og heilsu-qigong,“ segir **Yasmin Mechiat** en hún hefur æft í Heilsudrekanum í eitt ár. „Gegnum æfingarnar finnst mér ég ná betri tengingu við náttúruna.“

**Nánari upplýsingar á Facebooksíðu Heilsudrekans og í síma 553 8282. www.heilsudrekinn.is**




FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
FÍ
1927 2017
90 ára

*Skráðu þig inn – drífðu þig út*

Ferðafélag Íslands var stofnað 1927 og verður 90 ára gamalt 2017. Framundan er því afmælisár með tilheyrandi afmælisferðum og afmælisfagnaði. Fyrsta ganga ársins verður Borgarganga sunnudaginn 15. janúar kl. 10.30 frá Perlunni. Þá mun Pétur H. Ármannsson arkitekt leiða för um Öskjuhlíð og Nauthólsvík og rifjar hann upp merkilega sögu svæðisins. **Þátttaka ókeypis, allir velkomnir**.






Þórir þjálfar Perlu á hverjum degi en mikil vinna er að baki sporhundaþjálfun. MYND/VILHELM

# ÞÓRIR OG PERLA LEITA AÐ TÝNDU FÓLKI

**Þórir Sigurhansson** starfar fyrir Björgunarsveit Hafnarfjarðar við að þjálfa blóðhundinn Perlu. Perla er sú eina sinnar tegundar á landinu en þau Þórir fóru tæpa 200 km af spori á síðasta ári og í 32 útköll.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Þórir hefur alla tíð átt hunda og hefur þjálfað snjóflóða- og víðáttuleitarhunda í 28 ár. Það var hins vegar fyrir tveimur árum að hann tók við starfi sporhundaþjálfara hjá Björgunarsveit Hafnarfjarðar. „Sveitin hefur verið með sporhunda á sínum vegum frá árinu 1960 og er eina sveitin á landinu með sporhundahóp. Snorri Magnússon var lengi aðalþjálfarinn en ég tók við sem þjálfari Perlu fyrir tveimur árum,“ segir Þórir. Perla er sex ára tík af blóðhundakyni sem björgunarsveitin flutti inn fyrir tveimur árum.

„Blóðhundar hafa algera yfirburði í þessari tegund af sporum. Þeir eru mikið notaðir í Þýskalandi og Bandaríkjunum af lögreglu og björgunarsveitum. Ræktunin í þeim miðast við sporavinnuna, þeir hafa líkamlega yfirburði til að rekja sporið og verða dálítið einhverfir þegar þeir detta í þessa vinnu, þá kemst ekkert annað að,“ lýsir Þórir og segir hundana magnaðar týpur. „Ég hef þjálfað hunda lengi en Perla er alltaf að koma mér á óvart.“

Þórir segir að þó blóðhundar séu bæði gæfir og góðir hundar henti þeir ekki á heimili. „Ég er oft með hana hérna heima en hún er svo uppátækjasöm. Það má ekki líta af henni, þá er hún komin upp í rúm, ofan í skúffu eða búin að velta einhverju um koll. Hún er stanslaust að,“ segir hann glettinn.

Það er Björgunarsveit Hafnarfjarðar sem á Perlu og sér um allt uppihald hennar. Þá býr hún í sérstöku hundahúsi sem björgunarsveitin á. Hún er þó alltaf mikið á ferðinni með Þóri bæði í þjálfun og svo kemur hún heim með honum og hittir hundana tvo sem Þórir á sjálfur. „Ég er með gamla séffertík og svo ungan labrador sem ég er að þjálfa í líkleit.“

## MIKIL ÞEKKING Í SVEITINNI

Perla var fjögurra ára þegar hún var flutt til landsins en Þórir fékk það hlutverk að klára þjálfun hennar og koma henni í gegnum þær úttektir sem þarf til að hún megi fara í útköll. Hann segist hafa haft nokkra reynslu af sporhundaþjálfun, hafi æft sporaleit með sína hunda meðfram öðru. „Það sem ég hafði ekki gert áður voru þessi einstaklingsspor. Þá leitar hundurinn að einstaklingi með því að para saman annars vegar lykt af viðkomandi og spor þess týnda hins vegar,“ segir Þórir og bendir á að þjálfunin sé mjög sérhæfð. Hann segist bæði hafa lesið sér til um þjálfunina en auk þess getur hann sótt í viskubrunn félaga sinna í sveitinni enda hefur mikil þekking orðið til í gegnum árin.



Þórir er eini launaði sporhundaþjálfarinn á landinu en hann er í vinnu hjá Björgunarsveit Hafnarfjarðar sem á Perlu. MYND/VILHELM

## GÓÐ REYNSLA

Þórir er eini þjálfarinn á landinu sem starfar við sporhundaþjálfun en hann er í hálfu starfi hjá björgunarsveitinni við það. „Þetta er mjög mikil vinna og ekki gerandi nema fá greitt fyrir það. Maður er í raun á útkallsvakt allan sólarhringinn allt árið um kring en auk þess þarf að viðra hundinn og þjálfa á hverjum degi.

Hann segir þjálfun Perlu ganga vel. „Hún er komin í mjög gott jafnvægi núna,“ segir hann en þau Perla fóru tæpa 200 km af spori á síðasta ári. Þá fóru þau í 32 útköll árið 2016, það síðasta á gamlársdag. Ástæður útkallanna eru iðulega að fólk týnist en einnig hafa þau starfað fyrir lögregluna.

Þórir kann afar vel við starf sitt enda hefur hundaþjálfun verið áhugamál hans í áratugi. „En þetta er skrítið starf, oft er ég á leiðinni út um miðjar nætur til að mæta í vinnu. Þá er ég á einni stundu í stofunni heima og þá næstu í flugi á leið út á land.“

Hann segir öll útköll ólík en eftirminnilegast er honum þegar þau Perla fundu manneskju á lífi á síðasta ári. „Það er auðvitað mjög eftirminnilegt að sjá þjálfunina skila árangri.“

## PERLA FÆR FÉLAGSSKAP

Stefnan hjá Björgunarsveit Hafnarfjarðar er að vera með tvo þjálfaða hunda til taks. Í því augnamiði hefur sveitin fest kaup á blóðhundshvolpi frá Ungverjalandi. „Við bíðum þess bara að hún verði orðin nógu gömul þannig að það megi flytja hana, en það er ekki fyrr en við sjö mánaða aldur. Síðan tekur við einangrun,“ segir Þórir sem býst við að fá nýja hvolpinn í þjálfun í byrjun júní en hann mun þjálfa hann frá grunni.



Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Zumba
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámsskeið fyrir hópa
Börn - Unglingar - Fullorðnir

ZUMBA fitness

Frístundakortið

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar
www.dansskoli.is | dans@dansskoli.is | sími 553 6645


Nú eru allar úlpur komnar á útsölu - Verð frá 3.990kr!
Stærðir 36-56
ÚTSALA 30-80%
afsláttur af öllum útsöluvörum
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
Úlpa, aðeins 5.990kr! Áður 12.990
ÚT-SALA
Úlpa, aðeins 3.990kr! Áður 12.990
Úlpa, aðeins 5.990kr! Áður 12.990
Úlpa, aðeins 5.990kr! Áður 12.990
Úlpa, aðeins 5.990kr! Áður 12.990
KJÓLL ÁÐUR 7.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
SKYRTA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.000 st. S-XXXL
KJÓLL ÁÐUR 6.990 NÚ 2.990 st. S-XXXL
BLÚSSA ÁÐUR 6.990 NÚ 1.990 st. S-XXXL
BOLUR ÁÐUR 5.990 NÚ 1.990 st. S-XL
Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314






**Lasanja er hægt að útbúa á marga vegu.** NORDICPHOTOS/GETTY

# EINFALT LASANJA Á FJÓRA VEGU

Lasanja er réttur sem gott er að eiga í ísskápnum eða frystinum þegar mikið er að gera. Það er einfalt að hita hann upp. Oft er fólk á fullu í ræktinni í janúar og þá er gott til þess að vita að eitthvað er tilbúið til að hita upp heima. Upplagt er að nota helgina til að útbúa réttinn.

Lasanja er mjög góður matur og við flestra hæfi. Hægt er að útbúa réttinn á marga vegu með nautahakki, kjúklingahakki, laxi eða grænmeti. Hér eru nokkrar útfærslur af lasanja sem jafnframt er góður janúarmatur.

## ÍTALSKT LASANJA

**Fyrir fjóra**

Hér er venjulegt lasanja með nautahakki og ostasósu. Þessi réttur er vinsæll hjá börnum sem fullorðnum. Auðvelt er að frysta réttinn og geyma. Einnig er hann upplagður í nesti daginn eftir.

**400 g nautahakk**
**2 msk. olía**
**1 laukur, smátt skorinn**
**2 hvítlauksrif, smátt skorin**
**1 dós niðursoðnir tómatar**
**2 msk. tómatpuré**
**Salt og pipar**
**1 msk. ferskt basil**
**1 dl vatn**
**Ostasósa**
**2 msk. smjör**
**3 msk. hveiti**
**6 dl mjólk**
**5 msk. rifinn parmesan-ostur**
**1 tsk. salt**
**¼ tsk. hvítur pipar**
**½ tsk. múskat**
**9 lasanjablöð**
**3 dl rifinn ostur**

Brúnið nautahakkið í olíu. Takið kjötið frá og setjið lauk og hvítlauk á pönnuna. Steikið þar til laukurinn mýkist en bætið þá tómötum og tómatpuré út í ásamt kryddinu. Setjið kjötið út á pönnuna aftur og látið sósuna malla í að minnsta kosti 10 mínútur. Best er að leyfa henni að malla klukkutíma, jafnvel lengur.

Ostasósan er gerð þannig að smjör er brætt í potti og hveitinu hrært saman við. Mjólkinni er blandað saman við og hrært stöðugt með sósan þykknar í um það bil 10 mínútur. Ostasósan á að vera þykkur jafningur. Bætið þá parmesan-osti saman við og kryddi. Látið ostinn bráðna í sósunni.

Smyrjið eldfast mót og setjið lasanjablöð, kjötsósu og ostasósu til skiptis. Byrjið á ostasósunni. Dreifið ostinum yfir að lokum.

Formið á að fara í 225°C heitan ofn og rétturinn er bakaður í 40 mínútur. Hvíla réttinn í um það bil tíu mínútur áður en hann er borinn fram.

Berið fram með hvítlauksbrauði og góðu, fersku salati.

## INDVERSKT LASANJA

Þetta er einkar auðveldur réttur sem fljótlegt er að gera. Í stað nautahakks má nota kjúklingahakk. Í þessum rétti víkur ítalska bragðið fyrir því indversku.

**400 g nautahakk**
**2 msk. smjör eða olía**
**1 krukka, tilbúin tikka masala-sósa**
**9 lasanjablöð**
**100 g rifinn ostur**

Hitið ofninn í 200°C. Steikið nautahakkið á pönnu og hellið sósunni yfir.

Setjið kjötsósuna í botn á vel smurðu eldföstu móti, síðan er lasanjaplötum raðað yfir og þetta endurtekið. Dreifið ostinum vel yfir og bakið í ofni í 20 mínútur.

Berið fram með fersku, góðu salati og sýrðum rjóma.

## LAXALASANJA

**Fyrir átta**

Þessi uppskrift er svolítið öðruvísi og hentar vel þeim sem borða fisk en ekki kjöt.

**600 g soðinn lax**
**9 lasanjablöð**
**9 egg**
**8 dl mjólk**
**1 poki frosið spínat**
**3 tsk. salt**
**1 tsk. pipar**
**2½ dl rifinn ostur**

Hrærið saman eggjum, mjólk, spínati, salti og pipar í skál. Skerið soðinn lax í litla bita og bragðbætið með salti og pipar.

Setjið lasanjablöð, lax og eggjablöndu til skiptis í stórt, eldfast form. Byrjið og endið á eggjablöndunni.

Setjið formið í 175°C heitan ofn og bakið í um það bil 30 mínútur. Dreifið ostinum þá yfir formið og bakið áfram þar til osturinn verður gylltur.

Berið fram með góðu brauði og fersku salati.

## GRÆNMETISLASANJA

**Fyrir átta**

Þetta grænmetislasanja er ekki bara fyrir grænmetisætur því að það er hollt og gott fyrir alla og fín tilbreyting frá þessu venjulega kjötlasanja. Hægt er að nota alls konar grænmeti í réttinn, allt eftir smekk hvers og eins eða hvað er til í ísskápnum. Hér er ein útgáfa.

**2 laukar**
**4 hvítlauksrif**
**1 kúrbítur**
**2 stangir sellerí**
**2 paprikur**
**2 gulrætur**
**1 steinseljurót**
**¼ hvítkálshaus**
**Olía**
**1 dós tómatar**
**Fersk steinselja**
**1½ msk. sítrónusafi**
**Salt og pipar**
**½ msk. sykur**
**Ostasósa**
**3 msk. smjör**
**5 msk. hveiti**
**6 dl mjólk**
**150 g ostur**
**1 pakki lasanjablöð**

Hitið ofninn í 200°C. Allt grænmeti er skorið smátt og steikt í olíu á djúpri pönnu eða góðum potti. Bætið síðan tómötum og steinselju út í. Látið malla góða stund og bragðbætið með sítrónusafa, salti, pipar og sykri. Gott er að rífa parmesanost út í grænmetissósuna.

Búið til ostasósu eins og hvítan jafning. Hrærið helmingnum af ostinum út í jafninginn.

Smyrjið stórt eldfast mót. Dreifið grænmetisblöndu á botninn, því næst er lasanja-blöðum raðað yfir og loks er ostasósu hellt yfir. Endurtakið þetta. Endið á ostasósu og setjið afganginum af ostinum yfir.

Bakið í 40 mínútur. Látið réttinn hvíla í tíu mínútur áður en hann er borinn fram.

Berið fram með góðu brauði og salati.




Jobs By
H&M

**VIÐ LEITUM AÐ STJÓRNENDUM Í NÝJAR VERSLANIR OKKAR Í REYKJAVÍK**
Fylgist þú vel með tísku og átt auðvelt með að hvetja aðra til árangurs? Við leitum að verslunarstjórum, deildarstjórum, rekstrarstjóra og markaðs- og upplýsingafulltrúa sem elska tísku. Viltu starfa í lifandi og hröðu umhverfi sem er þekkt fyrir góðan starfsanda og sterka liðsheild? Hjá H&M gefst tækifæri til að vaxa og þróast í starfi og er þín velgengni okkur ekki síður mikilvæg en okkar eigin árangur í viðskiptum.

MÁTAÐU ÞIG Í NÝTT STARF OG SÆKTU UM Á CAPACENT.IS/HM

# Sérfræðingur á fjármálasviði

Askja leitar að dugmiklum og jákvæðum einstaklingi til starfa í sjö manna teymi á fjármálasviði fyrirtækisins. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf við greiningar og framsetningu fjárhagsupplýsinga. Næsti yfirmaður er fjármálastjóri.

Umsóknarfrestur
**16. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4355**

Starfssvið
- Greiningarvinna tengd fjármálaupplýsingum.
- Samantekt gagna og framsetning upplýsinga.
- Uppgjör og afstemmingar.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði við fjármálstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Viðskiptafræðipróf, kostur á sviði fjármála eða reikningshalds.
- Reynsla af greiningarvinnu og góð greiningarhæfni.
- Reynsla af reikningshaldi.
- Lipurð í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
- Frumkvæði og faglegur metnaður til að sýna árangur.
- Góð tölvukunnátta s.s. reynsla af notkun töflureikna og framsetningu á tölulegum gögnum.

ASKJA

Bílaumboðið Askja er þjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á Mercedes-Benz og Kia. Markmið Öskju er að vera í fararbroddi hvað varðar alla þjónustu og leggur fyrirtækið metnað sinn í að veita starfsfólki þann stuðning sem þörf er á til að ná settum markmiðum. Hjá Öskju starfa í dag um 120 manns við mjög fjölbreytt og krefjandi verkefni. Gildi Öskju eru metnaður, fagmennska, heiðarleiki og gleði.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Framkvæmdastjóri

molta

Molta óskar eftir öflugum leiðtoga í starf framkvæmdastjóra.

Umsóknarfrestur
**23. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4353**

Starfssvið
- Stjórnun og rekstur.
- Samningagerð.
- Umsjón með áætlanagerð.
- Leiða þróun og nýsköpun.
- Samskipti og samstarf við hagsmunaaðila.
- Markaðs og kynningarstarf m.a til fjölmiðla, fyrirtækja og almennings.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Menntun sem nýtist í starfi, menntun í verk- eða tæknifræði kostur.
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur.
- Reynsla af rekstri og stjórnun.
- Reynsla af samningagerð kostur.
- Frumkvæði og skapandi hugsun.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð íslensku og enskukunnátta í ræðu og riti.

Molta er lítið en framsækið fyrirtæki í Eyjafjarðarsveit með fjóra starfsmenn. Fyrirtækið er staðsett á Þveráreyrum í Eyjafjarðarsveit, rétt sunnan Akureyrar. Fyrirtækið er leiðandi í úrvinnslu og nýtingu á lífrænum úrgangi. Einkahlutafélagið Molta ehf var stofnað í mars 2007. Að félaginu standa öll sveitarfélög í Eyjafirði sem eigendur Flokkunar ehf., allir stærstu matvælaframleiðendur á Eyjafjarðarsvæðinu og fleiri aðilar. Framleiðsluferli fyrirtækisins er vottað og starfar fyrirtækið eftir vottuðu leyfi Matvælastofnunar.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ert þú öflugur

# Starfsmaður?

SFR STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Erum að leita að öflugum starfsmanni til starfa á þjónustusviði félagsins. Æskilegt er að viðkomandi sé vel að sér í kjarasamningum og réttindamálum launþega og geti gefið félagsmönnum leiðsögn varðandi starfskjör og réttindi.

Umsóknarfrestur
**19. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4343**

**Helstu verkefni**
- Móttaka á þjónustusviði félagsins.
- Leiðbeiningar og leiðsögn til félagsmanna vegna erinda þeirra.
- Vinnur með starfsmenntunarsjóði félagsins að verkefnum hans.
- Móttaka og afgreiðsla starfsmenntunar- og starfsþróunarstyrkja, o.fl.
- Þjónusta vegna almennra fyrirspurna félagsmanna.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum í launadeild/um.
- Reynsla af túlkun kjarasamninga.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, sem og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð almenn tölvukunnátta (Windows-forritin) og geta til að hagnýta sér upplýsingatækni.
- Reynsla af upplýsingakerfum, s.s. launakerfum, DK, One-systems, ofl.

SFR er stéttarfélag í almannaþjónustu og er félagssvæði þess allt landið. Félagsmenn eru um 6000 og er SFR stærsta félagið innan BSRB. Helstu verkefni SFR eru að bæta kjör félagsmanna og verja réttindi þeirra. Á skrifstofu SFR starfa 6 konur og 4 karlmenn.

Frekari upplýsingar um félagið er að finna á www.sfr.is.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Tæknimaður í jarðvinnuframkvæmdum

www.intellecta.is
Síðumúla 5 - 108 Reykjavík

Fyrirtæki í jarðvinnuframkvæmdum óskar eftir tæknifræðingi til starfa við útsetningar, mælingar og magnútreikninga ásamt úrlausn tæknilegra verkefna. Gott framtíðarstarf í boði.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Tæknifræðimenntun, nýútskrifaðir koma vel til greina
- Reynsla af mælingum
- Reynsla/kunnátta í AutoCAD
- Sjálfstæð og nákvæm vinnubrögð
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

*Nánari upplýsingar veita Bylgja Björk Pálsdóttir (**bylgja@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is)** í síma 511 1225.*
*Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast fyllt út á **www.intellecta.is** fyrir 22. janúar 2017.*
***Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.***

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

# Eignastýring

GILDI

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir að ráða sérfræðing í eignastýringu. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi með reynslu á fjármálamarkaði.

Umsóknarfrestur
**15. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4342**

Starfssvið
- Greining markaða og fjárfestingarkosta.
- Arðsemis- og áhættumat.
- Uppbygging og utanumhald verðbréfasafna.
- Fjárfestingar og eftirfylgni þeirra.
- Upplýsinga- og skýrslugjöf.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
- Próf í verðbréfaviðskiptum er kostur.
- Reynsla af gerð verðmatslíkana er kostur.
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að vinna í teymi.
- Góð íslensku og enskukunnátta í ræðu og riti.

Gildi–lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins með um 21 þúsund lífeyrisþega, 46 þúsund greiðandi sjóðfélaga og yfir 200 þúsund einstaklingar eiga réttindi hjá sjóðnum. Eignir sjóðsins nema um 450 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingardeild og séreignardeild. Hjá sjóðnum starfa 32 starfsmenn.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

# Forstjóri

HARPA

Harpa auglýsir starf forstjóra laust til umsóknar. Leitað er að farsælum, ábyrgðarfullum og hugmyndaríkum einstaklingi til að leiða starfsemi Hörpu.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og ekki verður birtur nafnalisti umsækjenda.

Umsóknarfrestur
**23. janúar**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/4354**

**Ábyrgðarsvið forstjóra**
- Daglegur rekstur og stjórnun.
- Talsmaður hússins innanlands sem utan.
- Þátttaka í stefnumótun, innleiðing stefnu og markmiðasetning.
- Fjármál og skilvirkur rekstur.
- Starfsmannahald, jákvæður starfsandi og samhæfing á starfsemi hússins.
- Áframhaldandi þróun starfseminnar.

**Hæfniskröfur**
- Farsæl reynsla af rekstri í flóknu starfsumhverfi og stefnumiðaðri stjórnun.
- Framúrskarandi leiðtogahæfileikar og geta til að skapa örvandi starfsumhverfi og jákvæðan starfsanda.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Góð tengsl og reynsla af menningartengdri starfsemi.
- Reynsla af alþjóðlegum ráðstefnumarkaði og ferðaþjónustu er kostur.
- Góð tengsl við atvinnulíf.
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfi til að koma fram fyrir hönd hússins innanlands og utan.
- Tjáning í ræðu og riti á íslensku og ensku. Gott vald á einu Norðurlandamáli er kostur.

Hlutverk Hörpu er að vera vettvangur fyrir tónlistar- og menningarlíf sem og hvers konar ráðstefnur, fundi og samkomur, innlendar og erlendar. Hlutverk hússins er jafnframt að vera miðstöð menningarlífs fyrir alla landsmenn og áfangastaður innlendra og erlendra ferðamanna. Félagið er hlutafélag í eigu ríkis (54%) og Reykjavíkurborgar (46%) og er starfsemin grundvölluð á eigendastefnu þessara aðila. Markmið félagsins er að efla íslenskt tónlistar- og menningarlíf, styrkja stöðu Íslands á sviði ráðstefnuhalds og ferðaþjónustu og stuðla að öflugu mannlífi í miðborginni.

Harpa hefur hlotið fjölda viðurkenninga m.a. hin virtu Mies van der Rohe verðlaun árið 2013.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ert þú

# Matreiðslumaður með meistarapróf?

Umsóknarfrestur

**16. janúar**

Sæktu um starfið á

**https://vinna-is/storf/matreidslumadur-med-meistararettindi/**

Krydd og Kavíar leitar að matreiðslumanni með meistarapróf til starfa.
Um er að ræða fullt starf þar sem eingöngu er unnið á dagvöktum frá 06:00 - 14:00 virka daga.

Krydd & Kavíar var stofnað í apríl 2000 og hefur frá byrjun þjónustað mötuneyti fyrirtækja.
Hjá Krydd & Kavíar starfa um 30 manns daglega, frábært fólk sem leggur sig fram við að gera matinn aðlaðandi á hverjum degi.

Hæfniskröfur

- Meistarapróf í matreiðslu er skilyrði.
- Þjónustulund, góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að vinna undir álagi.
- Hugmyndaauðgi, metnaður og sjálfstæði í starfi.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.

Athugið að áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst þar sem umsóknir verða metnar jafnóðum.

vinna.is capacent

# LAUS STÖRF
## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA

**Grunnskólar**

» Frístundaleiðbeinandi - Áslandsskóli
» Frístundaleiðbeinandi - Lækjarskóli
» Sérkennari - Hraunvallaskóli
» Stuðningsfulltrúi - Frístundaklúbburinn Kletturinn
» Umsjónarkennari á yngsta stigi - Lækjarskóli
» Þroskaþjálfi - Hraunvallaskóli

**Leikskólar**

» Leikskólakennarar - Stekkjarás
» Leikskólakennari - Bjarkalundur
» Leikskólakennari - Hlíðarberg
» Leikskólakennari - Hlíðarendi
» Leikskólakennari - Hraunvallaskóli
» Leikskólakennari - Hvammur
» Matráður - Tjarnarás
» Sérkennari - Hvammur
» Sérkennslustjóri - Tjarnarás

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.*

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
**585 5500**
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR


# Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu auglýsir laust starf talmeinafræðings.

Starf talmeinafræðings við Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu á Hvolsvelli er laust til umsóknar.

**Helstu verkefni:**
- Greiningar á tal- og málvanda og mat á málþroska.
- Mál- og talþjálfun.
- Ráðgjöf við foreldra og starfsfólk skólanna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Fullgilt nám í talmeinafræðum frá viðurkenndum háskóla.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð hæfni og lipurð í samskiptum við börn og fullorðna.
- Jákvæðni, sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

Við Skólaþjónustuna starfar öflug liðsheild sérfræðinga sem vinnur í þverfaglegu samstarfi og samanstendur auk talmeinafræðings af kennsluráðgjafa, leikskóla-ráðgjafa, náms- og starfsráðgjafa og sálfræðingi.

**Umsóknarfrestur er til 27. janúar nk.**, en ráðið verður í stöðuna frá 1. mars 2017. Umsóknir skulu berast rafrænt á netfangið skolamal@skolamal.is, eða í pósti á skrifstofu Skólaþjónustunnar að Ormsvelli 1, 860 Hvolsvelli. Umsóknum skal fylgja yfirlit yfir nám og fyrri störf og ábendingar um meðmælendur.
Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og launanefndar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar veitir Edda G. Antonsdóttir forstöðumaður Skólaþjónustu Rang.- og Vestur-Skaft. í netfanginu edda@skolamal.is eða í síma 487-8107/ 862-7522.

---

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

# Rekstrarstjóri

Sem rekstrarstjóri á sölu- og markaðssviði CCEP Ísland hefur þú einstakt tækifæri til að leiða, þjálfa og hvetja hóp sölumanna til að tryggja að aðgerðir á sölustöðum séu í takt við áherslur og áætlanir. Um er að ræða nýtt starf þar sem þú munt vera í samskiptum við Coca Cola European Partners og vinna með sterkustu vörumerkjum heims. Nánari upplýsingar um CCEP Ísland eru að finna á www.ccep.is

Nánari upplýsingar um starfið veita:

Einar S. Magnússon
*framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs*
*esm@ccep.is*

Sonja M. Scott
*mannauðsstjóri*
*sonja@ccep.is*

### Meðal verkefna
- Leiða og styðja sölumenn í söluheimsóknum
- Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð
- Hvetja og leiða hópinn til að ná markmiðum
- Umsjón námskeiða og þjálfunar
- Eftirlit og ábyrgð með samningum og þjónustu þjónustuaðila
- Tryggja að hópurinn fylgi leiðbeiningum og hafi markmið CCEP Íslandi að leiðarljósi

### Hæfniskröfur
Til að ná árangri í þessu starfi þarftu að hafa haldbæra stjórnunarreynslu og/eða sölustjórnun á neytendavörumarkaði. Þú þarft færni í að þjálfa fólk og hvetja, og geta sett árangur hópsins í forgrunn. Við treystum á að ástríða þín og færni styðji við markmið okkar um stöðugan vöxt og gerum ráð fyrir því að þú verjir miklum tíma með sölufólki á vettvangi. Þú þarft því að vera tilbúinn að leiða breytingar og vera með framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum. CCEP Íslandi er alþjóðlegur vinnustaður og góð kunnátta í ensku er því skilyrði. Háskólapróf er æskilegt en góð reynsla getur komið í staðinn. Við hvetjum konur sem karla til að sækja um starfið.

Coca-Cola EUROPEAN PARTNERS

Coca-Cola European Partners Ísland ehf.
Stuðlaháls 1, 110 Reykjavík
525 2500
Info@ccep.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.ccep.is
Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar n.k.

---

# Við fyllum á hópinn

Skeljungur er olíufélag með starfsemi á yfir 100 stöðum víðsvegar um landið. Fyrirtækið selur eldsneyti og olíur til einstaklinga og fyrirtækja í sjávarútvegi, landbúnaði, landflutningum, flugi og til verktaka.

## Olíubílstjórar

Skeljungur óskar eftir að ráða olíubílstjóra á rekstrarsvið í Örfirisey og á Akureyri. Um er að ræða sumarafleysingar í Örfirisey og tvær afleysingastöður á Akureyri, febr.–sept. og maí–sept. Við leitum að dugmiklu fólki til að sinna afgreiðslu, dælingu og dreifingu eldsneytis til viðskiptavina Skeljungs.

**Skemmtilegt og fjölbreytt starf.**

**Hæfniskröfur:**
- CE meirapróf
- ADR próf kostur en ekki nauðsyn*
- Frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

*Skeljungur greiðir ADR námskeið fyrir þá sem ekki hafa þau réttindi

*Nánari upplýsingar veita:*

**Pétur Gísli Jónsson (Örfirisey)**
444 3059 / pjg@skeljungur.is
**Jóhannes B. Guðmundsson (Akureyri)**
444 3161 / jbg@skeljungur.is

## Bensínafgreiðslumaður

Skeljungur óskar eftir að ráða bensínafgreiðslumann í fullt starf á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að hafa mikla þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum, vera glaðlyndur og stundvís.

**Um framtíðarstarf er að ræða.**

*Nánari upplýsingar veitir:*

**Logi L. Hilmarsson**
444 3075 / llh@skeljungur.is.

Skeljungur

### Rekstrarstjóri

Starfið heyrir undir framkvæmdastjóra og tekur á daglegum rekstri, eftirliti og stuðningi við alla starfsmenn á Íslandi og í Danmörku.

Helstu verkefni:
- Umsjón með daglegum rekstri beggja skrifstofa.
- Framkvæmd stækkunar félagsins.
- Ræktun farsællar fyrirtækjamenningar.

Kjörið fyrir kvikan einstakling með allt á tæru sem þekkir hefðbundnar áskoranir hraðvaxandi sprotafyrirtækja og síbreytilegt umhverfi þeirra.

### Verkefna- og gæðastjóri

Heyrir undir framkvæmdastjóra. Ber ábyrgð á hröðum og hnökralausum framgangi fjölbreyttra og krefjandi verkefna með aðkomu aðila innan sem utan fyrirtækisins, hérlendis og erlendis.

Helstu verkefni:
- Uppbygging og umsjón verkefnastofu.
- Skipulagning og umsjón gæðamála.
- Skipulagning, innleiðing og eftirfylgni úttekta.

Hér er tækifæri fyrir reynslumikinn aðila sem leikur sér að samskiptum við margbreytilegan hóp einstaklinga sem af ástríðu vinnur að krefjandi verkefnum um allan heim.

### Viðskiptagreinandi / sérfræðingur í gagnaframsetningu

Starfið felst í skilgreiningu og uppsetningu sérlausna Activity Stream fyrir viðskiptavini og ákveðnar iðngreinar (industry verticals).

Helstu verkefni:
- Þarfagreining og hönnun mælaborða.
- Uppsetning lausna fyrir viðskiptavini og ákveðnar iðngreinar.

Við leitum að duglegum, lausnamiðuðum, sjálfstæðum einstaklingi sem hefur reynslu og áhuga á notkun gagna og gervigreindar til lausnar viðskiptatengdra vandamála.

### Rannsóknarstjóri

Ábyrgð á þróun og skjölun þróunarverkefna á sérsviði fyrirtækisins, mati á kostum samvinnu við aðra framsækna aðila og val heppilegustu tenginga verkefna, samstarfsaðila og styrkja.

Helstu verkefni:
- Samhæfnismat rannsókna og styrkja.
- Undirbúningur gagna, umsókna og fylgiskjala.
- Eftirfylgni.

Leitað er eftir einstaklingi eða fyrirtæki sem þekkir umhverfi snemmfjármögnunar grunnrannsókna sem ýmsir aðilar bjóða tæknifyrirtækjum sem tekið hafa forystu á sínu sviði.

### Yfirburða kerfisforritari

Starfið tilheyrir mjög reynslumiklu teymi fyrirtækisins og felur í sér þátttöku í þróun kjarnavirkni Activity Stream.

Helstu verkefni:
- Þróun rekstrargreindarlausnar Activity Stream.
- Bestun á meðferð og úrvinnslu streymandi viðskiptagagna.

Viðkomandi þarf að hafa yfirgripsmikla þekkingu á Java (8), hafa reynslu af krefjandi þróunarumhverfi og þrífast á nýrri tækni.

### Aðstoðarmaður framkvæmdastjórnar / Skrifstofustjóri

Hlutverkinu er ætlað að lyfta undir með framkvæmdastjórn fyrirtækisins auk þess að gera umhverfi starfsfólks gefandi, skemmtilegt og hvetjandi.

Helstu verkefni:
- Varsla lykilupplýsinga og skjót miðlun til stjórnar, framkvæmdastjórnar og starfsfólks.
- Seta og ritun funda stjórnar, framkvæmdastjórnar og lykilfunda framkvæmdastjóra.
- Tilfallandi verkefni sem nánasti samstarfsmaður framkvæmdastjóra.

Einstakt tækifæri til virkrar þátttöku í uppbyggingu alþjóðlegs sprotafyrirtækis í örum vexti fyrir nákvæma manneskju sem getur haldið mörgum boltum á lofti í einu, skilað hratt og örugglega verkefnum og veigrar sér ekki við að ganga í það sem þarf að gera.

### DevOps forritari

Viðkomandi er hluti af þróunar- og tæknirekstrarteymi og er þróunarteymum innan handar til að tryggja hnökralausa innleiðingu viðbóta við grunnkerfi, kjarnavirkni og sérlausnir.

Helstu verkefni:
- Aðstoð við innleiðingu nýrrar virkni og lagfæringa.
- Tryggja rekstraröryggi.

Við erum á höttunum eftir aðila með umtalsverða reynslu af Java og Linux, með óbilandi áhuga á prófunum (unit/integration/acceptance/o.s.frv.) og sjálfvirkri dreifingu.

### Sérfræðingur í rekstrargreind og gagnagreiningu

Tilheyrir rekstrargreindarteymi fyrirtækisins sem þróar virknieiningar byggðar á gervigreind og eru hluti af hugbúnaðarveitu Activity Stream.

Helstu verkefni:
- Þekkingaröflun á sviði gervigreindar og gagnavísinda.
- Tilraunir með nýja tækninálgun til lausnar viðskiptatengdra áskorana.
- Skilgreining leiða til að uppgötva nýjar rekstrarábendingar.

Við leitum að öflugum einstaklingum með afburða forritunargetu í Java og Python og innsýn í gagnavísindi.

### Java forritari

Starfið felst í hönnun, þróun og viðhaldi samþættingarkerfis Activity Stream sem þróað er í Java og byggir á Mulesoft Anypoint.

Helstu verkefni:
- Þarfagreining, hönnun, skjölun og útfærsla forritunarskila samþættingarlausnar fyrir ný kerfi og nýjar kerfistegundir.
- Viðhald og þróun kjarnavirkni samþættingarkerfis.
- Aðstoð og þróun á samfelldri innleiðingu og sjálfvirkri dreifingu samþættingarlausnar í samvinnu við Devops forritara og þróunarsvið.

Viðkomandi þarf að vera lausnamiðaður, drífandi og sjálfstæður.

### Viðmótsforritari kjarnalausna

Starfið tilheyrir framúrskarandi teymi sem þróar og viðheldur kjarnalausn fyrirtækisins og felst í forritun á notendaviðmóti þjónustu Activity Stream.

Helstu verkefni:
- Forritun viðmóts fyrr farsíma, spjald- og borðtölvur.

Við leitum að viðmótsforritara sem hefur gott auga fyrir UX og býr yfir almennri þekking á Javascript, HTML og CSS.

### Viðmótsforritari sérlausna

Viðkomandi tekur þátt í uppsetningu sérlausna Activity Stream fyrir viðskiptavini og ákveðnar iðngreinar (industry verticals).

Helstu verkefni:
- Uppsetning og sérsnið gagnaframsetningar lausna viðskiptavina og iðngreina.

Við leitum að duglegum, lausnamiðuðum og sjálfstæðum einstaklingi með brennandi áhuga á framsetningu gagna.




# Gerðu gagn með **gögnum**
## - og hafðu gaman af

**Activity Stream,** þróar og selur hugbúnað á sviði rekstrargreindar (Operations Intelligence) sem gagnast meðalstórum og stórum fyrirtækjum sem vilja nýta gervigreind til að bæta daglegan rekstur og þjónustu.
**Activity Stream** er örtvaxandi fullfjármagnað nýsköpunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi og í Danmörku. Hjá fyrirtækinu starfar margreyndur hópur sérfræðinga á sviði hugbúnaðargerðar, rekstrargreindar, gervigreindar, kerfisrekstrar, sölu og þjónustu.
Við bjóðum metnaðarfullum snillingum í krefjandi vegferð.

Nánari upplýsingar á:
**www.activitystream.com/storf**

- Viðskiptavinir fyrirtækisins eru í Evrópu og Bandaríkjunum.
- Mjög góð verkefnastaða er meðal núverandi og verðandi viðskiptavina.
- Í boði eru samkeppnishæf laun, góð vinnuaðstaða, hvetjandi starfsumhverfi og góður starfsandi.
- Unnið er á hefðbundnum vinnutíma og áhersla lögð á jafnvægi vinnu og einkalífs.

Fyrirspurnir og umsóknir sendist á **jobs@activitystream.com**
Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2017.

**Activity Stream**

www.activitystream.com




— RAFVIRKJANEMI

# VILTU KOMA FÓLKI Í SAMBAND VIÐ FRAMTÍÐINA?

**Við leitum að jákvæðum og námsfúsum rafvirkjanemum sem langar til að víkka sjóndeildarhringinn og tengja rafvirkjanámið vinnu í hátækniumhverfi.**

**Viltu komast á samning hjá okkur?**

Á hverjum degi afhendum við viðskiptavinum okkar Ljósleiðarann á 1000 megabita hraða. Viltu vera með og kynnast um leið alls kyns skemmtilegum hlutum tengdum Ljósleiðaranum sem og nánast öllum tegundum húsarafmagns? Þú munt einnig kynnast fjölbreyttri vinnu rafvirkja hjá Orkuveitusamstæðunni sem við erum hluti af. Við erum í fararbroddi í að styðja við snjallvæðingu landsins m.a. í samstarfi við Cisco. Við bjóðum upp á metnaðarfullt nemaprógramm þar sem þú færð góða þjálfun fyrir sveinspróf.

**Við tökum jafnréttið alvarlega**

Við hvetjum jafnt stúlkur sem pilta til að sækja um. Til að gera það ferðu á: starf.or.is/ljosleidarinn/ og fyllir út umsókn. Umsóknarfrestur er til og með **29. janúar 2017.** Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@ljosleidarinn.is.

Finndu okkur á Facebook.com/Ljosleidarinn

Ljósleiðarinn er í eigu Gagnaveita Reykjavíkur. Við erum fjölbreyttur vinnustaður þar sem um 60 starfsmenn auk ótal verktaka vinna saman að því að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgengi að hágæða þjónustu á opnu aðgangsneti Ljósleiðarans. Hjá okkur er fagmennska og góður starfsandi í fyrirrúmi, við leitumst við að vera í fremstu röð hvað varðar jafnrétti, öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

LJÓSLEIÐARINN

---

GA SMÍÐAJÁRN
Sterkir í stálinu síðan 1970

## Starfsmaður í birgðastöð

Guðmundur Arason ehf. sem er innflutningsfyrirtæki á járni og stáli, óskar eftir afgreiðslumanni í birgðastöð fyrirtækisins að Skútuvogi 4, Reykjavík.

**Starfssvið:**
- Almenn lagerstörf
- Móttaka á vörum
- Samantekt pantana
- Önnur tilfallandi verkefni á lager

**Hæfniskröfur:**
- Lyftarapróf
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og frumkvæði
- Stundvísi og almenn reglusemi
- Líkamleg hreysti þar sem um þungavörur er að ræða

Viðkomandi þarf helst að geta hafið störf sem fyrst og vera orðinn 20 ára

**Umsóknir berist á netfangið anna@ga.is ásamt ferilskrá og mynd.**

---




## *Hefur þú áhuga á efnum?*

Efnateymi Umhverfisstofnunar leitar að tveimur starfsmönnum með brennandi áhuga á að stuðla að ábyrgri notkun og markaðssetningu hættulegra efna í neytendavörum og vörum til iðnaðarnota. Í boði eru krefjandi störf í frjóu umhverfi sérfræðinga þar sem áhersla er lögð á þverfaglega teymisvinnu og samvinnu innanlands og utan

Í störfunum felst vinna við eftirlit með efnavörum á markaði, leyfisveitingar og innleiðingu Evrópugerða. Lögð er áhersla á upplýsingamiðlun og samskipti við ráðuneyti, stofnanir, atvinnulíf og neytendur. Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum með framúrskarandi samskiptahæfni og hæfileika til að vera leiðandi á sínu fagsviði.

Ítarlegri upplýsingar um starfið, helstu verkefni og hæfniskröfur til starfsins er að finna á starfatorg.is og umhverfisstofnun.is/storf_i_bodi

**Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar 2017. Umsóknir skulu sendar til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík eða á netfangið ust@ust.is**

**FAGMENNSKA SAMVINNA FRAMSÝNI VIRÐING**

---

## Bæjarbakarí í Hafnarfirði

óskar eftir bakar í fullt starf, góður vinnutími og góð kjör fyrir réttan mann.

**Umsóknir sendar á bakari@bakari.is**

Nánari upplýsingar í síma 5550480.

BÆJARBAKARÍ



# FRAMKVÆMDASTJÓRI MANNAUÐSMÁLA

**100** NÝ STÖRF Á ÁRINU

**13** ÞÚSUND FERMETRA HÁTÆKNISETUR

**75** MILLJARÐA FJÁRFESTING

**7** LYF Í ÞRÓUN

**Framkvæmdastjóri mannauðsmála ber ábyrgð á stefnumótun, þróun og framkvæmd mannauðsmála innan Alvotech. Hlutverk framkvæmdastjóra er einnig að samræma virkni mannauðsmála á milli eininga innan Alvotech samstæðunnar ásamt því að taka þátt í mótun fyrirtækjamenningar og hámarks nýtingu mannauðs innan fyrirtækisins. Framkvæmdastjóri stýrir rekstri mannauðsdeildarinnar og situr í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Viðkomandi heyrir beint undir forstjóra.**

## Helstu verkefni:

- Stefnumótun, þróun og framkvæmd mannauðsmála Alvotech
- Mótun og styrking á fyrirtækjamenningu Alvotech
- Öflug stýring innri samskipta og stjórnun breytinga í alþjóðlegu umhverfi
- Yfirumsjón með þróun og nýtingu mannauðs með framtíðarsýn fyrirtæksins að leiðarljósi
- Áætlanagerð og eftirfylgni þeirra
- Yfirumsjón með framkvæmd og eftirfylgni frammistöðustjórnunar
- Yfirsýn og stýring ráðninga, sem verða umtalsverðar á árinu
- Gæðamál mannauðsdeildar og uppbygging mannauðsferla
- Viðkomandi er hluti af framkvæmdastjórn Alvotech og tekur virkan þátt í stefnumótun og uppbyggingu fyrirtækisins

## Hæfniskröfur:

- Leiðtogahæfni og geta til að vinna með fólki er nauðsynlegur eiginleiki
- Reynsla af stýringu mannauðsmála er skilyrði
- Þekking og reynsla af innri samskiptum og farsæl innleiðing þeirra
- Reynsla af stjórnun breytinga er skilyrði
- Yfirgripsmikil þekking á öllum sviðum mannauðsmála
- Geta til að leiða hópa og móta framtíðarsýn
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðri hugsun
- Geta til að tjá sig á ensku í ræðu og riti

**Nánari upplýsingar veitir:**
Jensína K. Böðvarsdóttir, VP Global Strategic Planning and HR hjá Alvogen, jensina.bodvarsdottir@alvogen.com eða 842 2939.

Umsækjendur eru beðnir um að senda inn ítarlega starfsferliskrá og kynningarbréf **á ensku** þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

**Sótt er um starfið á Alvotech.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar.**



## Um Alvotech

**Alvotech er alþjóðlegt lyfjafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu líftæknilyfja. Innan nýs Hátækniseturs í Vatnsmýrinni starfa um 150 vísindamenn sem vinna að þróun, framleiðslu og markaðssetningu lyfjanna.**

**Alvotech er systurfyrirtæki lyfjafyrirtækisins Alvogen og starfsemi þess er á Íslandi, í Sviss og í Þýskalandi.**

alvotech
BIOPHARMACEUTICALS

Sæmundargötu 15-19,
101 Reykjavík

LANDSPÍTALI

# LANDSPÍTALI ... ÞÚ SKIPTIR MÁLI!

## ERTU HJÚKRUNARFRÆÐINGUR?

**Viltu vinna í fjölbreyttu og áhugaverðu vinnuumhverfi þar sem hæfileikar þínir fá að njóta sín?**

*Landspítali vill ráða til starfa metnaðarfulla hjúkrunarfræðinga sem vilja sérhæfa sig í þjónustu við skjólstæðinga og vinna í þverfaglegum teymum.*

***Leitað er að hjúkrunarfræðingum á eftirfarandi einingar:***

**Öldrunardeild á flæðisviði á Vífilsstöðum**

*Í boði er góð starfsreynsla við lyflæknishjúkrun og þjálfun í sjálfstæði, frumkvæði og yfirsýn í starfi.*

**Bráðageðdeild 32C á geðsviði við Hringbraut**

*Tækifæri til sérhæfingar eru mörg og gagnreynd þekking, verkferlar og hugmyndarfræði um geðgjörgæslu í fyrirrúmi.*

**Vöknun á aðgerðasviði við Hringbraut**

*Í boði er vaktavinna í miðri viku, en einnig kemur til greina ráðning á fastar næturvaktir.*

**Speglun á aðgerðasviði við Hringbraut og í Fossvogi**

*Dagvinna auk bakvakta að lokinni þjálfun, góð einstaklingsaðlögun undir leiðsögn reyndra hjúkrunarfræðinga.*

**Sjúkrahúsapótek**

## LYFJATÆKNIR

*Við viljum ráða tvo lyfjatækna í fullt starf, annars vegar við grunnstarfsemi, lyfjaskömmtun og hins vegar við blöndunareiningu apóteksins. Vinnutími er frá 8-16, virka daga auk vakta á rauðum dögum eftir að þjálfun lýkur.*

*Sjúkrahúsapótek Landspítala á fjármálasviði telur um 50 lyfjafræðinga og lyfjatækna á fjórum starfsstöðvum, þ.e. birgðastýring og lyfjaskömmtun, blöndun lyfja með smitgát fyrir dag og göngudeildir, afgreiðsluapótek og klínískt teymi lyfjafræðinga.*

**Kvennadeildir**

## DEILDARLÆKNIR

*Laust er til umsóknar fullt starf á meðgöngu-, fæðingar- og sængurlegudeildum ásamt kvenlækningadeild Landspítala. Starfið felur í sér dagvinnu og staðarvaktir.*

*Starfið er til 12-24 mánaða og ætlað lækni sem hyggur á sérnám í kvenlækningum, en styttri ráðning kemur einnig til greina. Deildin er með viðurkenningu frá Evrópusamtökum kvensjúkdómalækna (EBCOG) og er deildarlækni tryggður leiðbeinandi úr röðum reyndra sérfræðilækna.*

**Öldrunardeild Vífilsstöðum**

## SJÚKRALIÐI

*Viltu vinna við fjölbreytta lyflæknishjúkrun og efla þig í starfi? Gott tækifæri gefst til að öðlast góða starfsreynslu þar sem reynir á hæfni að veita framúrskarandi lyflæknishjúkrun og þjálfa m.a. sjálfstæði, frumkvæði og yfirsýn í starfi. Unnið er á morgun-, kvöld- og helgarvöktum.*

*Á deildinni starfa tæplega 100 manns og þar dvelja skjólstæðingar sem eru komnir með færni- og heilsumat til dvalar á hjúkrunarheimili. Lögð er áhersla á jákvætt framlag sérhvers einstaklings, þátttöku og samvinnu í daglegum störfum.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**

WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR
OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

## ARKITEKT & BYGGINGAFRÆÐINGUR

Vegna fjölbreyttra og spennandi verkefna framundan óskum við eftir að ráða arkitekt og byggingafræðing til starfa á starfsstöð okkar í Reykjavík.

Teiknistofa arkitekta er alhliða ráðgjafafyrirtæki á sviði hönnunar, skipulags og mannvirkja.

Umsóknir skal senda á johann@teikna.is **fyrir 18. janúar 2017**. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað.

Frekari upplýsingar um teiknistofuna er að finna á www.teikna.is




## Starfsmaður á verkstæði

**Nú vantar okkur annan snilling !**

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla æskileg.
- Stundvísi.
- Sjálfstæði.
- Metnaður.
- Útsjónarsemi.
- Góð framkoma.
- Sveigjanleiki.
- Ensku kunnátta.
- Bílpróf.

**Starfslýsing:**
Um er að ræða léttar viðgerðir á bílum og tækjum ásamt tilfallandi verkefnum innan fyrirtækisins.
Gott tækifæri fyrir handlaginn einstakling
Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsókn er að finna á **www.gardlist.is**.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Friðrik í síma 554-1989 eða bjorn@gardlist.is.

**Now we need one more genius!**

**Requirements:**
- Experience.
- Independent.
- Disciplined.
- Ambition.
- Resourcefull.
- Good appearance.
- Flexibility.
- Drivers licence.
- English skills.
- Icelandic kennitala

**Job description:**
Light repair on cars and machinery among working in other projects.
Good opportunity for handyman.
Future employment.

Please fill out an application at **www.gardlist.is**.
For further information contact Björn Friðrik, tel: 554-1989 or bjorn@gardlist.is.

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA
Ljósaseríusala og uppsetningar
Snjóhreinsun - söltun og söndun
27 ára fyrirtæki

# SUMARSTÖRF Í FRÍHÖFNINNI

FRÍHÖFNIN

## EIN VINSÆLASTA VERSLUN Í FLUGSTÖÐINNI

16-3606 — HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

**Fríhöfnin ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk í sumarafleysingar**
Um er að ræða sumarstörf á lager og í verslunum Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Leitað er að þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklausum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, eiga auðvelt með að nálgast fólk, hafa lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi.

**Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri.**

### Verslun
Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins og áfyllingum í verslun.
Unnið er í vaktavinnu.

### Hæfniskröfur:
- Góður sölumaður með ríka þjónustulund
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

### Vöruhús
Starfið felst í almennum lagerstörfum.

### Hæfniskröfur:
- Meirapróf og/eða lyftarapróf er æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

**Við bjóðum upp á fríar rútuferðir til og frá höfuðborgarsvæðinu.**

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf um miðjan maí og starfað til ágústloka.
Umsóknum skal skilað inn rafrænt á **www.dutyfree.is/atvinna.**

**Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2017.**

Fríhöfnin hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Hún hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga síðastliðin ár, m.a. í starfsmenntamálum, fyrir að vera besta fríhöfn í Evrópu og fjölskylduvænt fyrirtæki. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti. Fríhöfnin hefur sett sér það markmið að vera ávallt til fyrirmyndar í jafnréttismálum og leggur áherslu á góðan starfsanda.

www.dutyfree.is

DUTY FREE express

DUTY FREE ICELAND

EFTA SURVEILLANCE AUTHORITY

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.
ESA is independent of the States and safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 500 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States. The Authority is led by a College, which consists of three members appointed by the EEA EFTA States.
The Authority is based in Brussels. It currently employs 70 staff members of 16 nationalities.

## Internal Market Affairs Officer Food Safety Unit

The Internal Market Affairs Directorate of the Authority is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law.

The Authority is recruiting an Internal Market Affairs Officer who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to Food Safety and the Veterinary area.

The post holder will provide legal support to ESA's veterinary inspectors in their audits on food and feed safety, animal health and welfare of the food chain. Tasks include examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports.

For full details, including eligibility and selection criteria, an overview of our favourable conditions and how to apply please visit: https://jobs.eftasurv.int

JOB REFERENCE 14/2016

**Deadline for applications:**
29 January 2017
**Start date:** June 2017 or earlier

## Bæjarbakarí í Hafnarfirði

óskar eftir bakar í fullt starf, góður vinnutími og góð kjör fyrir réttan mann.

**Umsóknir sendar á bakari@bakari.is**

Nánari upplýsingar í síma 5550480.

BÆJARBAKARÍ



# RÁS 1 LEITAR AÐ LIÐSAUKA

Rás 1 svalar forvitni hlustenda um margbrotna heima menningar og samfélags allan sólarhringinn alla daga ársins. Við leitum að liðsauka í hóp úrvals starfsfólks á skemmtilegum vinnustað.

### DAGSKRÁRGERÐARMAÐUR Í 100% STARF

- Dagskrárgerð og menningarumfjöllun á Rás 1
- Framleiðsla og þróun útvarpsefnis á Rás 1 svo sem heimildaþáttagerðar og útvarpsfrásagna af ýmsu tagi
- Vinnsla dagskrárefnis fyrir vef
- Þátttaka í þróun dagskrár Rásar 1

### ÞULUR Í 50% STARF

- Kynning dagskrár Rásar 1 á vandaðan og lifandi hátt, lestur tilkynninga og auglýsinga
- Ábyrgð á útsendingu dagskrár Rásar 1 þegar tæknimaður er ekki til staðar
- Val og kynning á tónlist til uppfyllingar í dagskrá
- Teymisvinna um dagskrá Rásar 1 og kynningu hennar

Umsóknarfrestur er til og með 23. janúar nk. Nánari upplýsingar og skil á umsóknum eru á **www.ruv.is/laus-storf**
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

RÚV

## ERT ÞÚ MARKAÐSMANNESKJA MEÐ ÁSTRÍÐU FYRIR LEIKHÚSI?

Borgarleikhúsið leitar að öflugum liðsmanni í markaðsdeild leikhússins.

### MARKAÐSFULLTRÚI

**Helstu verkefni**
- Kynningarmál, samskipti við fjölmiðla og gerð fréttatilkynninga.
- Fyrirtækja- og hópasala.
- Textagerð og umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum.
- Verkefnastjórnun með ýmsum viðburðum er tengjast kynningarmálum.
- Önnur tilfallandi verkefni í samráði og samvinnu við markaðsstjóra.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Ástríða fyrir leikhúsi.
- Reynsla og þekking á kynningar- og sölumálum.
- Sköpunargleði, drifkraftur og gott auga fyrir hönnun.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun.
- Góð íslensku- og enskukunnátta hvort sem er í ræðu eða riti.
- Góð tölvukunnátta ásamt þekkingu og reynslu af markaðssetningu á samfélagsmiðlum.
- Jákvætt viðmót og framúrskarandi samskiptahæfni.
- Frumkvæði, drifkraftur, sjálfstæði og metnaður í starfi.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf. Næsti yfirmaður er markaðsstjóri Borgarleikhússins.

**Umsóknafrestur er til og með 18. janúar n.k.**
og skal umsókn send á netfangið: umsokn@borgarleikhus.is.

SJÁVARGRILLIÐ SEAFOOD GRILL

Sjávargrillið leitar eftir metnaðarfullum einstaklingum á samning í matreiðslu.

Frekari upplýsingar er að finna í síma 866 5001 eða gustav@sjavargrillid.is

Sjávargrillið • Skólavörðustíg 14 • 101 rvk



Bændahöllin

*Bændahöllin ehf. leitar að rekstrar- og byggingarstjóra Bændahallarinnar og húsvörðum. Viðkomandi þurfa að vera liprir og þægilegir í framkomu, sveigjanlegir, úrræðagóðir og metnaðarfullir. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.*

*Fasteignin er um 19.000 fermetrar að stærð. Í Bændahöllinni eru 236 hótelherbergi á vegum Hótel Sögu. Þar er einnig stór ráðstefnudeild, umfangsmikill veitingarekstur, rakari, hárgreiðslustofa og bankaútibú. Bændahöllin ehf. er í eigu Bændasamtaka Íslands. Systurfélag Bændahallarinnar ehf., Hótel Saga ehf. annast rekstur hótelsins.*

*Á næstu mánuðum og árum eru fyrirhugaðar umfangsmiklar breytingar og endurbætur í Bændahöllinni.*

## REKSTRAR- OG BYGGINGARSTJÓRI BÆNDAHALLARINNAR

**Helstu verkefni**
- Skipulagning á stærri viðhalds- og endurnýjunar verkefnum í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- Verkstjórn og verkeftirlit með viðhalds- og endurnýjunarverkefnum í samstarfi við framkvæmdastjóra.
- Verkáætlanagerð og gerð kostnaðaráætlana vegna viðhalds- og endurnýjanaverkefna.
- Samskipti við verktaka og samningagerð vegna endurnýjana- og viðhaldsverkefna.
- Byggingarstjórn í endurnýjunar- og viðhaldsverkefnum.
- Umsjón með viðhaldsstjórnunarhugbúnaði fasteignarinnar.
- Umsjón með reglubundnu viðhaldi fasteignarinnar og innviðum hennar í samstarfi við húsverði.
- Samskipti og vinna fyrir leigutaka í fasteigninni vegna viðhalds, einkum Hótel Sögu ehf.

**Hæfniskröfur**
- Iðnmenntun eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi.
- Viðkomandi þarf að uppfylla skilyrði til þess að geta fengið starfsleyfi byggingarstjóra, sbr. 28. gr. laga nr. 10/2010, um mannvirki.
- Vandvirkni og sjálfstæði í starfi.
- Geta unnið undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

## HÚSVERÐIR

**Helstu verkefni**
- Reglubundið viðhald á fasteigninni og innviðum hennar.
- Umsjón með viðhaldsstjórnunarkerfi fasteignarinnar.
- Samskipti við þjónustuaðila og verktaka.
- Vinna við stærri viðhalds- og endurnýjunarverkefnum í samstarfi við rekstrarstjóra fasteignar og framkvæmdastjóra.
- Samskipti og vinna fyrir leigutaka í fasteigninni vegna viðhalds, einkum Hótel Sögu ehf.

**Hæfniskröfur**
- Iðnmenntun, önnur menntun eða reynsla sem nýtist í starfi.
- Vandvirkni og sjálfstæði í starfi.
- Geta unnið undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

*Nánari upplýsingar um störfin veitir Elías Blöndal Guðjónsson, framkvæmdastjóri Bændahallarinnar ehf., á netfanginu elias@baendahollin.is.*

*Umsóknum ásamt ferilskrám skal skilað á skrifstofu félagsins á 3. hæð Bændahallarinnar við Hagatorg eða í tölvupósti á netfangið elias@baendahollin.is eigi síðar en föstudaginn 20. janúar 2017.*

## Sölumaður á fasteignamiðlun

Við leitum að öflugum sölumanni sem er tilbúinn að takast á við spennandi sölumannsstarf og getur hafið störf strax.
Ef þú ert vel skipulagður, hefur góða framkomu og ert lausnarsinnaður þá er þetta rétta starfið fyrir þig.
Árangurstengd laun.
Áhugasamir vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett.is merkt „**Sölumaður fasteigna – 1903**"

## Ertu dugmikill kaffisölumaður?

Ó. Johnson & Kaaber leitar að duglegum sölumanni í kaffiþjónustudeild fyrirtækisins

**Starfið felur í sér:**

- Sölu og þjónusta til viðskiptavina
- Heimsóknir til viðskiptavina, eftirfylgni, gerð tilboða og utanumhald kaffivélasamninga
- Vinnu við samninga, og þátttöku í uppbyggingu á sölu

**Hæfniskröfur:**

- Menntun og/eða reynsla af sölustörfum
- Sjálfstæði, frumkvæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Geta til að vinna á samkeppnismarkaði
- Dugnaður, þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Geta talað, lesið og skrifað á íslensku og ensku
- Bílpróf

ÓJ&K
Ó. Johnson & Kaaber ehf

Umsóknir sendist á:
nb@ojk.is merkt: **OJK/Kaffi** fyrir 15. jan. n.k.
Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf hið fyrsta.

## VERSLUNARSTJÓRI BANKASTRÆTI

Við leitum að áhugasömum og lífsglöðum kaffiunnanda í starf verslunarstjóra á kaffihús okkar í Bankastræti. Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir öllum daglegum rekstri kaffihússins og starfsmönnum þess.

Leitað er að einstaklingi með brennandi áhuga á kaffi, er sjálfstæður í vinnubrögðum, hugmyndarikur og lipur í samskiptum. Sambærileg starfsreynsla er skilyrði.

Umsóknarfrestur er til **21.janúar 2017.** Vinsamlegast leggið inn umsókn og ferilskrá á heimasíðu Kaffitárs www.kaffitar.is - störf í boði. Frekari upplýsingar veitir Sólrún Björk Guðmundsdóttir solrun@kaffitar.is

FRÁ BÝLI Í BOLLA

Kaffitár



# FELST FRAMTÍÐ ÞÍN Í AÐ **VINNA MEÐ OKKUR?**

## MAREL LEITAR AÐ SNJÖLLU, SKAPANDI OG ÚRRÆÐAGÓÐU FÓLKI

### SÉRFRÆÐINGUR Í ÚTFLUTNINGI

Ertu snillingur í að skipuleggja vöruflutninga á milli landa? Viltu komast í krefjandi og skemmtilegt starf? Þá viljum við fá þig til að slást í lið með öflugu teymi sérfræðinga í inn- og útflutningi. Þú tekur þátt í að móta starfið og verkefnin og vinnur náið með starfsmönnum Marel um allan heim, viðskiptavinum fyrirtækisins og flutningsaðilum.

Þú þarft að hafa frumkvæði, lausnamiðaða hugsun og eiga auðvelt með að starfa í teymi, ásamt reynslu af sambærilegu starfi og þekkingu á bókhaldskerfum t.d. SAP eða AX. Háskólamenntun eða önnur sérfræðimenntun sem nýtist í starfi er kostur.

### VERKEFNASTJÓRI Í VÖRUÞRÓUN

Kanntu að stýra verkefnum? Viltu vinna að nýsköpun í fiskiðnaði? Viltu bera ábyrgð á þróun verkefna, stýra þeim frá hugmynd að tilbúinni vöru og vinna í nánu samstarfi við önnur teymi fyrirtækisins og lykilviðskiptavini Marel? Þá erum við að leita að þér.

Þú þarft að hafa tæknimenntun á háskólastigi eða sambærilegt nám, mjög góða samskiptafærni, færni og kunnáttu í verkefnastjórnun og reynslu af samskiptum við viðskiptavini. Reynsla af matvælaiðnaði er mikill kostur.

### SÖLUMAÐUR

Viltu slást í lið með öflugum hópi sölumanna og sérfræðinga í tækjum og vinnslukerfum fyrir íslenskan matvælaiðnað? Ef þú ert rétti sölumaðurinn, þá myndir þú selja tæki, hugbúnað og vinnslukerfi, greina viðskiptatækifæri, þróa og viðhalda viðskiptasamböndum, greina þarfir viðskiptavina og taka þátt í að þróa lausnir fyrir þá.

Þú þarft að hafa þekkingu og reynslu af sjávarútvegi og reynslu af sölustörfum. Háskólamenntun t.d. á sviði tækni, framleiðslustjórnunar eða sjávarútvegsfræði er kostur. Einnig er kostur að hafa þekkingu á öðrum sviðum matvælaiðnaðar, svo og á tækjum og hugbúnaði frá Marel.

### SÉRFRÆÐINGUR Í HUGBÚNAÐARGERÐ

Viltu vinna við hugbúnaðargerð, hönnun og forritun á vöruþróunarsviði Marel? Ef þú ert rétti sérfræðingurinn, þá fengir þú krefjandi verkefni við þróun hugbúnaðar til notkunar í kjöt-, kjúklinga- og fiskiðnaði. Þú myndir prófa tæki og kerfi ásamt því að innleiða kerfi hjá viðskiptavinum og samstarfsaðilum um allan heim. Unnið er í þverfaglegum teymum og stuðst við Scrum og Best Practice aðferðafræði.

Þú þarft að hafa menntun á sviði verk-, tækni- eða tölvunarfræði og góða þekkingu á C, C++, Bash og Linux. Þekking á HTML, CSS, JavaScript, jQuery og Angular er kostur.

Nánari upplýsingar um störfin og umsóknarform er að finna á **marel.is/störf**
Hægt er að sækja um til og með **22. janúar**.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki með hátt í 4700 starfsmenn, þar af 550 á Íslandi. Fyrirtækið er brautryðjandi á heimsvísu í þróun og framleiðslu tækja og hugbúnaðar fyrir matvælaiðnað. Við leggjum ríka áherslu á nýsköpun og framþróun í öllu okkar starfi. Þess vegna viljum við ráða til okkur öflugar konur og karla sem hafa áhuga á að mæta nýjum og spennandi áskorunum á hverjum degi. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt, vinnutíminn er sveigjanlegur, félagslífið gott, lögð er áhersla á heilsueflingu starfsfólks m.a. með góðu mötuneyti og framúrskarandi íþróttaaðstöðu.

marel

skaginn3x.is




## Skaginn 3X óskar eftir forritara á tæknideild

- Þarf að hafa menntun á rafmagnssviði
- Reynsla af forritun PLC véla nauðsynleg
- Góð kunnátta í lestri rafmagnsteikninga nauðsynleg
- Reynsla af rafhönnun æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt lipurð í teymisvinnu mikill kostur
- Starfið krefst mikils metnaðar og agaðra vinnubragða
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti nauðsynlegt

**Nánari upplýsingar gefur Gísli G. Pétursson tæknistjóri rafmagnsdeildar í síma 867 6382.**
**Umsóknir skulu berast á netfangið gisli@skaginn3x.com fyrir 18. janúar.**

Systurfyrirtækin **Skaginn hf.**, **Þorgeir & Ellert hf.** á Akranesi og **3X Technology ehf.** á Ísafirði framleiða og selja sérsniðnar hátæknilausnir fyrir matvælaiðnað á alþjóðamarkaði og er viðskiptavini þeirra að finna víðsvegar um heiminn. Tæknistig fyrirtækjanna er hátt en þar vinna samtals um 170 manns í þremur starfsstöðvum sem eru um 10.000 $m^2$ að stærð. Félögin hafa vaxið umtalsvert síðustu misseri en frumkvöðla- og nýsköpunarandinn hefur viðhaldist allt frá fyrsta degi. Áhersla er enn sem fyrr lögð á að bjóða gæðavörur og ryðja braut nýrrar tækni sem færir viðskiptavinum og umhverfinu verulegan ávinning.

Skaginn 3X TECHNOLOGY

ÁS STYRKTARFÉLAG

## Vinningsnúmer í happdrætti Áss styrktarfélags 2016

**1. vinningur:**
Opel Astra Enjoy 1.4L árgerð 2017 frá Bílabúð Benna að andvirði kr 3.490.000. kom á miða númer **10254**

**2.-9. vinningur:**
Heimilistæki frá Ormsson að andvirði kr. 200.000. hver vinningur kom á miða:
**397, 8936, 8998, 10668, 10958, 11007, 12502, 19714**

Félagið óskar landsmönnum gleðilegs árs og þakkar veittan stuðning.




## DEILDARSTJÓRI MÚRDEILDAR

Múrbúðin óskar eftir að ráða í starf deildarstjóra múrdeildar. Helstu verkefni eru ráðgjöf, þjónusta og sala á múrefnum til einstaklinga og fagaðila.

**Hæfniskröfur:**

- Þekking á múrefnum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund
- Þarf að geta unnið undir álagi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á byggingarvörum

Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Umsóknarfrestur er til 16. janúar 2017. Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið *haraldur@murbudin.is*

MÚRBÚÐIN




Í BOÐI ERU STÖRF Í ÖLLUM HVERFUM

## Leikskólakennarar og fólk með aðra menntun óskast til starfa í leikskólum Reykjavíkurborgar

Við leitum eftir skapandi og áhugasömu fólki með margvíslega menntun, reynslu og þekkingu sem hefur áhuga á að vinna með ungum börnum. Leikskólalífið er fjölbreytt, skemmtilegt og krefjandi og enginn dagur er eins en á hverjum degi getum við sameinast um að gera heiminn betri fyrir ung börn

Í leikskólum borgarinnar leika og læra börn á aldrinum 1 – 6 ára. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og þar er dýrmætur grunnur lagður að þekkingu og þroska barna. Námssvið leikskólans eru læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning.

**Sæktu um á www.rvk.is/storf**

www.reykjavik.is

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Þroskaþjálfi

**Hofsstaðaskóli**
- Umsjónarkennari

**Kirkjuból**
- Leikskólasérkennari eða þroskaþjálfi
- Leikskólakennari

**Lundaból**
- Matráður

**Fjölskyldusvið**
- Félagsleg liðveisla – hlutastarf fyrir 18 ára og eldri

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar á **www.gardabaer.is**.

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS

# SÖLUMAÐUR
## NOTAÐRA BÍLA

Bernhard leitar að sölumanni hjá Bernhard notuðum bílum, Bílakjarnanum, Eirhöfða 11. Eingöngu vanur maður kemur til greina, sem getur hafið störf strax.

Um er að ræða 100% starf með vinnutíma frá kl. 09:00 til kl. 18:00 virka daga og annan hvern laugardag frá kl. 12:00 til 16:00. Lokað er á laugardögum yfir hásumarið, frá 17. júní til 7. ágúst.

**Hæfniskröfur:**

- Góður sölumaður með ríka þjónustulund.
- Snyrtimennska, góð framkoma, stundvísi og góðir samskiptahæfileikar.
- Gilt bílpróf er að sjálfsögðu skilyrði.
- Góð tölvukunnátta.

Samheldinn hópur starfsfólks er í fyrirtækinu, góð vinnuaðstaða og fyrirtækið er reyklaust. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Upplýsingar eru ekki gefnar í síma en sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins www.bernhard.is/storf

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

TOLLSTJÓRI



# Fulltrúi
**Staða fulltrúa hjá Tollstjóra er laus til umsóknar**

Hjá Tollstjóra starfar hópur hæfileikaríks starfsfólks sem hefur það að markmiði að veita góða og skilvirka þjónustu og standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsueflingu og góðan aðbúnað.

**Starf fulltrúa felur m.a. í sér:**

- Afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini.
- Upplýsingagjöf og úrlausn mála í tengslum við innheimtu skatta og gjalda.
- Fjölbreytta gjaldkeravinnslu.
- Símsvörun í þjónustuveri og á skiptiborði.
- Afgreiðslu aðsendra erinda.
- Skráningu og afstemmningar í tekjubókhaldskerfi ríkissjóðs.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða samsvarandi menntun.
- Staðgóð almenn tölvukunnátta.
- Gott vald á íslensku.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Kurteisi og þjónustulund.
- Nákvæmni, traust vinnubrögð og stundvísi.
- Hreint sakavottorð.

Um er að ræða fjölbreytt verkefni sem hæfa jafnt körlum sem konum. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Una D. Kristjánsdóttir, deildarstjóri afgreiðsludeildar eða Valgerður Sigurðardóttir, deildarstjóri þjónustuvers, í síma 560-0300.

**Umsóknarfrestur er til 23.janúar nk.**
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Sótt er um starfið rafrænt á **www.tollur.is/laus-storf.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Athygli er vakin á að umsóknir gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



— TÆKNITEIKNARI

# VILTU KOMA FÓLKI Í SAMBAND VIÐ FRAMTÍÐINA?

**Ljósleiðaradeild okkar leitar að jákvæðum, skipulögðum og samskiptaliprum félaga í samhentan hóp sem hefur það hlutverk að tryggja ábyrgan rekstur Ljósleiðarans og tryggja þannig að viðskiptavinir okkar haldist í öruggu hágæðasambandi.**

**Þú fylgir öllum þráðum eftir:**
Starfið felur í sér ábyrgð á innfærslu reyndargagna og breytinga í landupplýsingakerfi með því að:
- Taka þátt í uppbyggingu ljósleiðarakerfa
- Styðja við hönnun ljósleiðarakerfa
- Setja fram gögn s.s. með gerð teikninga og korta
- Færa inn og lagfæra gögn í landupplýsingakerfi

Til að sækja um þarftu að hafa menntun eða reynslu sem nýtist í starfi s.s. á sviði tækniteiknunar. Við kunnum vel að meta fagleg, markviss og öguð vinnubrögð í þessu starfi. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Við tökum á móti umsóknum á ráðningarsíðu okkar: starf.or.is/ljosleidarinn/.
Umsóknarfrestur er til og með 16. júní 2017. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsdóttur mannauðsráðgjafi á netfanginu starf@ljosleidarinn.is.

**Finndu okkur á Facebook.com/Ljosleidarinn**

Ljósleiðarinn er í eigu Gagnaveita Reykjavíkur. Við erum fjölbreyttur vinnustaður þar sem um 60 starfsmenn auk ótal verktaka vinna saman að því að veita íslenskum heimilum og fyrirtækjum aðgengi að hágæða þjónustu á opnu aðgangsneti Ljósleiðarans. Hjá okkur er fagmennska og góður starfsandi í fyrirrúmi, við leitumst við að vera í fremstu röð hvað varðar jafnrétti, öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Jafnlaunaúttekt PwC 2016

LJÓSLEIÐARINN

**SINDRI**

VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2016 · JAFNLAUNA-VOTTUN VR

Fyrirmyndarfyrirtæki VR 6 ár í röð




# PASSAR ÞÚ Í HÓPINN?

## SINDRI ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA SÖLUMANN

### SÖLUMAÐUR SKÚTUVOGI

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af sölustörfum
- Rík þjónustulund
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni

**Starfslýsing**
- Sala og þjónusta við viðskiptavini
- Tiltekt og frágangur á pöntunum
- Önnur tilfallandi störf



Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.
Upplýsingar veitir Kristján Páll Hrafnkelsson í síma 575 0000 eða kph@sindri.is

**Umsóknum skal skilað fyrir 26. jan. nk.**

**Sindri** er verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði byggingalausna, festingarvara, véla, verkfæra og vinnufatnaðar. Fyrirtækið var stofnað árið 1933 og er hluti af **Johan Rönning hf.** Hjá félaginu starfa rúmlega 90 starfsmenn í Reykjavík, Kópavogi, Fjarðabyggð, Reykjanesbæ, Hafnarfirði, á Selfossi, Grundartanga og á Akureyri. Johan Rönning hefur 7 ár í röð verið valið fyrirmyndarfyrirtæki VR og hlotið nafnbótina fyrirtæki ársins síðastliðin 5 ár.

| Reykjavík | Reykjavík | Kópavogur | Hafnarfjörður |
|---|---|---|---|
| Skútuvogur 1 | Viðarhöfði 6 | Smiðjuvegur 1 | Bæjarhraun 12 |
| Sími 575 0000 | Sími 575 0060 | Sími 567 6000 | Sími 575 0040 |

---

S4S LEITAR AÐ

# ÖFLUGUM STARFSMANNI Í SKÓR.IS NETVERSLUN

ERT ÞÚ EINSTAKLINGURINN SEM VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ? VIÐ ERUM METNAÐARFULL OG ERUM AÐ STÆKKA.

**Starfssvið**
- Afgreiðsla pantana
- Myndataka og myndvinnsla á vörum
- Daglegt utanumhald með vörur í netverslunarkerfi
- Samskipti við verslanir okkar og viðskiptavini
- Samskipti við birgja
- Útgáfa fréttabréfs og umsjón með samfélagsmiðlum

**Hæfniskröfur**
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Mjög góð tölvukunnátta -kunnátta í Navison er kostur
- Reynsla af sölustörfum
- Þekking og kunnátta á Photoshop
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð

Skór.is netverslun

Umsóknarfrestur er til og með **27. janúar** n.k.
Umsóknir og ferilskrár sendist á **atvinna@s4s.is**

Nánari upplýsingar veitir Ásdís Jörundsdóttir, sími 544 2160, atvinna@s4s.is

S4S

S4S rekur verslanir Skór.is netverslun, Air.is netverslun, Steinar Waage, Ecco, Air, Kaupfélagið, Skechers, Skór.is Kringlu og Toppskóna. S4S hefur fengið fjölda viðurkenninga t.d. frá Credit Info og VR.

Bilauppboð.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Sportage ex premium. Árgerð 2015, ekinn 71 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.950.000. Rnr.992178. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð



MERCEDES-BENZ GLK 250 bluetec 4matic glk-250 cdi (982). Árgerð 2013, ekinn 52 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.590.000. Rnr.290617.



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2014, ekinn 17 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 4.190.000. Rnr.992066.



HYUNDAI Tucson comfort. Árgerð 2016, ekinn 32 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.950.000. Rnr.290499. Tilboð kr: 4.590.000,-

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**




BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX nýskr. 07/2002, ekinn 330 Þ.km, diesel, sjálfskiptur, leður, lúga tems, 33" nýleg dekk. Mjög flott eintak! Verð 2.880.000 kr. Raðnr.287201 á BILO.is



TOYOTA LAND CRUISER 100 VX nýskr. 09/2000, ekinn 362 Þ.km, diesel, sjálfskiptur, 7 manna, leður, lúga, tems, 35" nýleg dekk. Mjög gott eintak! Verð 2.280.000 kr. Raðnr.255921 á BILO.is



MMC PAJERO INSTYLE nýskr. 03/2007, ekinn 206 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður, lúga, 7 manna ofl! Tilboðsverð 2.490.000 kr. Raðnr. 255937 á BILO.is

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK



DODGE Ram 3500 longhorn mega cab. Árgerð 2016, ekinn 15 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur.með öllu öllu öllu Verð 7.970.000.án vsk Rnr.211945.



TOYOTA Land cruiser 200 vx. Árgerð 2008, ekinn 111 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Topp bíll 1 eigandi Verð 7.490.000. Rnr.115554.



LAND ROVER Range rover sport hse v8 diesl. Árgerð 2007, ekinn 152 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 3.950.000. Rnr.115436.



TOYOTA Land cruiser 150 gx "33". Árgerð 2010, ekinn 109 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 5 gírar. Verð 5.390.000. Rnr.211865.



VOLVO Xc90 awd v8. Árgerð 2005, ekinn 153 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur,leður ný vetradekk .Ásett verð 1.890 tilboðsVerð 1.490.000. Rnr.211944.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



**TILBOÐ 2.2 STGR. !**

Reneult Scenic III 2013 ssk, dísel, ekinn 62 þús, 5 manna frábær fjölskyldubíll. Ásett 2,8 - fæst á 2,2 stgr. Hjördís 896-0753



Honda CR-V, skr. 03/2005, sjálfskiptur, ek. 202.500 km. Dráttarbeisli, fjarlægðarskynjarar, krómsílsalistar, hraðastillir, þjónustubók. Bremsur nýyfirfarnar, skoðaun 2018. Bíll í mjög góðu ástandi. Ásett verð kr. 900.00,00.- Uppl. í s. 863 3864



Honda CRV árg. '07 dísel beinsk. ek. 115þús. Frábær eyðslugrannur bíll. Gott verð. S. 895 6160

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Bátar



Til sölu 39 feta skúta árg '92 staðsett í Pula í Króatíu. Skútan er með nýja vél og nýjan létta bát selst á 2.millj. mögulegt að selja fjórðungshlut í skútunni. Upp. s: 8217305.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

### Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum. Er rösk og vandvirk. Upplýsingar í síma 845 6231, Margrét.

### Bókhald

Bókhald fyrir einstaklinga í rekstri. Frí stofnun fyrirtækja. MD bókhald ehf s: 616-9480

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**

Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinna unnin af fagmönnum. Góð umgengni. malarar@simnet.is Sími 8919890

## til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

# HÖFÐAHÖLLIN

**Komdu í BÍLÓ!**



Funahöfði 1 | 110 Reykjavík | Sími 567 4840 | www.bilo.is | bilo@bilo.is

## Audi A3 E-tron 2016

### Plug in Hybrid (bensín/rafmagn)

**Skemmtilegir og hagkvæmir bílar**

Bílarnir eru allir sjálfskiptir með bensín og rafmagnsmótor og á 18" álfelgum. Einnig eru þeir allir með sportsæti, íslenskt leiðsögukerfi, leðurklætt sportstýri, tvívirka miðstöð með sjálfvirkri loftkælingu, LED ljós, tengjanlegir við farsíma (stjórnað með appi). Mismunandi aukabúnaður er í bílunum s.s. sætisáklæði, glertoppur, hljóðkerfi, nálgunarvarar.





- Hvítur - ekin 6þkm.
- Svartur - Alveg ónotaður!
- Rauður ek. 7þkm. m. Panorama og B&O hljóðkerfi

**Verð frá 5.390.000 kr.**
Skipti skoðuð á ódýrari!









**Þú finnur bílinn á bilo.is** **Auglýstir bílar eru á staðnum** **Skráðu bílinn á bilo.is**

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**

**smidskraftur@gmail.com**




**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 893 6994

Tek að mér flísalagnir og múrvinnu. Er með mikla reynslu. Uppl. í síma 855-4420 Tim

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 14 alla daga.

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Til bygginga

**TEIKNINGAR - BURÐARÞOL**
Gerum burðarvirkisteikningar fyrir byggingar og mannvirki í öllum stærðum og gerðum. Mikil reynsla og sérhæfing. Föst verð. Fyrirspurnir sendist á vrr@vrr.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**ÍSLENSKA F. ÚTLENDINGA -ENSKA**
ICELANDIC I, II, III. ENSKA f. Fullorðna -ENGLISH f. Adults. Byrja/Start: 9/1, 6/2 , 6/3, 3/4, 1/5, 29/5, Morgna/Síðd/Kvölds. Morn/Aftern/ Evening. 4 vikur/weeks x 5 daga/days. 2 -5 nem/students - www.iceschool.is. ff@icetrans.is - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s. 5571155 / 8981175.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**
Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**KORNIÐ/FJARÐARBAKARÍ**
Starfsfólk vantar í hlutastarf aðrahvora helgi í bakaríin okkar. Hentar vel skólafólki. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

Óskum eftir smiðum, kranamönnum og vönum mönnum í flekauppslátt. Uppl. í s. 783 6006

**GINGER**

**GINGER**
eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga. Unnið er frá 9:00-17:00 og 11:00-15:00. Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is eða hafðu samband í síma 780-1980.

Ginger restaurant is looking for employees on day shifts all weekdays. Working hours from 9 a.m. to 5 p.m. from 11 a.m. to 3 p.m. If you are 18 or older and interested in working at a good restaurant please send your c.v. to brynja@ginger.is or call 780-1980

**TMÍ**
TRYGGINGAMIÐLUN ÍSLANDS

Óskum eftir fólki í kvöldstarf. Góðir tekjumöguleikar. Upplýsingar sendist á umsoknir@tmi.is merkt kvöldstarf eða í 770-2277

**NEW HOTEL IN DOWNTOWN REYKJAVIK LOOKING FOR OUTGOING AND SERVICE MINDED INDIVIDUALS.**
Available positions are:

- Head of housekeeping/reception

- Receptionist for night shifts

Fluent English, a valid drivers licence, computer literacy and honesty a must. Further language skills a plus.

Send CV's and any enquires to booking@41hotel.is

**KORNIÐ/FJARÐARBAKARÍ**
Starfsfólk vantar í hlutastarf á Tjarnarvöllum og Dalshrauni á virkum dögum í vetur. 18 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á umsokn@kornid.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 5500**
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

## til leigu




Mjög gott 270,7 fm. iðnaðarhúsnæði-/þjónustuhúsnæði á góðum stað við Smiðjuveg í Kópavogi. Húsnæðið er á annari hæð og keyrt upp á hæðina með upphituðum ramp. Stórar innkeyrsludyr beint inn í vinnslusal. Möguleiki á að leigja til viðbótar 270,7 fm, sem tengjast saman við þessa eign samtals 541,4 fm. **Laust strax!**
**Upplýsingar í síma: 893-1777 eða bjargbrun@bjargbrun.is**

**BJARGBRÚN EHF**
www.bjargbrun.is | 893-1777 | bjargbrun@bjargbrun.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407



















**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## námskeið

# Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í Stórholti 18. Kennarar eru Jakobína Davíðsdóttir og Carmen Nogales. Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson. Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði. Námskeiðinu lýkur svo með tapaskvöldi. Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

**Byrjendanámskeið**
Mánudaga og miðvikudaga 13:00 - 14:30
Mánudaga og miðvikudaga 17:30 - 19:00
Mánudaga og miðvikudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska II:**
Mánudaga og miðvikudaga 10:00 - 11:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 19:15 - 20:45

**Framhaldsnámskeið spænska III:**
Þriðjudaga og fimmtudaga 13:00 - 14:30
Þriðjudaga og fimmtudaga 17:30 - 19:00



Spænskuskólinn HÁBLAME

Námskeiðin hefjast 9 og 10. janúar
Verð á mann 25.500.-

Upplýsingar í síma 698 5033 eða
spaenskuskolinnhablame@gmail.com
*Facebook: Spænskuskólinn Háblame*

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar

GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## skemmtanir




# Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

**Leikir helgarinnar:**

**Laugardaginn 7. jan**
12:20 Man. Utd. - Reading

**Sunnudaginn 8. jan**
13:20 Liverpool - Plymouth Argyle
15:50 Tottenham - Aston Villa

# Hljómsveitin Klettar




Rúnar Þór,
Rúnar Vilbergs,
Björgvin Gísla,
og Siggi Árna
spila um helgina.

Gullnáman

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

**Sími 512 4900 • landmark.is**

**Landmark leiðir þig heim!**

**Hlíðasmári 2, 201 Kópavogur.**


**Magnús Einarsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 897 8266


**Sigurður Samúelsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 896 2312


**Sveinn Eyland**
Löggiltur fasteignasali
Sími 690 0820


**Kristján Ólafsson**
Hrl.
Löggiltur fasteignasali


**Þórarinn Thorarensen**
Sölustjóri
Sími 770 0309


**Eggert Maríuson**
Aðstoðarmaður fasteignasala
Sími 690 1472


**Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir**
skjalagerð


**Benedikt Ólafsson**
Sölufulltrúi
nemi lgf.
Sími 661 7788


**Nadia Katrín**
Sölufulltrúi
Sími 692 5002


**Helga Snorradóttir**
Skjalavinnsla


**Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir**
Lögfræðingur / löggiltur fasteignasali
Sími 895 7784


**Ingibjörg Agnes Jónsdóttir**
Sölufulltrúi
Sími 897 6717



## SKIPHOLT – 105 RVK

**LAUS TIL AFHENDINGAR**

- Glæsileg 120 fm útsýnisíbúð
- Fullbúin, vönduð gólfefni & innréttingar
- Gluggar á 3.vegu
- Rúmlega 70 fm svalir á 3.vegu
- Gengið inn af svölum í íbúð
- **V. 67,9 millj.**

**Hafðu samband**
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## VATNSSTÍGUR – 101 RVK

**GETUR VERIÐ LAUS FLJÓTLEGA**

- Vel skipulögð 3ja herb., 136 fm íbúð
- Tvö svefnherb., tvö baðherb.
- Vandaðar innréttingar og skápar
- Granítsteinn í eldhúsinnréttingu
- Fallegt útsýni út á sjóinn
- **Tilboð óskast.**

**Hafðu samband**
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## BERGSTAÐASTRÆTI – 101 RVK

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Sjarmerandi 2ja íbúða húseign í Þingholtum
- 102 fm 4ra herb., á 2.hæðum og 40 fm 2ja herb., m/sérinngangi
- Öll húseign er algjörlega endurnýjuð
- Snyrtileg frágengin lóð í kringum hús
- Svalir og afgirt verönd
- **V. 89,9 millj.**

**Hafðu samband**
**SVEINN EYLAND**
Löggiltur fasteignasali. Sími 690 0820





## HRINGBRAUT 35 – 220 HFJ

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Mjög góð 3ja herbergja, 98 fm íbúð á jarðhæð í tvíbýli
- Sérinngangur í íbúð. Tvö bílastæði fylgja eigninni.
- Endurnýjað baðherbergi. Miðsvæðis í Hafnarfirði.
- **V. 34,9 millj.**

**Hafðu samband**
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312





## AKRALAND 3 – 108 RVK

**BÓKIÐ SKOÐUN**

- Rúmgóð og falleg 3ja herbergja, 99 fm íbúð í Fossvoginum
- Íbúðin er með sérinngangi og er í kjallara. Hún er ósamþykkt.
- Vel viðhaldið hús og snyrtilegt. Laus fljótlega !
- **V. 36,7 millj.**

**Hafðu samband**
**SIGURÐUR R. SAMÚELSSON**
Löggiltur fasteignasali. Sími 896 2312





## LAMBASEL 6 – 109 RVK.

Frábærlega vel staðsett og vel skipulagt einbýlishús við Lambasel 6, 239,9 fm. Þ.a. Innbyggður bílskúr 33,9 fm. Óskráð rými er 80 fm. og mjög vel nýtanlegt, heildarstærð er ca. 320 fm.
Uppbygging og skipulag húss er mjög vel úr garði gert.
Eignin afhendist fokheld að innan og tilbúinn að utan, lóð verður gróFjöfnuð.
Afhending janúar / febrúar 2017.
**V. 62,9 millj**

**Hafðu samband**
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309





## ÁSHOLT – 105 RVK

- 105,5 fm. Verslunar og atvinnuhúsnæði á jarðhæð sem hefur verið breytt í tvær 2ja herb. íbúðir.
- Báðar með sérinngang.
- Íbúðirnar hafa báðar verið í leigu.
- Íbúðirnar eru smekklega innréttaðar.
- Verulega góður fjárfestingarkostur.
- **V. 46,9 millj.**

**Hafðu samband**
**ÞÓRARINN THORARENSEN**
sölustjóri. Sími 770 0309






## KJARRHÓLMI 10 – 200 KÓP

**OPIÐ HÚS SUNNUDAGINN 8. JAN FRÁ KL.14.30 – 15.00**

- Björt 89,5 4ra herb íbúð.
- Stór geymsla ekki í heildarfm íbúðar.
- Vinsæl staðsetning.
- Stutt í þjónustu.
- **V. 34,5 millj.**

**Hafðu samband**
**EGGERT MARÍUSON**
sölufulltrúi. Sími 690 1472





**„Ég óska þess að þeir séu tilbúnir til þess að dansa á trjátoppunum," segir Óttarr um samstarfið og vísar í fræga ræðu sína.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

# Furðar sig ekki á gagnrýni

„Mér finnst að sumu leyti ekki skrýtið að fólk upplifi að ég sé kominn á skrýtinn stað," segir **Óttarr Proppé**, formaður Bjartrar framtíðar, um myndun ríkisstjórnar með Sjálfstæðisflokki og Viðreisn. Myndun þessarar ríkisstjórnar sé það eina hálfraunhæfa í spilunum. Hann segir ekki ósætti í flokknum þrátt fyrir úrsagnir og gagnrýni.

Björt framtíð er með skrifstofu á efstu hæð í fimm hæða byggingu í Kvosinni. „Stóra lyftuskrímslið," segir Óttarr um húsið þegar hann vísar blaðamanni til vegar. Frá efstu hæðinni er gott útsýni að Alþingi og líka ráðhúsinu þar sem Óttarr steig sín fyrstu skref í pólitík fyrir nokkrum árum með Besta flokknum.

Á skrifborði Óttars er bréfapressa með mynd af íkorna. Hann fékk bréfapressuna að gjöf eftir að hafa flutt eftirminnilega jómfrúarræðu á Alþingi árið 2013. Ræða Óttars var nokkurs konar hugvekja og ósk um breytt hugarfar. „Það er íkorninn sem dansar á trjátoppunum, ekki bjarndýrið," sagði hann og beindi því til þingheims að það hefði betri áhrif að sýna mýkt og sveigjanleika fremur en að ryðjast áfram. „Tökum íkornann með sinni iðjusemi og útsjónarsemi okkur til fyrirmyndar frekar en þunglamalegt valdabrölt bjarnarins," sagði hann enn fremur. Ræðan endaði á orðunum: „Verum góð."

Bréfapressan á að minna hann á ræðuna og gildin sem hann ætlaði að standa fyrir í pólitík.

**Dansað í trjátoppum?**

Skyldi hann gera ráð fyrir því að Benedikt og Bjarni dansi með honum í trjátoppunum eða er líklegra að þeir verði eins og bjarndýrið í hugvekjunni?

„Ég óska þess að þeir séu tilbúnir til þess að dansa á trjátoppunum. Út á það gengur bjartsýnin að fara í þetta verkefni með þeim. Hugsunin á bak við ræðu mína var ekki bara sú að það væru einstaklingar sem væru íkornar eða bjarndýr, heldur væri það líka aðferðafræðin.

Maður hefur séð hörðustu pönkara breytast í algjör bjarndýr. Jafnvel sá sem þykist vera íkorni, nýi umbótaflokkurinn, þarf líka að minna sig á það að breytast ekki bjarndýr," segir Óttarr.

> OKKUR FANNST GÁFULEGT AÐ VINNA SAMAN TIL ÞESS AÐ ÝTA UNDIR ÞESSA PÓLITÍK. FREKAR EN AÐ SITJA UPPI MEÐ TVO MIÐJUFLOKKA SEM EITTHVAÐ AUKAATRIÐI Í PÓLITÍKINNI.

Og hvað er hann að hugsa núna? „Ég er nú enn að hugsa um mýkt og sveigjanleika. Er enn mjög upptekinn af því að koma að auknu samstarfi, agaðra verklagi og breiðari aðkomu í pólitík. Eftir rúmlega tvo mánuði af meira og minna stanslausum stjórnmálaviðræðum eru hugsanirnar kannski ekki alveg jafn skáldlegar og þær voru sumarið 2013."

**Gagnrýndur fyrir samstarfið**

Óttarr hefur verið gagnrýndur í stjórnarmyndunarviðræðum síðustu vikna. Bæði fyrir samstarfið við Viðreisn og að vilja stjórnarmyndun við Sjálfstæðisflokkinn þar sem bæði Bjarni Benediktsson og Ólöf Nordal tengdust aflandsfélögum í skattaskjólum.

„Ég var svo önnum kafinn að ég hef ekki náð að velta mér upp úr gagnrýninni. Ég tek hana ekki nærri mér og segi það af virðingu að mér finnst að sumu leyti ekki skrítið að fólk upplifi að ég sé kominn á skrítinn stað. Ég hef upplifað þetta áður.

Til dæmis þegar ég yfirhöfuð byrjaði í pólitík og í Besta flokknum. Á okkar fyrstu dögum í ráðhúsinu fundum við fyrir því að fólki fannst eitthvað rangt við það að við værum komin í þetta hlutverk. Bæði fólki í kringum okkur en líka fólki sem gat ekki ímyndað sér svona skrítið fólk eins og okkur í þessum stöðum.

Það er eitt af því sem maður hefur upplifað sem verkefni í pólitík, að teygja á þessari ímynd hlutverkanna. Sumir af hörðustu rekstrarmönnum sem maður hefur þekkt eru til dæmis þeir sem hafa rekið pönkhljómsveitir," segir Óttarr sem segist halda að fólk hafi ákveðna mynd af honum og Bjartri framtíð og þeim aðstæðum sem nú eru uppi. „Í því ljósi þá finnst mér ekkert sérstaklega skrítið að margir furði sig á því að við séum í samstarfi við Sjálfstæðisflokk og Viðreisn. En lykilhugsun okkar í Bjartri framtíð er að við viljum koma að gagni og reyna að taka ábyrgð. Þess vegna erum við komin á þennan stað sem mörgum finnst skrítinn. Ég sjálfur datt óvart inn í stjórnmálin og þurfti að uppgötva eftir á til hvers ég væri í henni. Þetta er áskorun. Ég vil gera gagn og stuðla að samvinnu og betri stjórnmálum," segir hann.

**Samtal fyrir kosningar?**

Sambandið við Viðreisn, var til eitthvert samtal fyrir kosningar? Og á hvaða forsendum varð þetta samband til? „Það má segja að það hafi gerst eftir kosningar að við ákváðum að vinna saman þegar kæmi að stjórnarmyndun. Einhverjir frambjóðenda þekktust og höfu eitthvert samtal. Eðlilega eins og gengur á Íslandi. Það hafa allir unnið einhvers staðar saman eða verið saman í fermingarveislum. Síðan hittast pólitíkusar mjög mikið í kosningabaráttunni. Vegna þess að við erum alltaf á sömu fundum og í sömu viðtölum og menn spjalla saman í kringum það.

Það er margt líkt í þessari frjálslyndu pólitík sem báðir flokkarnir reka. Það var í raun ekki fyrr en eftir kosningar að það kom í ljós stuðningur við miðjuna, sem kannski hefur ekki verið háværi umræðu um íslenska pólitík. Sem gengur dálítið út á annaðhvort hægri eða vinstri. Þá voru þessir tveir flokkar komnir í þá óvæntu stöðu að vera í lykilstöðu hvað varðar stjórnarmyndun. Okkur fannst gáfulegt að vinna saman til þess að ýta undir þessa pólitík. Frekar en að sitja uppi með tvo miðjuflokka sem eitthvert aukaatriði í pólitíkinni," segir hann.

**Ólíkt bakland**

Nú þegar samstarfið hefur orðið til við stjórnarmyndun, hvernig verður þróunin? Kemur sameining til greina, kosningabandalag seinna meir? „Nei, það hefur aldrei komið til umræðu. Það hefur ekkert verið rætt um neitt samstarf þessara flokka annað en það sem viðkemur stjórnarmyndun.

Ég sé það ekki fyrir mér. Þetta eru tveir nýir flokkar sem eru báðir ➡

# útsala

## — allar vörur —

15%
40%
50%
75%

KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is

stofnaðir viljandi. Það er mjög ólíkt bakland þó að menn nái saman um einhver málefni.“

Bjarni fær forsætisráðuneyti, Benedikt er orðaður við fjármálaráðuneyti, hvaða ráðuneyti sækist þú eftir? „Það hefur enn ekki verið gengið frá verkaskiptingu í þessum stjórnarmyndunarviðræðum. Ég hef ekki gert tilkall til neins ráðuneytis umfram annað. Ég gæti hugsað mér að vinna við ýmsa málaflokka en hef líka þá reynslu að það geti verið mjög gefandi að vinna að málum sem maður hefur lítið komið að áður,“ segir Óttarr og vill ekki gefa upp hvaða ráðuneyti hefur verið rætt um að hann taki að sér í viðræðum fyrr en það er algjörlega frágengið.

**Flokkurinn var afskrifaður**

Er flokkurinn fámennur? „Við erum ekkert ofsalega fámenn miðað við aðra flokka. Við erum nýr flokkur og auðvitað fámennari en einhverjir af gömlu flokkunum. Baklandið er ekki jafn gróið. Það er kannski kvikara. Það er samt lúmskt mikið af fólki virkt. Það kom dálítið í ljós á þessu ári, þegar flokkurinn var að detta niður í skoðanakönnunum og oft afskrifaður í umræðunni. Ef það voru einhver mál, þá var ekki hringt fyrst í okkur til að komast að því hvað okkur fyndist um eitthvað. Á þessum tíma var baklandið virkt og trúði á okkur. Að við hefðum erindi í pólitík og hefðum eitthvað annað að segja en aðrir í pólitík.

Það var í ágúst sem það var í umræðunni að við gætum ekki sett saman lista til að bjóða fram. Þeir sem voru að vinna í flokknum höfðu hins vegar ekki áhyggjur af því. Við settum saman lista og náðum í gegn.“

En óttaðist þú sjálfur að þið mynduð þurrkast út? „Nei, ég trúði því að við myndum ná í gegn. Mér finnst fullkomlega eðlilegt að ný stjórnmálasamtök og reyndar gömul líka viti að það er ekkert sjálfsagt við það að flokkar séu til. Það eru engir flokkar sem eiga stuðning fólks.“

Getið þið mannað nefndir, kemur til greina að vera utan þings til að anna þessu öllu?

„Það var vitað fyrir að það yrði strembið fyrir svona lítinn þingflokk að manna allar nefndir þingsins. Það verður enn erfiðara ef við sitjum í ríkisstjórn. Þetta vissum við fyrir og er nokkuð sem við þurfum að vinna úr. En svona verkefni eiga kannski heldur ekki að vera auðveld.“

**Ekki allir jafn hrifnir**

Úrsagnir úr Bjartri framtíð – er ósætti í flokknum vegna stjórnarmyndunarviðræðna?

„Það er ekki ósætti í flokknum vegna stjórnarmyndunarviðræðna. Það eru hins vegar ekki allir jafn hrifnir af þátttöku okkar í viðræðum og það hefur átt við um allar þær viðræður sem við höfum átt, líka við aðra flokka. Skiljanlega hefur fólk ólíka afstöðu, sér í lagi í miðjuflokki sem hefur ekki verið í þessari aðstöðu áður. Það hefði fæsta grunað það nokkrum vikum fyrir kosningar að Björt framtíð yrði í lykilstöðu gagnvart stjórnarmyndunarviðræðum eftir kosningar. Það hefur þó ríkt mikil samstaða í þingflokknum gagnvart þessari vinnu og við höfum haldið reglulega fundi í fjölmennri stjórn flokksins til að ræða málin og stöðuna í hinum ýmsu viðræðum eftir kosningarnar,“ segir Óttarr.

**Endalaust skíðaferðalag**

„Það eru engar skýrar línur í pólitíkinni,“ segir Óttarr. „Það er hægt að ná saman þótt baklandið sé ólíkt.

Það er eitt sem maður lærir á þessum vettvangi, að það er leitun að einstaklingi í pólitík sem er ekki í pólitík til að láta gott af sér að leiða. Það er líka leitun að fólki í pólitík sem er ekki sterkir einstaklingar. Það gustar af fólki. Þegar fólk lendir oft í óvenjulegum aðstæðum í vinnunni, vinnur saman að málum þótt það sé í sitthvorum flokknum,



**Skiljanlega hefur fólk ólíka afstöðu, sér í lagi í miðjuflokki sem hefur ekki verið í þessari aðstöðu áður. segir Óttarr.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

ÉG HEF STUNDUM LÍKT ÞESSU VIÐ AÐ VERA Í ENDALAUSU SKÍÐAFERÐALAGI. FÓLK VERÐUR AÐ LÁTA SÉR LYNDA SAMAN.

þarf að ná árangri og niðurstöðu, þá nær fólk saman. Ég hef stundum líkt þessu við að vera í endalausu skíðaferðalagi. Fólk verður að láta sér lynda saman,“ segir Óttarr.

Óttarr segist hafa haft beyg af því að fara í kosningar ef ekki tækist að mynda stjórn.

„Við sáum í könnunum að það hefði ekki orðið grundvallarbreyting á afstöðu kjósenda. Það verða áfram þessir sjö flokkar. Í stjórnarkreppu verður til ákveðið tómarúm. Það kom til dæmis í ljós núna í fjárlögunum. Fyrir vikið eru ekki teknar stórar ákvarðanir og það var beygur í mér gagnvart því. Að fara í kosningar hefði framlengt ákveðið ástand í pólitík sem hefur verið nærri allt síðasta ár. Það hefur verið erfitt að taka ákvarðanir og það hefur lítið gerst.“

**Einhverjar umbætur**

En hvað um málefni Bjartrar framtíðar. Hvaða vægi hljóta þau í stjórnarsamstarfi. Þið leggið þunga áherslu á að það verði gerðar breytingar á stjórnarskránni, eins og hún birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Verður gefinn einhver afsláttur af því? „Það er stefna að við tökum ákallinu úr þjóðaratkvæðagreiðslunni. Við teljum að það sé mjög mikilvægt að hið minnsta verði einhverjar umbætur frekar en engar umbætur. Hvað þýðir það að gefa afslátt af því? Ég held að það sé aðalatriðið að það gerist eitthvað.“

Ef til vill hefur þetta komið til tals í stjórnarmyndunarviðræðum? „Já, þetta hefur komið til tals. Ég segi, aðalatriðið er að það verði breytingar. Það er nokkuð ljóst að það verða ekki miklar breytingar ef það er ekki nokkuð breið samvinna á bak við þær breytingar.“

**Atkvæðagreiðsla eina leiðin**

Hvað með Evrópusambandið. Þið viljið landa góðum samningi? „Við erum evrópusinnuð þjóð og alþjóðlega sinnuð. Það er mjög eðlilegt að hér verði meiri samvinna í gegnum samevrópskar stofnanir. Að við tökum þátt í samstarfinu og reynum að vera fullir þátttakendur. Eftir það sem á undan er gengið þá þýðir ekki að troða þessu niður um kokið á Íslendingum. Eina leiðin til þess að þetta geti orðið er að byrja á þjóðaratkvæðagreiðslu um umsókn. Að almenningur sé með í verki frá upphafi. Evrópusambandið og umhverfið í heiminum er að breytast mjög hratt. Við erum að koma úr stöðnunartímabili frá því að múrinn féll. Sem alþjóðasinni þá vona ég að það verði ekki þróun til einangrunar og tel að það sé hættulegt fyrir Ísland. Samskipti Íslands við umheiminn litast því af þeirri þróun sem nú er í Evrópu. Við verðum að vera með opinn huga og gæta þess að einangrast ekki.“

**Engin gullin leið**

Er ekki stefna Bjartrar framtíðar að það sé rétt að nota bæði veiðigjöld og uppboð við að úthluta hluta kvótans?

„Þetta er stórmál í íslenskri pólitík. Mikilvægt fyrir alla að það náist meiri sátt um sjávarútvegskerfið okkar,“ segir Óttarr.

„Stór hluti vandans er sú tilfinning margra að þessi sameiginlega auðlind gagnist fáum en ekki fleirum. Þjóðin njóti ekki réttláts hluta af arðinum. Við höfum talað fyrir því að besta leiðin til þess sé að markaðurinn komi frekar að einhverjum hluta. Það er flókið að útfæra þessa leið. Ég viðurkenni að ég hef ekki setið fund með neinum flokki sem hefur fundið gullnu leiðina. Almennt ríkir skilningur og vilji til þess að þróa þetta betur.

Það eru ákveðin grunnatriði, sem er dálítið merkilegt að pólitíkin er sammála um. Stýring á sókn í auðlindina út frá umhverfissjónarmiðum. Verðmætum aflans. Hins vegar þetta prinsipp, að hluti af ágóðanum renni til samfélagsins. Það er ekki langt síðan menn voru að rífast um þessi grundvallaratriði.“

**Gapa yfir sátt**

Spurður um eftirminnilegustu verkefni á síðasta þingi nefnir hann endurskoðun útlendingalaganna. „Það er verkefni sem mig hefði ekki grunað að ég tæki þátt í. Málaflokkur sem ég hafði ekki verið mjög djúpt í. Ég hafði kynnst málaflokknum lítillega í ráðhúsinu í tengslum við skólamál. Í vinnu við endurskoðun laganna held ég að við höfum náð að vinna mjög merkilega hluti og það í þverpólitískri sátt allra flokka. Þegar maður segir pólitíkusum úti í Evrópu frá því þá gapa menn. Þó svo að það verði seint allir fullkomlega ánægðir með niðurstöðuna þá er maður stoltur af því að hafa tekið þátt í því að ýta hlutunum í rétta átt.“

**Ábyrgðin mikilvæg**

Það eru margir sem telja afstöðu Bjartrar framtíðar gagnvart búvörusamningum hafi skipt sköpum í kjörklefanum. Er Óttarr sammála?

„Það er ákveðinn lúxus að stofna nýjan flokk. Þá mynda menn pólitíkina dálítið óbundnir af fortíðinni og getur verið auðveldara að vera með skýra stefnu í þessum málum. Á móti kemur að þú þarft að útskýra fyrir hvað þú stendur og það eru ýmsir aðrir tilbúnir að skilgreina þig fyrir þig. Ekkert endilega af mesta hlýhug.

Það hefur verið saga Bjartrar framtíðar frá því að við stofnuðum flokkinn að við höfum verið að forma og þróa flokkinn og líka að koma því til skila hver við erum og hver við viljum vera.

Við höfðum alltaf trú á því að sérstaða okkar mundi koma í ljós. Það kom okkur held ég alveg á óvart að það myndi endilega gerast í kringum landbúnaðarmálin. Við nálguðumst þau mál með okkar pólitík. Af ábyrgð. Fólk virðist hafa áttað sig á því. Okkur finnst við hafa sýnt ábyrgð einnig í öðrum málum og ætlum að halda því áfram af festu.“




**Laugavegur 77.**
Skrifstofuhúsnæði 570 m²
á 4. hæð.

Fallegt skrifstofuhúsnæði við Laugaveg, á besta stað í miðbænum. Um er að ræða hálfa hæðina, alls um 570 m². Hæðin er snyrtilega innréttuð með skemmtilegu útsýni. Húsnæðið getur verið laust fljótlega.







**Laugavegur 26**
Skrifstofurými 282 m²
á 3. hæð

Skrifstofuhúsnæði í miðbænum með frábæru útsýni, stórum gluggum og rúmgóðum þaksvölum sem snúa í norður, austur og suður. Hæðin hefur verið endurnýjuð mikið á undanförnum árum; þar eru opin rými og lokaðar skrifstofur/fundarherbergi og steinteppi á gólfum.

**Kringlan 1**
Skrifstofurými 299 og 373 m²
á 2. og 4. hæð

Tvö snyrtileg rými í skrifstofubyggingu á áberandi stað í alfaraleið, steinsnar frá stærstu verslunarmiðstöð landsins. Annars vegar er um að ræða 299 m² á 2. hæð, og hins vegar 373 m² á 4. hæð. Rýmin eru laus til afhendingar með skömmum fyrirvara.

**Fiskislóð 10**
Skrifstofuhúsnæði 625 m²
á 2. hæð

Vandað skrifstofuhúsnæði á 2. hæð með nýjum sérinngangi með lyftu. Hæðin skiptist í nokkur stór herbergi sem geta nýst sem skrifstofur eða fundarherbergi auk opinna vinnurýma, stórrar kaffistofu og salerna. Stórir gluggar eru í nokkrum herbergjum og úr tveimur þeirra er gengt út á svalir.

# TIL LEIGU

Myndir, teikningar og nánari upplýsingar má nálgast á **www.reitir.is**
og hjá **Halldóri Jenssyni** sölustjóra í **840 2100** eða **halldor@reitir.is.**

Kringlan 4–12 | 103 Reykjavík | www.reitir.is | 575 9000

REITIR
*Velkomin til starfa*



Hjónin Björn Thors og Unnur Ösp Stefánsdóttir í verkinu Brot úr hjónabandi í Borgarleikhúsinu.

# Sundurleitt haust í *leikhúsum landsins*

Mikið var um að vera í sviðslistalífi landsins á liðnu hausti. Sigríði Jónsdóttur leiklistargagnrýnanda þótti tilvalið að nýta fyrstu viku þessa árs til að líta til baka yfir farinn veg.

**Sigríður Jónsdóttir**
Gagnrýnandi

Það má með sanni skrifa að nýliðið haust í leikhúsinu hafi endað með hvelli sem bergmálaði alveg inn í nýja árið, en frekar um þau málefni síðar.

Eins og hefð er orðin fyrir marka LÓKAL og Reykjavík Dance Festival byrjun leikársins á höfuðborgarsvæðinu og að þessu sinni var forskriftin Everybody's Spectacular. Hátíðin er kjörið tækifæri fyrir ungt sviðslistafólk til að koma sér á framfæri og þá reyndari til að gera tilraunir; gjörningar af ýmsu tagi, leikverk og dans tóku á móti gestum þessa árs.

Einfaldar, einlægar og vel skrifaðar barnasýningar á borð við Jólaflækju, Lofthrædda örninn Örvar og Íslenska fílinn báru af á liðnu hausti. Brúðuheimar er mikill happafengur fyrir íslenskt sviðslistalíf og á Bernd Ogrodnik sérstakan heiður skilinn fyrir sitt framúrskarandi starf fyrir börn. Stærri fjölskyldusýningar á borð við Bláa hnöttinn, sem byggð var á bók Andra Snæs Magnasonar, heppnuðust kannski ekki eins vel en aðsóknin hefur verið fín.

## Sjálfstæða senan

Sjálfstæða senan kom sterk inn þó að gæðamunur á þeim sýningum sé oft augljósari en í stóru leikhúsunum. Sumar þeirra gengu þó skemmtilega upp og þær bestu gáfu áhorfendum nýja sýn á hversdagsleikann. Litla sýningin, sem færri komust á en vildu, Þær spila blak hallelúja, í boði Aðalbjargar Árnadóttur og Ylfu Áskelsdóttur, var bráðskemmtileg. Einnig mætti Kriðpleir-hópurinn sterkur til leiks með sína bestu sýningu til þessa, Ævisaga einhvers verður áfram í sýningum í Tjarnarbíói á þessu ári.

Sóley Rós ræstitæknir með Sólveigu Guðmundsdóttur í fararbroddi sló óvænt í gegn í Tjarnarbíói en þar er á ferð sýning sem leynir á sér, bæði persónuleg og pólitísk í senn. María Reyndal og Sólveig mynda listræna teymið á bak við þetta heimildarverk sem fjallar umbúðalaust um tilveru og raunir venjulegrar konu sem tekst á við gríðarleg áföll.

Í höfuðborginni er sviðslistaflóran fjölbreytt og eru áhorfendur hvattir til að fylgjast með öðruvísi sviðsviðburðum. Þar ber helst að nefna dragsýningar Dragsúgs á Gauknum, spunahópinn Improv Iceland, uppistand af öllum gerðum og svo má ekki gleyma Mengi á Óðinsgötu sem setur hvers kyns tilraunastarfsemi í forgang.

## Akureyri og Rif

Fátt var að frétta frá Akureyri en leikfélagið þar í bæ frumsýndi hina ágætu sýningu Helgi magri í samkomuhúsinu snemma að hausti. Innri uppbygging er enn þá í gangi en leikfélagið snýr aftur í Hof á næstunni með splunkunýja barnasýningu á 100 ára afmæli leikfélagsins. Núnó og Júnía nefnist hún og er í leikstjórn Söru Martí Guðmundsdóttur sem skilaði hinni fínu Pílu pínu þar á svið í fyrra. Aftur á móti hefur gestasýningum frá höfuðborgarsvæðinu fjölgað sem er vel og jákvætt fyrir áhorfendur þar í bæ.

Kári Viðarsson tilkynnti nýlega að hann myndi færa sig frá sviðsetningum í Frystiklefanum á Rifi en hann hefur unnið mikið og gott frumkvöðlastarf þar síðastliðin ár. Vonandi verður húsið ennþá vinnumiðstöð fyrir sviðslistafólk. Landsbyggðin þarf á svona framtaki að halda.

## Brot af því besta

Ólafur Egill Egilsson sýndi og sannaði að hann á fullt erindi í leikstjórastólinn en Broti úr hjónabandi, eftir Ingmar Bergman, var bæði fagmannlega og lipurlega leikstýrt. Ekki var verra að hafa hjónin Björn Thors og Unni Ösp Stefánsdóttur innanborðs sem sýndu að góður leikur byggist ekki eingöngu á frammistöðu einstaklinga heldur líka náinni samvinnu þar sem hlustun er lykilatriði.



Sólveig og Sveinn í leikritinu Sóley ræstitæknir.



Íslenski fíllinn var vinsæl barnasýning í Þjóðleikhúsinu.

Eins og áður sagði sýndi Sólveig Guðmundsdóttir fantafína takta í hlutverki Sóleyjar Rósar en hún hefur verið á fínu flugi á þessu ári. Sigurður Sigurjónsson heldur áfram að sýna og sanna að hann er einn af landsins allra bestu leikurum, nú í hlutverki fúleggsins Ove í Kassanum. Arnmundur Ernst Backman afhjúpaði nýjar og áhrifaríkar hliðar í Djöflaeyjunni og þó Aldís Amah Hamilton sé að stíga sín fyrstu skref á sviðinu þá hefur hún alla burði til að láta hressilega að sér kveða á næstu misserum.

## Leikskáldin og traustið

Nýju íslensku leikritin hafa því miður verið misgóð hingað til. Hvorki Sending eftir Bjarna Jónsson né Extravaganza eftir Sölku Guðmundsdóttur hittu almennilega í mark og Djöflaeyjan í leikgerð Atla Rafns Sigurðarsonar, Melkorku Teklu Ólafsdóttur og reyndar alls leikhópsins var hálfgert þunnildi. Enn þá sárvantar sterkari grunn og stuðning fyrir leikskáld, og þessar aðlaganir á skáldsögum má endilega hvíla. Úrbætur síðustu ára s.s. föst staða leikskálds innan veggja Borgarleikhússins virðast ekki hafa dugað til. Þetta hljómar kannski eins og rispuð plata en er nauðsynlegt að endurtaka sem oftast þangað til eitthvað róttækt er gert í þessum málum.

Sú hvimleiða tíska að leikhúsið og leikarar fjalli um sjálfa sig með því að t.d. brjóta niður fjórða vegginn og ávarpa áhorfendur um hvað þeim finnist um málefni líðandi stundar, hvernig þeir upplifi sýninguna, eða útskýra tengingu hennar við samtímann, virðist seint ætla hverfa. Auðvitað koma sýningar inn á milli þar sem þessi tækni smellpassar en er alltof oft notuð sem eins konar listræn hækja í stað þess að treysta áhorfendum til að túlka verkið og tengja við á sínum eigin forsendum.

## Tilraunakennd og umdeild klassík

Jólasýningar Borgarleikhússins og Þjóðleikhússins eru alveg kapítuli út af fyrir sig enda hafa þær báðar verið umdeildar. Mikið púður og fjármagn er alla jafnan lagt í jólasýningarnar og þær eru ákveðinn hornsteinn leikársins. Er kannski kominn tími til að endurskoða þessa hefð og brydda upp á nýrri nálgun að leikárinu? Gagnrýnendur tóku vægast sagt misvel í sýningarnar og mikil umræða spratt upp á samfélags- og vefmiðlum í kjölfarið. Slík umræða verður einungis gagnleg ef hún er á faglegum nótum en eðlilega er sýn einstaklinga á sviðsviðburði mismunandi.

Gísli Örn Garðarsson endurskrifaði og leikstýrði nýrri þýðingu Hallgríms Helgasonar á Óþelló eftir William Shakespeare í Þjóðleikhúsinu en Yana Ross sneri aftur í Borgarleikhúsið og tók Sölku Völku eftir Halldór Laxness í sundur. Virðingarvert er að sjá stóru húsin gera djarfar tilraunir með bæði formið og túlkanir á klassískum verkum en í báðum sýningunum flugu bæði handrit og leikræn spenna út um næsta glugga. Sjón- og myndræn upplifun er sviðslistunum auðvitað og eðlilega ákaflega mikilvæg en hún má ekki yfirskyggja sýningar á kostnað handrits eða persónusköpunar.

## Nýja árið

Í heildina hefur leiklistarveturinn gengið brösuglega hingað til, stórar sýningar í báðum húsunum voru annaðhvort í meðallagi góðar eða alls ekki. Minni sýningar og barnasýningar hafa gengið betur. Samstarfssýningum við sjálfstæða hópa hefur fækkað og vert er að spyrjast fyrir um af hverju svo sé. Er sparnaði um að kenna? Vilja stjórnendur húsanna gefa meira rúm fyrir tilraunir undir sínum formerkjum?

En margt bíður leikhúsgesta á nýju ári. Vert er að minna á beina útsendingu RÚV í kvöld þegar Njála verður sýnd í síðasta sinn á stóra sviði Borgarleikhússins sem og Útvarpsleikhúsið sem heldur áfram að sinna íslenskri leikritun einstaklega vel. Í gær var Gott fólk eftir Val Grettisson í leikstjórn Unu Þorleifsdóttur frumsýnt í Þjóðleikhúsinu sem og samstarfsverkefnið Hún pabbi, í leikstjórn Péturs Ármannssonar í Borgarleikhúsinu. Forvitnilegt verður að sjá hvort nýja árið byrji betur en hið gamla endaði. Leikárið er nú hálfnað og best er að fara með bjartsýnina að vopni inn í þennan seinni hluta.

Allir í leikhús.

*Sjón er sögu ríkari*




# ÚTSALA




**25%** AFSLÁTTUR *af* MÁLNINGU

**30%** AFSLÁTTUR *af* POTTUM & PÖNNUM

**20-50%** AFSLÁTTUR *af* VÖLDUM **BOSCH** VERKFÆRUM

**40-60%** AFSLÁTTUR *af* JÓLAVÖRUM

**40%** AFSLÁTTUR *af* GARNI

**30%** AFSLÁTTUR *af* BAÐINNRÉTTINGUM



**25%** AFSLÁTTUR *af* LJÓSUM

**40-60%** AFSLÁTTUR *af* JÁRNHILLUM

**40%** AFSLÁTTUR *af* PLASTBOXUM

**20-50%** AFSLÁTTUR *af* VÖLDU GÓLFEFNI (PARKET & FLÍSAR)

**30%** AFSLÁTTUR *af* BARNABÍLSTÓLUM

**30%** AFSLÁTTUR *af* HÁÞRÝSTIDÆLUM

- **40%** AF ÖLLUM GLÖSUM, BOLLUM OG KÖNNUM - **40%** AF ÖLLUM KLUKKUM - **40%** AF ÖLLUM LEIKFÖNGUM OG SPILUM - **40%** AF ÖLLUM MYNDARÖMMUM - **40%** AF ÖLLUM MYNDLISTARVÖRUM -**25%** AF ÖLLUM MOTTUM OG DREGLUM - **30%** AF ÖLLUM DREMEL FÖNDURFRÆSURUM - **30%** AF ÖLLUM EINHELL RAFMAGNSVERKFÆRUM - **40%** AF ÖLLUM KERTUM - **40%** AF ÖLLUM VERKFÆRASETTUM - **40%** AF ÖLLUM VERKFÆRABOXUM - **30%** AF ÖLLUM HÖLDUM - **30%** AF ÖLLUM BAÐFYLGIHLUTUM - **30%** AF ÖLLUM BAÐINNRÉTTINGUM - **20%** AF ÖLLU GÆLUDÝRAFÓÐRI - **40%** AF VÖLDUM VINNUFATNAÐI - **30%** AF VÖLDUM BÍLAVÖRUM-**30%** AF ÖLLUM STURTUHURÐUM OG STURTUBOTNUM - **30%** AF ÖLLUM STURTUKLEFUM - **30%** AF ÖLLUM BAÐ- OG STURTUÞILUM

Allar verðupplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

Taktu þátt í facebook leiknum okkar

*Viltu vinna* **25.000kr.** GJAFAKORT?

byko.is

**GERÐU FRÁBÆR KAUP**
**AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS**

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

# Vísindaárið 2016 og það sem koma skal á nýju ári

**Þrátt fyrir að hafa á sér nokkuð slæmt orð var árið 2016 glæsilegt ár í vísindasögunni. Vísindamenn vítt og breitt um heiminn stóðu að sögulegum og oft magnþrungnum rannsóknum. Árið sem nú er gengið í garð ber með sér fyrirheit um frekari sigra á sviði vísindanna.**

## 2016

### 1 Vísindamenn greina þyngdarbylgjur

Fyrir um 1,3 milljörðum ára skullu tvö risavaxin svarthol saman. Þau voru 29 til 36 sinnum efnismeiri en Sólin og á augabragði breyttist massi sem svarar þremur meðalstórum sólstjörnum í þyngdarbylgjur sem þeyttust út í alheiminn, eins og gárur á vatni. Á síðasta ári greindu vísindamenn eftirköst hamfaranna í formi 20 millisekúndna langs orkuskots. Merkið var staðfesting á veigamiklum hluta afstæðiskenningar Einsteins en um leið greiðir það nýjum og að öllum líkindum stórkostlegum uppgötvunum leið. Með þessari nýju þekkingu verður hægt að smíða tæki til að mæla þyngdarbylgjur og mögulega varpa ljósi á fyrstu 250 milljón ár alheimsins. Þekking á tilurð alheims er okkur innan seilingar.

### 2 $CO_2$ fer yfir 400 ppm



Söguleg stund átti sér stað í september 2016 þegar styrkur koltvísýrings ($CO_2$) fór yfir 0,04% eða 400 ppm í andrúmsloftinu. Fyrir tíma iðnbyltingarinnar var styrkurinn 280 ppm. Frá tímum iðnbyltingarinnar hefur mannfólkið dælt $CO_2$ út í andrúmsloftið hraðar en plönturnar ráða við. Þannig eykst styrkur þess í andrúmsloftinu og í kjölfarið hitastig, sem síðan hefur meiriháttar og hræðileg áhrif á loftslag plánetunnar. Nær útilokað þykir að styrkur $CO_2$ fari niður fyrir 0,04% í bráð. Þó svo að hnattrænt átak mannkyns stöðvi útblástur mun uppsafnað magn $CO_2$ sitja eftir í andrúmsloftinu næstu áratugina.

### 3 Drengurinn með foreldrana þrjá



Þann 6. apríl fæddist drengur sem varð til með nýrri og umdeildri glasafrjóvgunaraðferð þar sem hvatberar úr eggi þriðja aðila eru notaðir. Drengurinn á þrjá foreldra. Í erfðaefni sínu ber móðir drengsins lífshættulegan sjúkdóm sem hefur áhrif á hvatbera (orkugjafa frumna). Aðgerðin virðist hafa heppnast og litlar líkur eru á að drengurinn þrói með sér sjúkdóminn. Á tíunda áratugnum voru sambærilegar tilraunir gerðar en þær misheppnuðust allar.

### 4 Níunda plánetan

Líkur eru á því að sólkerfið sé skipað níu reikistjörnum en ekki átta. Vísindamenn við Caltech kynntu í janúar einstakar rannsóknarniðurstöður sem varpa ljósi á dularfulla plánetu, á stærð við Neptúnus, sem fer umhverfis sólina á fimmtán þúsund árum. Þessi níunda pláneta er mögulega svarið við ýmsum spurningum er varða tilurð og mynd sólkerfisins í dag. Vísindamenn eiga þó enn eftir að greina plánetuna með formlegum hætti.

### 5 Tignarleg lending SpaceX



SpaceX, geimferðafyrirtæki Elons Musk, braut blað í geimferðasögunni þegar verkfræðingum og vísindamönnum þess tókst að skjóta Falcon 9 eldflaug út í geim og lenda henni síðan aftur á pramma úti á ballarhafi. Lykillinn að geimferðum framtíðarinnar er minni kostnaður og það er nákvæmlega það sem SpaceX vill gera með eldflaug sem hægt er að sækja og nota aftur.

## 2017

### 1 Bylting CRISPR hefst



Gullöld erfðabreytinga er á næsta leiti. Sögulegar tilraunir fóru fram á nýliðnu ári með erfðabreytingatækninni CRISPS og nú blasa við raunhæfar leiðir til að móta og meitla sjálft erfðaefni plantna, dýra og á endanum manna. CRISPR beitir ónæmiskerfi gerla til að skera burt ákveðin gen og bæta nýjum við. Fjölmargar þýðingarmiklar tilraunir með CRISPR eru boðaðar á næsta ári. Áframhaldandi þróun á þekkingu okkar á CRISPR getur leitt til breyttrar heimsmyndar þar sem hægt er að útrýma illvígum sjúkdómum, tryggja fæðuöryggi, bæta krabbameinsmeðferðir o.fl. CRISPR hefur þegar bylt erfðatækninni en tæknin gefur einnig fyrirheit um betri og dýpri skilning á undraheimi erfðanna.

### 2 Trump og loftslagsmálin



Nýkjörinn forseti Bandaríkjanna, Donald Trump, hefur ítrekað hótað því að rifta Parísarsamkomulaginu og segja skilið við skuldbindingar landsins í loftslagsmálum. Bandaríkin og Kína, sem saman bera ábyrgð á 40% af losun $CO_2$ í heiminum, komu sameinuð að samningaborðinu í París árið 2015. Hverfi Bandaríkin frá markmiðum sínum er óvíst hvaða áhrif það hefur á afstöðu yfirvalda í Kína. Kjör Trumps boðar einnig breytta tíma í loftslagsrannsóknum. Hann hefur heitið því að ganga milli höfuðs og bols á loftslagsrannsóknum NASA en þær hafa skipt sköpum í þeirri hnattrænu vitundarvakningu sem hefur átt sér stað í loftslagsmálum.

### 3 Síðasti vals Cassini-Huygens



Eftir 12 söguleg ár af rannsóknum og hringsóli um Satúrnus mun ómannaða könnunarfarið Cassini-Huygens mæta örlögum sínum með stórkostlegum hætti. Þann 15. september 2017 mun Cassini hífa sig upp yfir hringi Satúrnusar og á endanum taka dýfu hátt yfir norðurpól plánetunnar. Á þessu feigðarflani mun Cassini ná sögulegum myndum í návígi við Satúrnus, áður en það brennur upp í efra gufuhvolfi plánetunnar.

### 4 Skynmörkin könnuð

Í apríl 2017 munu vísindamenn freista þess að ljósmynda skynmörk (e. event horizon) hins tröllvaxna svarthols sem dvelur í hjarta Vetrarbrautarinnar okkar. Skynmörk eru þau mörk sem ekkert sleppur út úr um leið og það er komið inn fyrir þau. Við getum ekki séð hvað gerist fyrir innan þau enda sleppur ekki einu sinni ljós út úr skynmörkunum. Níu útvarpssjónaukar, víðsvegar um heiminn, munu á sama tíma rýna í svartholið mikla. Heppnist tilraunin munu niðurstöðurnar hjálpa vísindamönnum að skilja betur hegðun svarthola og staðfesta hluta af afstæðiskenningu Einsteins.

### 5 Almyrkvi í Bandaríkjunum



Þann 21. ágúst 2017 munu Bandaríkjamenn berja almyrkva augum (þegar tunglið gengur milli Sólar og Jarðar). Almyrkvinn verður sýnilegur á stóru svæði í Bandaríkjunum og mun vara í um tvær mínútur. Samkvæmt Vísindavefnum verðum við Íslendingar að sætta okkur við deildarmyrkva er vinir okkar vestanhafs setja (vonandi) upp sólmyrkvagleraugun en séð frá höfuðborgarsvæðinu verða aðeins tvö prósent sólar myrkvuð.

kjartanhreinn@365.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




900g

**1.198** kr. 900 g

**ES Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g




**498** kr. kg

**Danpo Kjúklingur**
Danskur, heill, frosinn

# GOTT VERÐ Í BÓNUS



**Appelsínur**
Í lausu, Spánn

**Sítrónur**
Í lausu, Spánn

**198** kr. kg

**Epli, gul**
Í lausu, Frakkland

**Epli, græn**
Í lausu, Frakkland

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með **8. janúar** eða meðan birgðir endast







**Saga til næsta bæjar**



**Stefán Pálsson** segir frá kvefi og krabbameini

# Linus og töfralyfið

Í 116 ára sögu Nóbelsverðlaunanna hafa einungis fjórir einstaklingar hlotið tvenn verðlaun. Þrír þessara tvöföldu verðlaunahafa deildu viðurkenningunni með öðrum vísindamönnum. Sá fjórði, bandaríski efnafræðingurinn Linus Pauling, vann hins vegar þetta afrek einn síns liðs og það sem meira er: litlu mátti muna að hann bætti þriðju Nóbelsverðlaununum í safnið.

Linus Pauling fæddist í Portland í Oregon árið 1901. Hann innritaðist í Caltech, virtasta tækniháskóla Kaliforníu og lauk þaðan doktorsprófi árið 1925. Við tók glæstur ferill með ferðalögum til Evrópu, þar sem vísindamaðurinn ungi nam við fótskör manna á borð við Níels Bohr og Erwin Schrödinger.

Kynnin af kennilegri eðlisfræði leiddu Pauling út í rannsóknir á efnatengjum og það var fyrir kenningar hans á því sviði sem hann hlaut Nóbelsverðlaunin í efnafræði árið 1954. Fljótlega leiddu þessar rannsóknir Pauling út í athuganir á lífrænum efnum og má kalla hann föður sameindalíffræðinnar. Hann setti fram tilgátur um uppbyggingu erfðaefnis og var hársbreidd frá því að leysa fyrstur gátuna um DNA. Sá heiður kom í hlut þeirra James Watson og Francis Kirk sem hlutu að launum Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1962.

Sama ár og þeir Watson og Kirk héldu til Stokkhólms að veita verðlaunum sínum viðtöku fór Linus Pauling á fund Nóbelsnefndar norska stórþingsins. Hann hlaut friðarverðlaun Nóbels fyrir kröftuga baráttu sína gegn kjarnorkuvopnum, en Pauling varð einbeittur friðarsinni snemma á sjötta áratugnum.

Með þennan glæsta vísindaferil í huga, er ekki að undra þótt Linus Pauling rati ofarlega á lista yfir áhrifamestu vísindamenn heims. En hans er þó ekki síður minnst fyrir annan og misheppnaðri hluta af sínum ferli: trúna á lækningamátt C-vítamíns.

### Bjargvættur sæfara

Löngu áður en vísindamönnum tókst að einangra og skilja fyrirbærið C-vítamín, hafði mannkynið gert sér grein fyrir mikilvægi þess. Öfugt við flestar aðrar dýrategundir (en þó ekki allar) framleiðir mannskepnan ekki sitt eigið C-vítamín, heldur verður að innbyrða það í fæðu.

Fjórði áratugur tuttugustu aldar var blómaskeið rannsókna á vítamínum. Þá hófst líka framleiðsla á sérstökum vítamíntöflum fyrir almenning, en áður höfðu læknar látið nægja að beina fólki að bætiefnaríkri fæðu. Jafnframt fóru ýmsir matvælaframleiðendur að vítamínbæta framleiðslu sína, bæði í auglýsingaskyni og í von um að auka geymslu- og bragðgæði.

Hugmyndir um að risaskammtar af C-vítamíni væru öflug forvörn gegn hvers kyns kvillum létu á sér kræla strax á fjórða áratugnum, bæði meðal fólks sem aðhylltist óhefðbundnar lækningar og stöku vísindamanna.

Linus Pauling var afar móttækilegur fyrir hugmyndum af þessum toga. Fyrir því voru bæði faglegar og persónulegar ástæður. Í vísindastarfi sínu kannaði Pauling sérstaklega efnafræðilegar ástæður ýmissa sjúkdóma. Þannig vakti hann mikla athygli árið 1949 þegar hann sýndi fram á að sameindagalli ylli erfðasjúkdómnum sigðkornablóðleysi. Pauling var því bjartsýnn á að fjölmargir kvillar mannsins ættu sér sameindalíffræðilegar orsakir, sem skýrðust af erfðagöllum í mannkyni öllu eða hlutum þess sem röskuðu eðlilegu jafnvægi í efnabúskapnum.

Persónuleg reynsla vísindamannsins varð enn frekar til að styrkja þessa trú hans. Um fertugt greindist Pauling með nýrnasjúkdóm, en tókst að halda honum niðri með því að taka mataræðið í gegn: draga úr kjötáti og saltneyslu, en borða mikið af vítamínríkri fæðu. Ekki var því að undra þótt hann sperrti eyrun þegar kenningar um heilnæmi bætiefna bar á góma.

Innblásinn af slíkum hugmyndum tók Pauling að innbyrða stóra skammta af C-vítamíni á degi hverjum og sannfærðist fljótt um að það gerði líkamanum gott. Vítamínið styrkti að hans mati ónæmiskerfi líkamans, ekki bara gegn hvers kyns bakteríupestum heldur einnig gegn veirum. Vísindamaðurinn veitti því athygli að hann fékk miklu sjaldnar kvef en áður. Öll þessi ár hefðu læknavísindin staðið ráðþrota gegnvart einföldustu kvefpestum, en lausnina hefði verið að finna í bætiefnahillum stórmarkaðanna!

Pauling ritaði heila bók um C-vítamín og kvefpestir, sem vakti heimsathygli. Eftir því sem efnafræðingurinn sökkti sér dýpra í rannsóknir á C-vítamíni, því sannfærðari varð hann um undramáttinn. Pauling taldi líklegt að C-vítamínskortur væri stór orsakavaldur hjartasjúkdóma og að með almennri og stórfelldri neyslu á vítamíninu mætti snarfækka hjartaáföllum. Í bókinni um kvefið, sem út kom árið 1970, stakk hann svo upp á því í framhjáhlaupi að C-vítamín kynni að reynast haldgott í baráttunni við krabbamein.

> „... LAUSNINA HEFÐI VERIÐ AÐ FINNA Í BÆTIEFNAHILLUM STÓRMARKAÐANNA!“

### Baráttan við krabbann

Á upphafsárum áttunda áratugarins varð krabbamein eitt helsta viðfangsefni læknavísindanna á Vesturlöndum. Krabbameinssjúkdómar höfðu löngum verið taldir nær óviðráðanlegir og verkefni lækna helst að draga úr þjáningum sjúklinga og reyna að framlengja líf þeirra örlítið. Nixon-stjórnin lýsti árið 1971 yfir „stríði gegn krabbameini“ og Bandaríkjaþing setti stórfé í rannsóknir á sjúkdómnum. Markmiðið skyldi vera að finna öfluga lækningu á skömmum tíma.

Skoskur vísindamaður, Ewan Cameron, nálgaðist viðfangsefnið á frumlegan hátt. Í stað þess að reyna að uppræta krabbameinsfrumurnar, lét hann sér til hugar koma að reyna að draga úr ágengni þeirra, sem hann taldi skýrast af röngum efnabúskap líkamans. Hann dældi í sjúklinga sína sterum og bætiefnum og komst fljótlega að þeirri niðurstöðu að C-vítamín gæfi besta raun. Tilgátan var hins vegar svo á skjön við allar viðteknar hugmyndir í krabbameinsrannsóknum að engir voru til í að styðja við áframhaldandi rannsóknir og vísindatímarit veigruðu sér við að birta greinar um efnið.

Cameron hafði samband við Linus Pauling sem vildi óður og uppvægur hjálpa. Rannsóknir Skotans á sjúkrahúsi hans í Glasgow lofuðu líka ansi góðu. Sjúklingar með krabbamein á seinni stigum sem tóku inn risaskammta af C-vítamíni lifðu mun lengur en sjúklingar í viðmiðunarhópi. Í einu tilviki virtist krabbameinið hreinlega ganga til baka og sjúklingurinn öðlast fulla heilsu á meðan hann hélt sig við C-vítamíntöflurnar.

Pauling beitti frægð sinni og fræðilegum jafnt sem pólitískum samböndum til að vekja athygli á niðurstöðum Camerons og ekki leið á löngu uns helstu fjölmiðlar komust í málið. Fréttirnar vöktu mikla athygli og þrýstingurinn á læknasamfélagið að staðfesta tilgátuna eða afsanna varð gríðarmikill frá almenningi jafnt sem stjórnmálamönnum.

Vísindamenn við hina virtu Mayo-rannsóknarstofnun í Minnesota tóku að lokum verkefnið að sér. Þeir fóru með gagnrýnum hætti yfir öll gögn rannsóknanna í Skotlandi og bentu á þætti sem kynnu að útskýra niðurstöðurnar. Síðast en ekki síst réðust þeir í klínískar rannsóknir á krabbameinssjúklingum, þar sem helmingur þátttakenda fékk risaskammta af C-vítamíni um nokkurra vikna skeið.

Niðurstöðurnar frá Mayo voru afdráttarlausar. Tvennar rannsóknir leiddu ekki í ljós neinn marktækan mun á milli hópanna, ef eitthvað var farnaðist sjúklingunum með C-vítamínið verr en hinum. Krabbameinsæxli minnkuðu ekkert og dauðastríð beggja hópa varði álíka lengi.

Þeir Pauling og Cameron brugðust ókvæða við niðurstöðunum. Þeir bentu á að kenning Camerons hefði aldrei gengið út á að C-vítamínið upprætti krabbameinið, heldur aðeins að það héldi því niðri, lengdi og bætti líf sjúklinganna. Því sannaði það ekki neitt að mæla stærð á æxlum. Þá hafi sjúklingarnir í úrtakinu verið of veikir og vítamínkúrinn varað of stutt.

Veigamesta gagnrýnin beindist þó að því að allir sjúklingarnir hefðu áður gengist undir annars konar krabbameinsmeðferð, lyfja- og geislameðferð, sem skekkt gæti niðurstöðuna. Mayo-rannsakendurnir bentu á að nær útilokað væri að finna sjúklinga í Bandaríkjunum sem ekki hefðu hlotið slíka meðferð, enda notkun krabbameinslyfja komin mun lengra þar í landi en í Skotlandi.

Til að leiðrétta þessa skekkju var seinni rannsóknin gerð á ristilkrabbameinssjúklingum, sem vísindin kunnu ekki að meðhöndla. Niðurstaðan varð á sömu leið, C-vítamínið gaf engu betri raun. Enn reyndu Pauling og Cameron að þræta og bentu á að lítt hefði verið fylgst með því hvort sjúklingarnir í viðmiðunarhópnum stælust í að taka inn C-vítamín. Þegar hér var komið sögu var vísindasamfélagið hætt að hlusta. Ritstjórar vísindatímarita skelltu í lás og engir fjármunir fengust framar í rannsóknir á samspili C-vítamíns og krabbameins, enda hefðbundnar krabbameinslækningar hvort sem er farnar að gefa miklu betri fyrirheit.

Linus Pauling dó árið 1994, sannfærður fram í andlátið um lækningamátt C-vítamínsins. Í flestum alfræðiritum og kennslubókum er hans þó minnst sem afburðavísindamannsins sem endaði glæstan feril sinn sem skottulæknir með þráhyggju. Það er býsna harður dómur.



ego dekor

# ÚTSALAN ER HAFIN 20-50% AFSLÁTTUR

20%



MAXWELL TUNGUSÓFI
Stærð: 290X173cm
~~Verð: 236.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 188.800,-

20%



CANNON TUNGUSÓFI
Stærð: 260X167cm
~~Verð: 205.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 164.000,-

30%



BERLIN TUNGUSÓFI
Stærð: 300X174cm
~~Verð: 245.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 171.500,-

30%



KENT TUNGUSÓFI
Stærð: 235X165cm -færanleg tunga
~~Verð: 185.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 129.500,-

30%

ALEXA SKENKUR
Breidd: 160cm
~~Verð: 138.000,-~~
ÚTSÖLVERÐ: 96.600,-



30%



ALEXA BORÐSTOFUBORÐ
Stærð: 190X100cm
~~Verð: 99.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 69.300,-

-25%



COE ARMSTÓLL
~~Verð: 118.000,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 88.500,-

-20%



MAX STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 13.520,-

-30%



Opal STÓLL
~~Verð: 16.900,-~~
ÚTSÖLUVERÐ: 11.830,-

Opið mán - fös: 10.00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00 - 16.00 Sun:13 - 16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
**www.egodekor.is**

## Merkisatburðir

**1610** Ítalski stjörnufræðingurinn Galileo Galilei uppgötvar fjögur stærstu tungl Júpíters og nefnir þau.
**1893** Skautafélag Reykjavíkur er stofnað.
**1906** Ungmennafélag Akureyrar, fyrsta ungmennafélag á Íslandi, er stofnað.
**1927** Fyrsta símhringingin yfir Atlantshafið á sér stað þegar hringt er frá New York til London.
**1942** María Markan söngkona er fyrst Íslendinga til að koma fram í aðalhlutverki í Metropolitan-óperunni í New York. Þar syngur hún hlutverk greifafrúarinnar í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart.
**1953** Harry Truman, forseti Bandaríkjanna, tilkynnir að Bandaríkin hafi þróað vetnissprengju.
**1979** Frystihús Ísbjarnarins í Örfirisey er tekið í notkun og talið eitt hið fullkomnasta í heimi.



Guðrún var ung þegar hún las bók þar sem jarðsaga heimsins var rakin frá frumlífsöld og enn er hún heilluð af fræðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gjóskulög eru gagnaskrár

**Guðrún Larsen jarðfræðingur hlaut nýlega heiðursverðlaun úr verðlaunasjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright sem vísindamaður ársins 2016 að viðstöddu öðru fræðafólki.**

„Afi minn, Anton Larsen, kveikti áhuga minn á náttúrunni. Hann var hlynntur náttúruvernd löngu áður en hún var almennt á dagskrá,“ segir Guðrún Larsen jarðfræðingur sem nýlega hlaut heiðursverðlaun úr sjóði Ásu Guðmundsdóttur Wright. Til að hljóta slík verðlaun þarf íslenskur vísindamaður að hafa náð framúrskarandi árangri á sérsviði sínu í vísindum eða fræðum og miðlað þekkingu sinni til framfara í íslensku þjóðfélagi.

Guðrún hefur stundað viðamiklar rannsóknir á gjóskulögum íslenskra eldfjalla. Hún er líka einn af höfundum ritsins Náttúruvá á Íslandi, Eldgos og jarðskjálftar sem Viðlagatryggingar Íslands og Háskóli Íslands gáfu út 2013. Margt fleira er á afrekaskrá hennar – en fyrst að upprunanum.

„Ég er þorpari, uppalin á bökkum Glerár sem þá skildi að Glerárþorp og Akureyri. Við krakkarnir í þorpinu höfðum víðan völl, við höfðum ána, eyrarnar í kringum hana, Glerárgilið, klappirnar, móana og Krossanesbryggjurnar. Svo var Akureyri hinum megin við ána og þar var bíó og þar voru búðir en við þorpararnir höfðum líklega töluvert meira frelsi en krakkarnir sem bjuggu inni á Akureyri.“

Glerkenndu steinarnir sem Gleráin ber fram og dregur nafn sitt af urðu til þess að Guðrún fékk sérstakan áhuga á steinum og þar með jarðfræði. „Þetta er biksteinn, líka kallaður perlusteinn,“ lýsir hún. „Ef það er nóg vatn í þessu gleri þá þenst það út við upphitun. Afi setti svona steina á glóðina í miðstöðvarkatlinum heima, fyrir okkur krakkana, og morguninn eftir voru þeir orðnir að glerfrauði sem flaut á vatni. Þetta þótti okkur merkilegt.“

Hún segir kennarana í Glerárþorpi hafa haldið áhuga krakkanna þar vakandi. „Einn kennarinn sagði okkur frá landrekskenningunni, annar lánaði mér bók eftir Ágúst H. Bjarnason þar sem jarðsaga heimsins var rakin frá frumlífsöld, hana las ég þegar ég var tíu, ellefu ára. Nú eru barnabörnin mín að sækja sér álíka efni á netinu, á ensku.“

Í jarðfræðideild HÍ hafði Guðrún marga góða kennara. „Það var Sigurður Steinþórsson sem leiddi mig inn í gjóskulagarannsóknir. Hann réð mig til að gera kornastærðargreiningar á stóru gjóskulagi sem kallast Hekla 4, það er um 4.300 ára gamalt og féll yfir 4/5 hluta landsins. Það varð BS-verkefnið mitt.“

Hún kveðst hafa notað gjóskulög í tvennum tilgangi. „Sigurður Þórarinsson þróaði gjóskulagatímatal sem notað er um allan heim. Það byggist á því að gjóskulag fellur yfir ákveðið svæði og aldur þess gildir alls staðar þar sem það finnst. Hekla 4 finnst til dæmis víða í Norður-Evrópu og í sjávarseti í Norður-Atlantshafi.

Gjóskulögin er líka hægt að nota til að rekja gossögu einstakra eldfjalla eða heilu eldstöðvakerfanna, að sögn jarðfræðingsins. „Gjóskulög eru gagnaskrár um gosin sem mynda þau. Það er meira að segja hægt að lesa hæð gosmakka út frá þeim,“ upplýsir hún.

„Ég skoðaði líka gjóskulög í jöklinum á sporðum Vatnajökuls með samstarfsmönnum mínum, Magnúsi Tuma Guðmundssyni jarðeðlisfræðingi og Helga Björnssyni jöklafræðingi. Bæði tímasettum við ísinn með því og svo kom líka í ljós að eldvirknin í eldstöðvum undir Vatnajökli gengur í bylgjum og nær hámarki á 130-140 ára fresti.

Við erum á leiðinni inn í næsta hámark sem, miðað við gossöguna síðustu 800 ár, ætti að verða kringum 2030.

Spurð hverju hún sé stoltust af á ferlinum nefnir Guðrún fyrrverandi doktorsnema sína, jarðfræðingana Bergrúnu A. Óladóttur og Esther R. Guðmundsdóttur, nú höfunda margra fræðigreina.

Guðrún var einn af ritstjórum opins vefrits um eldstöðvakerfin á Íslandi, sem eru 32 talsins. Það má finna á vef Veðurstofu Íslands á slóðinni http://icelandicvolcanos.is/. Þar er hún höfundur og meðhöfundur margra kafla.

Nú er Guðrún Larsen jarðfræðingur komin á eftirlaun en er þó hvergi nærri hætt að grúska. **gun@frettabladid.is**

---



✝

Hjartans þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Bjarna J. Einarssonar**
Sléttuvegi 29.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á B4 Landspítala í Fossvogi fyrir kærleiksríka og góða umönnun.

**Sesselja J. Guðmundsdóttir**
**Jóna Bjarnadóttir** **Jón Ingi Ólafsson**
**María Bjarnadóttir** **Hjörtur Gíslason**
**Einar Bjarnason** **Helga Eiríksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sigurður Arnar Ingibjartsson**
húsasmíðameistari,
Flúðaseli 89, Reykjavík,

sem lést laugardaginn 24. desember sl., verður jarðsunginn frá Seljakirkju þriðjudaginn 10. janúar kl. 13.00.

**Signý Steinunn Hauksdóttir**
**Guðjón Arnar Sigurðsson** **Ragnhildur Hallgrímsdóttir**
**Ingunn Jóna Sigurðardóttir** **Vigfús M. Vigfússon**
**og barnabörn.**

---



✝

Elsku yndislegi sonurinn okkar, bróðir og frændi,

**Almar Hrafn Heimisson**

varð bráðkvaddur 28. desember sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 12. janúar 2016 kl. 15.00.

**Gísley Hauksdóttir** **Heimir Stefánsson**
**Stefán R. Heimisson og bróðurbörn.**

---



✝

Ástkær faðir minn og afi,

**Halldór Jónsson**
flugvirki, Dalbraut 14,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 26. desember. Jarðarförin fer fram í Áskirkju þriðjudaginn 10. janúar kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Jóhanna Björk Halldórsdóttir**
**Davíð Bjarki Jóhönnuson**

---

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is

Kristín Ingólfsdóttir
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

---



✝

Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Kristjánsdóttir**
frá Höfn, Dýrafirði,
Lönguhlíð 3, Reykjavík,

andaðist aðfaranótt 31. desember á Landspítalanum, Vífilsstöðum. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 12. janúar klukkan 13.00.

**Ólafur Halldór Georgsson** **María Inga Hannesdóttir**
**Auðun Georg Ólafsson** **Ásta Einarsdóttir**
**Kári Pétur Ólafsson** **Hugrún Birgisdóttir**
**og langömmubörn.**

---



✝

Elskulegur maðurinn minn, ástkær faðir okkar og bróðir,

**Björn Baldursson**
**frá Vigur**

lést á gamlársdag.
Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 14. janúar kl. 14.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Ísafjarðarkirkju.

**Ingunn Ósk Sturludóttir**
**Baldur Björnsson og Snjólaug Ásta Björnsdóttir**
**og systkini hins látna.**



„Ég var dálítið seinn með útgáfuna fyrir jólin, þannig að mín vertíð hefur verið milli hátíðanna og nú í byrjun árs," segir Brynjar Karl. MYND/HILDUR HAUKSDÓTTIR

# Minnir mig á Svartaskóg

**Í bókinni Lífið í Kristnesþorpi eftir Brynjar Karl Óttarsson kennara er sögð saga íbúa í afmörkuðu samfélagi í 90 ár, frá því að berklahæli var vígt að Kristnesi í Eyjafirði 1927.**

„Ég kem örlítið inn á það hvernig lífið var á upphafsárum berklahælisins í Kristnesi þegar dauðinn var þar daglegt brauð, og líka eldsvoðann 1931 þegar efsta hæðin brann. En fyrst og fremst skyggnist ég inn í skemmtilegt og sérstakt samfélag í miðri Eyjafjarðarsveit og skrifa um íbúa þess," segir Brynjar Karl Óttarsson grunnskólakennari um bók sína Lífið í Kristnesþorpi – Frá uppvexti til blómaskeiðs og tilvistarkreppu. Hann segir þar um nálega 100 manna samfélag að ræða, umvafið gróðri. „Það minnir mig svolítið á þættina um sjúkrahúsið í Svartaskógi sem voru í sjónvarpinu á árum áður," segir hann glaðlega.

Brynjar Karl er grunnskólakennari sem eftir fimmtán ár í því starfi tók sér launalaust leyfi í vetur til að skrifa. Þessi nýútkomna bók hans er hliðarafurð af öðru stærra verkefni sem hann hefur unnið að í hálfan annan áratug, það er saga berklasjúklinganna á Kristneshæli. Stefnan er að gefa hana út í haust. „Það verður dramatík," lofar hann.

Þegar ég næ í Brynjar Karl er hann nýkominn frá Húsavík „á bókabílnum", eins og hann kallar heimilisbílinn núna. „Ég var dálítið seinn með útgáfuna fyrir jólin, þannig að mín vertíð hefur verið milli hátíðanna og nú í byrjun árs," segir hann. „Ég stend í þessu einn, skrifa bókina, gef hana út og sé um söluna," bætir hann við og tekur því vel þegar honum er líkt við litlu gulu hænuna.

Sjálfur kveðst Brynjar Karl hafa alist upp í Kristnesþorpi og starfað þar á sumrin í mörg ár við umhirðu lóða, bæði meðan spítalinn var ríkisstofnun og líka eftir að Sjúkrahús Akureyrar tók við rekstrinum 1993. „Þá voru þar enn nokkrir gamlir berklasjúklingar sem höfðu dagað þar uppi og Kristnes orðið heimili þeirra," lýsir hann.



Kristnesspítali er báknið í þorpinu.

**Allt sem ég geri, hvort sem það er í tengslum við skólamál eða bókaútgáfu, tengist sögu og menningu Eyjafjarðar.**

Útgáfufyrirtæki Brynjars Karls, Grenndargralið er sprotafyrirtæki. Undirtitill þess er Gersemar úr sögu og menningu heimabyggðar. Það byrjaði sem skólaþróunarverkefni. „Allt sem ég geri, hvort sem það er í tengslum við skólamál eða bókaútgáfu, tengist sögu og menningu Eyjafjarðar," segir hann. „Markmiðið er að koma á framfæri við almenning öllu því skemmtilega sem saga byggðarinnar okkar býr yfir."

gun@frettabladid.is

---



Ástkær bróðir okkar,

**Kristófer Baldvinsson**

er lést þann 26. desember 2016, verður jarðsunginn þann 9. janúar 2017 í Lindakirkju kl. 13.00.

**Sigríður Bryndís Baldvinsdóttir.**
**Jón Þór Baldvinsson**
**Bryndís Baldvinsdóttir**
**Baldvin Guðmundur Baldvinsson**

---



Ástkær eiginmaður minn, tengdafaðir og afi,

**Sveinn Torfi Þórólfsson**

verkfræðingur,
Þrándheimi,

lést miðvikudaginn 28. desember Útförin fer fram þriðjudaginn 17. janúar kl. 13.00 frá Havsteinskirkju, Þrándheimi.

**Sigríður Erla Gunnarsdóttir**
**Hans Jakob Jakobsen**
**Sigrid Hansdottir Jakobsen og Håkon Hanson Jakobsen**

---



Elskulegur sonur minn,

**Kristófer Hansen Baldvinsson**

verður jarðsunginn frá Lindakirkju mánudaginn 9. janúar kl. 13.

Fyrir hönd aðstandenda,
**Hulda Hansen**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Haraldar Jónssonar**

Austurströnd 10, Seltjarnarnesi.

**Gríma Lalla Sveinbjörnsdóttir**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigríður Gunnarsdóttir**

Kelduhvammi 1, Hafnarfirði,

lést þann 26. desember á hjúkrunarheimilinu Ísafold. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við viljum þakka starfsfólki Ísafoldar fyrir góða umönnun á ævikvöldi hennar.

**Tómas Grétar Sigfússon**
**Gunnar Tómasson** **Elsa Marísdóttir**
**Sigfús Tómasson** **Oddfríður Jónsdóttir**
**Rita Eigminaite**
**Tómas Tómasson** **Kristín Harðardóttir**
**Anna Margrét Tómasdóttir** **Jónas Jónatansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Guðna Þórðar Sigurmundssonar**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Eimskipa, starfsfólk Landspítala, starfsfólk líknardeildar í Kópavogi og Karítas heimahjúkrunar og félagar hans í Oddfellow-reglunni.

**Edda Sveinbjörnsdóttir**
**Karólína Þórunn Guðnadóttir**
**Garðar Guðnason** **Henríetta Fríða Árnadóttir**
**Brynjar Óli Garðarsson**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Grétar Geir Nikulásson**

Sléttuvegi 13, Reykjavík,

lést þann 31. desember á Landakoti. Útför hans fer fram frá Grensáskirkju þriðjudaginn 10. janúar kl. 15.

**Sjöfn Björg Kristinsdóttir**
**Kristinn Hörður Grétarsson** **Guðrún Birna Ólafsdóttir**
**Lárus Rúnar Grétarsson**
**Hrönn Eir Grétarsdóttir** **Þorvaldur Guðjónsson**
**Björg Ýr Grétarsdóttir** **Grétar Árnason**
**Katrín Huld Grétarsdóttir** **Lee Roy Tipton**
**og barnabörn.**

---



Elsku hjartans dóttir mín og systir okkar,

**Ástrós Kristrúnardóttir**

Eyjabakka 28,
Reykjavík,

sem lést 24. desember sl., verður jarðsungin þriðjudaginn 10. janúar nk. frá Fossvogskirkju kl. 15.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á alla starfsemi sem hlúir að eftirmeðferðarstarfi á Íslandi.

**Kristrún Sigþórsdóttir**
**Aron Magnússon**
**Laufey Ólafsdóttir**




*Öll verð eru með afslætti, allar sólarbrottfarir til 31/10 nema um páska.

## KRÓATÍA

NÝR ÁFANGASTAÐUR



**Laguna Istra**

**Frá kr. 78.895 m/morgunverð innifalinn**

Netverð á mann á frá kr. 78.895 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu.
Netverð á mann frá kr. 86.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 7 nætur.

## BIBIONE

NÝR ÁFANGASTAÐUR



**Villaggio Marco Polo**

**Frá kr. 79.245 m/morgunverð innifalinn**

Netverð á mann frá kr. 79.245 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 92.395 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
30. maí í 7 nætur.

## BENIDORM



**Hotel Melia Benidorm**

**Frá kr. 88.330 m/hálft fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 88.330 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 98.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
6. júní í 7 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA



**Hotel Zoraida Beach Resort**

**Frá kr. 96.120 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 96.120 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 119.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
7. júlí í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL



**Aguamarina Apartments**

**Frá kr. 58.295 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 58.295 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í stúdíó.
Netverð á mann frá kr. 76.695 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
28. maí í 7 nætur.

## KRÍT



**Zeus Village Apartments**

**Frá kr. 77.395 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 77.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 93.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
25. maí í 11 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM79391




## ALBIR



**Albir Playa Hotel & Spa**

**Frá kr. 73.320 m/morgunverð innifalinn**

Netverð á mann frá kr. 73.320 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 92.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
13. júní í 7 nætur.

## MALLORCA



**Sol Katmandu Park & Resort**

**Frá kr. 119.195 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 119.195 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 142.095 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
8. júní í 11 nætur.

## SALOU



**Hotels Playa de Oro**

**Frá kr. 49.850 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 49.850 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 62.585 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
30. maí í 9 nætur.

## TENERIFE



**Villa Adeje Beach**

**Frá kr. 88.545 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 88.545 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 102.995 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
24. júní í 7 nætur

## MADEIRA



**Hotel Orquidea**

**Frá kr. 111.195 m/morgunverð innifalinn**

Netverð á mann frá kr. 111.195 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
23. apríl í 11 nætur

## GRAN CANARIA



**Beverly Park**

**Frá kr. 78.565 m/morgunverð innifalinn**

Netverð á mann frá kr. 78.565 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 89.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
17. febrúar í 7 nætur.

Heimsferðir




## BÚDAPEST

Allt að 15.000 kr. afsláttur



### Hotel Star Inn ☺☺☺

**Frá kr. 75.895** m/morgunverði

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi. 20. apríl í 4 nætur..

## PRAG

Allt að 15.000 kr. afsláttur



### NH Hotel Prague ☺☺☺☺

**Frá kr. 79.695** m/morgunverði

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi. 27. apríl í 4 nætur

## RÓM

Allt að 15.000 kr. afsláttur



### Hotel San Remo ☺☺☺

**Frá kr. 97.495** m/morgunverði

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna í herbergi. 27. apríl í 4 nætur

## AUSTURRÍKI

Allt að 20.000 kr. afsláttur



### Skihotel Speiereck ☺☺☺

**Frá kr. 121.745** m/hálfu fæði

Netverð á mann frá kr. 121.745 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb. Netverð á mann frá kr. 143.995 m.v. 2 fullorðna í herb. 25. febrúar í 7 nætur.

## TÖFRAR PORTO



Einstaklega skemmtileg sérferð þar sem við kynnumst mörgum af áhugaverðustu stöðum landsins en margir þeirra eru á heimsminjaskrá UNESCO.

### Hotel ☺☺☺☺

**Frá kr. 221.995**
**m/morgunverði ofl.**

Netverð á mann frá kr. 221.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 4. júní í 7 nætur.



## UPPLIFÐU MALAGA



Áhugaverð sérferð til Malaga sem sl. ár hefur fengið ferskan og fallegan blæ með tilkomu nýstárlegra bygginga sem gefa borginni nýjan og glæsilegan brag í bland við eldri byggingar.

### Hotel ☺☺☺☺

**Frá kr. 179.995**
**m/morgunverði ofl.**

Netverð á mann frá kr. 179.995 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 10. september í 7 nætur.



Heimsferðir

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SIA • NM79430

## Konráð og félagar á ferð og flugi 231

Bragi Halldórsson

„Þvílík þraut,“ stundi Kata. „Það fer bara allt að hringsnúast fyrir augunum á mér við það að horfa á hana. Konráð varð að viðurkenna að hann fékk smá svima við að horfa á þrautina. En Lísaloppa lét sér ekkert bregða. „Þrautin er þessi, sagði hún. „Annar spírallinn er búinn til úr einu reipi sem er fest saman á endunum, en hinn spírallinn er búin til úr tveimur reipum sem fest eru saman á endunum,“ bætti hún við. „Hvor spírallinn er settur saman úr tveimur reipum?“ Kata tók um magann. „Þið megið leysa þessa þraut, ég er komin með svima.“

Getur þú séð hvor spírallinn er settur saman úr tveimur reipum?





Svar: Spírallinn sem er hægra megin er búinn til úr tveimur reipum

## Brandari

Benni var í sex ára bekk og einn daginn spurði Guðrún kennari hann: „Ef ég gef þér fyrst tvær kanínur, svo aftur tvær og síðan tvær í viðbót, hvað áttu þá margar?“

„Þetta er auðvelt,“ sagði Benni brosandi. „Þá á ég sjö.“

**Guðrún reyndi aftur:** „Sjáðu til, Benni minn, tvær kanínur, plús tvær kanínur, plús tvær. Hvað áttu þá margar alls?“

„Sjö,“ endurtók Benni hinn hróðugasti.

„Reynum þetta á annan hátt,“ sagði Guðrún. „Ef ég gef þér tvær kókflöskur, síðan tvær í viðbót og enn aðrar tvær, hvað áttu þá margar kókflöskur?“

„Sex flöskur,“ svaraði Benni, hátt og snjallt.

„Rétt,“ sagði Guðrún. „Hugsaðu nú um kanínurnar. Ef ég gef þér tvær, aftur tvær og enn aftur tvær, hvað áttu þá margar kanínur?“

„Sjö.“

„Hvers vegna segir þú sjö?“ spurði Guðrún frekar óþolinmóð.

„Vegna þess að ég á eina kanínu heima,“ svaraði Benni.

Okkar sérsvið er
Háræðaslitsmeðferðir
andlit - háls - bringa - hendur




og demantshúðslípun.
Húðin verður þéttari, mýkri, hreinni og unglegri.




Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com



Ester María hjálpaði til að skreyta fyrir jólin bæði úti og inni. Hér er hún með skraut sem hún gerði sjálf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Prumpuslímið var sniðugasta gjöfin

**Ester María Óskarsdóttir** er fjögurra ára og hefur skemmt sér vel um jólin og áramótin enda fylgja þeim bæði pakkar og flugeldar.

Ester María á heima í Hafnarfirði og er í leikskólanum Hörðuvöllum. Hún skemmti sér vel á jólunum og fékk marga góða pakka til að opna. En hvað var mest spennandi af því sem kom úr pökkunum?

Prumpuslímið var sniðugasta gjöfin!

**Hvað heitir uppáhalds jólasveinninn þinn?** Kertasníkir því hann gaf mér kisugalla.

**Kanntu einhver jólalög?** Já, (og byrjar að syngja Í skóginum stóð kofi einn og síðan Göngum við í kringum einiberjarunn).

**Hvað fannst þér um flugeldana á gamlárskvöld?** Mér fannst þeir rosa flottir. Við sprengdum helling.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að fá mér ís og setja seríur á húsið. **Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór?** Mig langar að syngja.

## Listaverk

Þessi tveir jólasveinar urðu með þeim síðustu að koma sér til fjalla.



Mynd/Gunnþóra Rós Gunnarsdóttir




Mynd/Emil Björn Kárason

*— Mánudagstilboð —*

# STÆRÐIN SKIPTIR EKKI MÁLI

ALLIR **DD** DRYKKIR Á **399** KR.



*— Miðvikudagstilboð —*



**30%** AFSLÁTTUR AF
6 HRINGJUM Í KASSA

*— Beyglur —*



ALLAR BEYGLUR
Á **599 KR.**

Á Dunkin' Donuts eru nýir hringir í borðinu allan daginn, alla daga. Þeir eru fullkomnir með ilmandi kaffi úr nýmöluðum gæðabaunum. Sestu niður og eigðu góða stund á kaffihúsum Dunkin' Donuts.

Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9 | Fitjar | Leifsstöð

DUNKIN' DONUTS®

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag kólnar aftur í veðri með suðvestanátt á öllu landinu, yfirleitt 8-13 en hvassari á stöku stað. Él um landið vestanvert og samfelldari ofankoma með kvöldinu en úrkomulítið austanlands.

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 0° | Oslo 0° | Stokkhólmur -2° | Gautaborg 3° | Helsinki -1° | Þórshöfn 8° | Nuuk -7° |
| London 9° | Amsterdam 3° | Paris 1° | Berlin -4° | Madrid 6° | Brussel -1° | Róm 2° |
| Boston -6° | New York -5° | Orlando 20° | Moskva -29° | Singapúr 28° | Tókýó 2° | Sydney 21° |

### Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **12.59** | **7.14** |
| 3,31m | 1,29m |
| **1.30** | **7.55** |
| 3,32m | 1,10m |
| **Akureyri** | |
| **5.19** | **11.28** |
| 1,32m | 0,55m |
| **5.36** | **11.48** |
| 1,21m | 0,44m |
| **Ísafjörður** | |
| **3.04** | **9.24** |
| 1,79m | 0,77m |
| **3.31** | **10.05** |
| 1,87m | 0,59m |

Tunglstaða.

59%

Sólarupprás.
11.10

Sólarlag.
3.57

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↖10 | 1° ↓13 | 4° ↗11 | -1° ↓1 | -4° ←8 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -1° ↗8 | -5° ↙12 | -0° ↗10 | -7° ↙5 | -5° ↙19 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↗10 | -2° ↓12 | -1° ↗11 | -5° ↘8 | -15° ←3 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -2° ↑4 | -0° ↓16 | -1° ↑11 | -5° ↘13 | -9° ↓3 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| -0° ←4 | -0° ↓8 | -0° ↘1 | -5° ↘10 | -5° ↙7 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman










# HUGAÐU AÐ HEILSUNNI

**FROOSH**
ALLAR TEGUNDIR
299 KR
250ML

**TOPPUR**
ALLAR TEGUNDIR
99 KR
500ML

**4x TOPPUR**
KOLSÝRT OG SÍTRÓNU
599 KR
4 x 2L

**HÁMARK 3PK**
ALLAR TEGUNDIR
499
3x250ML

**BAI**
KIRSUB. ANANAS, BLÓÐ APPELS.
329 KR
355ML

**MAMMA CHIA**
ALLAR TEGUNDIR
249 KR
99G

**NATURFRISK**
GINGER ALE GOS
229
250ML

**NAKD**
KAKÓ, KAFFI, KASJÚHNETU
129 KR
35G

**CLIPPER**
VERÐ FRÁ
299 KR
ALLAR TEGUNDIR

**KRISTALL**
LÍMÓNU OG JARÐARBERJA
99 KR
500ML

**ISOLA**
MÖNDLUMJÓLK
399 KR
1L

**AMINO ENERGY**
FÆÐUBÓTAREFNI
2.699 KR
ALLAR TEGUNDIR

**NOW**
ALLAR TEGUNDIR
20%
AFSLÁTTUR

**MAÍSKÖKUR**
HIMNESK HOLLUSTA
149 KR
120G

**RÍSKÖKUR**
HIMNESK HOLLUSTA
229 KR
100G

**WEETABIX**
24 STK
399 KR
430G

OPIÐ 24 TÍMA

Netgíró
Betri leið til að borga

Iceland

**OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN**
**ICELAND, ENGIHJALLA,**
**VESTURBERGI OG ARNARBAKKA**

TÖKUVÉLAR HEIMASÍMAR
HLJÓMTÆKI BLUETOOTH HEYRNARTÓL
DIKTAFÓNAR ÚTVARPSVEKJARAR
PLÖTUSPILARAR MAGNARAR

# ÚTS

## ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR

ÚTVARPSVEKJARAR HEYRNARTÓL
GEISLASPILARAR BÍLGRÆJUR
MYNDAVÉLAR HÁTALARAR
SJÓNAUKAR

LG PHILIPS THOMSON Panasonic
YAMAHA KENWOOD Nikon AKG UNITED EPSON JBL
harman/kardon OLYMPUS Dantax tasco FINLUX JVC

LED SJÓNVÖRP
58" SJÓNVÖRP
24" LÍTIL SJÓNVÖRP
98" STÓR SJÓNVÖRP
32" SJÓNVÖRP
49" SJÓNVÖRP
43" SJÓNVÖRP
50" SJÓNVÖRP
55" SJÓNVÖRP
60" SJÓNVÖRP

# ALA

## ALLT AÐ 66% AFSLÁTTUR

65" STÓR SJÓNVÖRP
40" SJÓNVÖRP
22" SJÓNVÖRP
SKJÁVARPAR
HEIMABÍÓ
DVD SPILARAR
BLU-RAY SPILARAR
BLUETOOTH HÁTALARAR

OPIÐ VIRKA DAGA 9-18 OG LAUGARDAGA 11-16 | SJÁIÐ ÖLL TILBOÐIN Á SM.IS

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

# Eins og tónlist án alls texta

**Jelena Antic myndlistarkona segir að hér hafi henni verið vel tekið og í vikunni opnaði hún sína fyrstu einkasýningu.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Jelena Antic er myndlistarmaður frá Belgrad í Serbíu en hún hefur nú búið og starfað á Íslandi í eitt ár. Síðastliðinn fimmtudag opnaði Jelena sína fyrstu einkasýningu á Íslandi en hún á að baki fjórar einkasýningar erlendis og hefur að auki tekið þátt í fjölda samsýninga. Sýning Jelenu er í SÍM Gallerii í Hafnarstræti og stendur til 24. janúar.

## Vel tekið

Spurð hvað hefði orðið til þess að hún er nú búsett á Íslandi segir Jelena einfaldlega: „Ég gifti mig“ og hlær svo glaðlega. „Þetta er auðvitað besta ástæðan til þess að skipta um land; ástin. Eiginmaður minn er íslenskur ríkisborgari og bjó hér í tæp tuttugu ár. Ég hitti hann svo í Serbíu þaðan sem hann er líka og eftir að við giftum okkur þá fórum við að skoða ýmsa möguleika. Skoða hvar við gætum fengið vinnu og hvar okkur langaði til þess að setjast að.



Passion and joy, 80x60 cm, acrylic on canvas, 2016.

> **ALLIR VIRÐAST VERA SKYLDIR EÐA TENGDIR MEÐ EINUM EÐA ÖÐRUM HÆTTI EN SAMT VAR GOTT AÐ VERA UTANAÐKOMANDI.**

Við pældum í því að flytjast til Danmerkur og fleiri möguleikar voru í stöðunni. En Ísland varð fyrir valinu og við sjáum ekki eftir því. Hér reyndist auðvelt fyrir mig að fá vinnu við hæfi og að auki þá komst ég strax inn í Samband íslenskra myndlistarmanna sem hefur reynst mér ákaflega vel. Meistaragráðan mín var strax viðurkennd og mér fannst strax að allt sem ég hafði gert og allt sem ég gerði væri metið að verðleikum. Það var mjög gott enda gladdi þetta mig mikið og ég vona að Íslendingar viti að ég er þakklát fyrir það hvað mér hefur verið vel tekið.

Þegar ég kom þá þekkti ég engan og það er dálítið sérstakt þegar maður kemur inn í samfélag þar sem allir virðast þekkja alla. Allir virðast



Jelena Antic, myndlistarkona á sýningu sinni í SÍM gallerí sem opnaði í vikunni.
FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

ÚTSALA!
30% AFSLÁTTUR
50% AFSLÁTTUR
70% AFSLÁTTUR
INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 18. SUN. 13 - 17.
INTERSPORT SELFOSSI / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
SPORT TO THE PEOPLE
INTERSPORT®

# Trump og Schwarzenegger rífast á Twitter

Donald Trump hraunar yfir frammistöðu repúblikanans og leikarans Arnolds Schwarzenegger í þættinum Celebrity Apprentice en Donald Trump var eins og flestir vita stjórnandi þáttarins hér áður fyrr.

Eftir að hafa horft á fyrsta þáttinn skellti forseti Bandaríkjanna sér á Twitter og hellti úr skálum reiði sinnar yfir Arnold en hann sagði meðal annars: „Arnold var gjörsamlega rústað í samanburði við vinsælda-maskínuna DJT,“ en með DJT á Trump við sjálfan sig.

Trump hélt áfram en þessi skoðun hans virðist þó mikið frekar hafa verið innblásin af pólitískum ágreiningi frekar en einhverjum listrænum metnaði enda endar Trump reiðilesturinn á orðunum: „Hverjum er ekki sama, hann studdi Kasich og Hillary,“ og á þar við mótherja sína í pólitík.

Arnold svaraði nú að sjálfsögðu þessum tístum frá Donald Trump og gerði það af töluverðri yfirvegun að því er virðist og sagði: „Ég óska þér velgengni í starfi og ég vona að þú munir vinna fyrir ALLA í Bandaríkjunum jafn mikið og þú vannst fyrir áhorfinu þínu.“

**ÉG ÓSKA ÞÉR VELGENGNI Í STARFI OG ÉG VONA AÐ ÞÚ MUNIR VINNA FYRIR ALLA Í BANDARÍKJUNUM JAFN MIKIÐ OG ÞÚ VANNST FYRIR ÁHORFINU ÞÍNU**

Hann Arnold var þó ekki hættur en hann tísti líka eftirfarandi: „Það er ekkert mikilvægara en sú vinna sem fólk sinnir. Þýðing – þú ættir ekki að vera að flækja þig í deilum um áhorf.“



Donald Trump

**ÉG VILDI MIKLU FREMUR TJÁ TILFINNINGU OG KREFJA FÓLK UM AÐ FINNA EITTHVAÐ NÝTT OG JAFNVEL EITTHVAÐ ANNAÐ EN ÉG FINN OG UPPLIFI.**

vera skyldir eða tengdir með einum eða öðrum hætti en samt var gott að vera utanaðkomandi. En svo kemur vonandi að því líka að ég þekki alla,“ segir Jelena og hlær.

**Kröftugt starf**

Jelena lærði í Belgrad og strax í menntaskóla hafði hún mikinn áhuga á hönnun og myndlist. Hún lauk menntaskólaprófi í grafískri hönnun og fór þaðan í listaskóla til þess að læra að mála. Hún hélt því námi áfram og tók meistaragráðu í myndlist en hún segir að það sé erfitt að vera myndlistarmaður í Serbíu. „Eftir ákveðinn tíma þá fannst mér ég vera tilbúin til þess að gera eitthvað annað til þess að hafa í mig og á. Ég sneri mér því aftur að grafískri hönnun og lærði líka að forrita fyrir heimasíður og hellti mér út í að búa til fullt af heimasíðum fyrir hina og þessa aðila.

Þessi þekking og reynsla varð svo til þess að ég gat fengið vinnu við það þegar ég fluttist hingað og núna starfa ég sem viðmótsforritari og hef gert í tæpt ár. Ég reyni þó að sinna myndlistinni öllum stundum.“ Jelena segir að það sé ekkert endilega gjörólíkt að vera myndlistarmaður á Íslandi en í Serbíu en að munurinn liggi eiginlega í því hversu kröftugt myndlistarstarfið er á Íslandi.

**Vil tjá tilfinningu**

Jelena málar abstrakt myndir og hún segir að það eigi sér sína sögu. „Þetta er allt ákveðið ferli. Maður fer í skóla og þeir byrja á því að kenna manni að teikna líkamann og landslag og allt þetta sem byggir á nákvæmni og gríðarlegri æfingu. Síðan er maður látinn mála eins og gömlu meistararnir og það er líka mikið ferli. En svo kemur að því að maður verður helst að gleyma öllu sem maður hefur lært og finna sína eigin leið. Finna sitt málverk.

